FRÉTTABLAÐIÐ

221. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 2020



Erik Hamrén og Freyr Alexandersson fengu að fylgjast með leik gærkvöldsins úr lokaðri stúku á Laugardalsvelli þegar Strákarnir okkar töpuðu 1-2 gegn Belgíu. Smit innan starfsteymis landsliðsins setti allt í uppnám í aðdraganda leiksins og þjálfarateymið í sóttkví. Það voru því ný andlit á hliðarlínunni á Laugardalsvelli í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Knúsið þvert á reglur UEFA

Þorgrímur Þráinsson var ekki á skýrslu gegn Rúmeníu og Dönum og mátti því ekki stíga inn á völlinn í leikslok, samkvæmt reglum UEFA. Erik Hamrén fékk að yfirgefa sóttkví og horfa á leikinn gegn Belgum.

FÓTBOLTI Þorgrímur Þráinsson var ekki á leikskýrslu Íslands og var honum því óheimilt að koma inn á völlinn eftir leik Íslands gegn Rúmeníu og Danmörku. Þorgrímur var á dögunum greindur með COVID-19 og eru tólf einstaklingar í þjálfarateymi Íslands í sóttkví.

Samkvæmt reglum UEFA og íslenskum reglum sem KSÍ vinnur eftir er starfsmönnum landsliðsins og leikmönnum ekki heimilt að knúsast og faðmast eftir leiki. Þó að ekki ekki minnst á það berum orðum í reglugerð UEFA stendur að starfsmenn sem eru ekki á skýrslu eigi ekki að fara inn á völlinn.

Þorgrímur braut því reglur UEFA með því að arka inn á völlinn og knúsa þar leikmenn, grímulaus.

Samkvæmt reglum UEFA á að vera algjör aðskilnaður á milli leikmanna og starfsmanna. Í gleðinni eftir Rúmeníuleikinn fuku þó allar reglur út um gluggann og örkuðu Þorgrímur og Magnús Gylfason, formaður landsliðsnefndarinnar, inn á völlinn til að samgleðjast landsliðinu. Magnús var þó með grímu.

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að á skýrslu megi vera 11 starfsmenn sem landsliðið fullnýti. Fyrir utan þessa 11 er síðan svæði sem kallast Technical additional seats, sem er misjafnt hversu mikið KSÍ nýtir, en UEFA leyfir 45 manns. „Í sóttkví fóru allir þeir sem voru á skýrslu, plús sá starfsmaður sem sér um tækniupptökur og leikgreiningavinnslu.“ Klara var ekki með það á hreinu hvort aðrar reglur giltu um þá sem væru á skýrslu eða ekki.



Þorgrímur faðmar leikmann í andstöðu við reglur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KSÍ þurfti að hafa snör handtök vegna smitsins og skipa nýtt starfslið. Arnar Þór Viðarsson stýrði íslenska landsliðinu í gær ásamt Davíð Snorra Jónassyni.

Þrátt fyrir að vera í sóttkví mátti Erik Hamrén landsliðsþjálfari horfa á leikinn úr glerbúri, efst í stúkunni. Arnar fór í svokallaða vinnusóttkví og mátti því vera á Laugardalsvelli sem er svokallað skilgreint svæði. Belgíski hópurinn, dómararnir og eftirlitsmenn UEFA féllu undir sömu skilgreiningu. – bb


Ráðum ekki við fylgikostnað hjarðónæmis

COVID-19 Allt að 3.000 einstaklingar á Íslandi myndu greinast með COVID-19 daglega seinni hluta nóvembermánaðar ef engar sóttvarnaaðgerðir væru í gangi hér á landi. Þetta kemur fram í aðsendri grein Ölmu D. Möller landlæknis, Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis og Víðis Reynissonar yfirlögregluþjóns í blaði dagsins.

Í greininni rökstyðja þau núverandi aðgerðir og taka fram að heilbrigðiskerfið myndi engan veginn ráða við fjöldann ef veiran fengi að geisa óáreitt á Íslandi. Neikvæð langtímaáhrif sóttvarnaaðgerða á lýðheilsu gætu þó einnig reynst alvarleg ef aðgerðir eru of harðar. Það er því mikilvægt að halda áfram að gæta sóttvarna og leita að meðalvegi harðra aðgerða og frelsis til daglegs lífs. Sjá síðu 20



Veður



Suðaustlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og víða léttskýjað í dag, en hvassara og sums staðar væta við S-ströndina. Hiti 2 til 9 stig í dag.
SJÁ SÍÐU 26

Umræða á þingi um aðgerðirnar á mánudaginn

STJÓRNMÁL Forsætisráðherra verður frummælandi í sérstakri umræðu á Alþingi á mánudaginn um sóttvarnaaðgerðir, valdheimildir heilbrigðisráðherra samkvæmt sóttvarnalögum með hliðsjón af mannréttindaákvæðum í stjórnarskrá og alþjóðasamningum.

Töluverð umræða hefur verið í samfélaginu um þörf fyrir aðkomu kjörinna fulltrúa á Alþingi að sóttvarnaaðgerðum og takmörkunum á réttindum borgaranna vegna þeirra.


Bréf forsætisráðherra týndist í þinginu og var ekki svarað fyrr en boð hennar um umræðu var ítrekað.

„Ég bauð þinginu í síðustu viku að ég eða heilbrigðisráðherra flyttum þinginu skýrslu um álitsgerð Páls Hreinssonar," segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og vísar til álitsgerðar Páls um sóttvarnalögin og mannréttindaákvæði sem birt var á vef stjórnarráðsins í lok síðasta mánaðar.

Katrín segir að boði hennar til þingsins hafi ekki verið svarað fyrr en hún hafði orð á því í óundirbúnum fyrirspurnartíma á mánudaginn. Þá kom í ljós að erindið, sem var sent með bréfapósti frá stjórnarráðinu til þingsins, hafði týnst í þinginu og ekki fengið neina afgreiðslu, en boðleiðir virðast hafa riðlast vegna fjarvinnu starfsmanna þingsins.

Þingið hefur nú þekkst boð forsætisráðherra um umræðu í þinginu um þetta málefni sem brennur á mörgum og fer umræðan fram á mánudaginn. **– aá**

Tákn kveður Arnarhvol



Listaverkið Tákn eftir Steinunni Þórarinsdóttur var fjarlægt af þakbrún Arnarhvols í gær. Verkið sýndi ellefu mannverur í líkamsstærð og hefur hlotið mikla athygli frá því það var sett upp í maí í fyrra. Virðing þess við tveggja metra regluna hefur ekki síður vakið athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðherra verður í leyfi út vikuna

STJÓRNMÁL Leyfi sem Svandís Svavarsdóttir tók frá störfum heilbrigðisráðherra 7. október síðastliðinn lýkur í dag, ef marka má tilkynningu stjórnarráðsins sama dag og Guðmundur Ingi Guðbrandsson tók tímabundið við skyldum hennar.



Svandís Svavarsdóttir

Aðspurð um endurkomu Svandísar, segir forsætisráðherra að miðað hafi verið við að Svandís yrði í leyfi út þessa viku. Forsetaúrskurður þessa efnis hafi verið ódagsettur, en frétt stjórnarráðsins einhverra hluta vegna tiltekið þessa dagsetningu.

Að óbreyttu kemur Svandís því aftur til starfa næsta mánudag. **– aá**



Hin íslenska Costco komin á lista Brown

Andrea Brown stefnir að því að heimsækja Costco-verslanir í öllum löndum. Ferðalagið hófst fyrir fimm árum og fyrr á þessu ári heimsótti hún verslunina í Garðabæ. Andrea varð sólgin í íslenskan lakkrís í heimsókninni til landsins.

SAMFÉLAG Bandaríski blaðamaðurinn Andrea Brown stefnir á að heimsækja Costco-verslanir í öllum löndum þar sem þær eru. Hún kom hingað til Íslands skömmu áður en COVID-19 faraldurinn skall á og heimsótti vitaskuld Costco-verslunina í Garðabæ.

Andrea er frá bænum Everett í norðurhluta Washingtonfylkis, skammt frá landamærum Kanada, og skrifar fyrir bæjarblaðið Heraldnet. En Washington er einmitt heimafylki Costco. Í sýslunni sem hún býr í búa um 700 þúsund manns og þar eru fimm Costco-verslanir og sú sjötta á leiðinni. „Þetta er hluti af lífinu hér," segir Andrea.

Costco-skoðun hennar hófst fyrir um fimm árum þegar hún var á ferðalagi með öðrum blaðamönnum í Suður-Kóreu. „Okkur var boðið að skoða alls kyns ríkisstofnanir og sjónvarpsstöðvar. Síðan vorum við spurð hvert við vildum fara og ég sagði Costco!" segir hún og hlær. „Nokkur okkar fórum og höfðum svo gaman. Þá ákvað ég að ná öllum löndum."

Verslunin var ekki aðalástæðan fyrir því að Andrea kom hingað til Íslands með fjölskyldu sinni, heldur var það til þess að njóta þess sem landið hefur upp á að bjóða. „Fjögur úr minni fjölskyldu komu með og þau vildu ekki fara í Costco. En þau gerðu það af því að þau vissu að ég myndi ekki hætta að suða um það," segir hún.

Andrea segir útlitið og úrvalið nokkurn veginn sambærilegt við aðrar Costco-verslanir sem hún hefur heimsótt. Fólk gangandi um



Andrea Brown hefur stúderað Costco-verslanir í fimm ár. MYND/AÐSEND

Þetta er hluti af lífinu hér.

Andrea Brown

með stórar kerrur með stæðum af Kirkland-klósettpappír. Verðið sé hins vegar nokkuð hærra hér á landi, til dæmis pylsurnar sem eru tvöfalt dýrari. Þá rakst hún einnig á það að geta ekki keypt áfengi eins og annars staðar.

Þrátt fyrir að vera komin langt að keypti hún ekki mikið í versluninni. En varð þó til dæmis að kippa með Starbucks-kaffi, sem er annað stolt Washingtonfylkis. Ólíkt flestum útlendingum segist hún hafa orðið sólgin í íslenskan lakkrís en lýsið hafi valdið vonbrigðum. „Hvernig fáið þið börn til að drekka þennan óþverra?" spyr hún á léttu nótunum.

Eins og hjá flestum hefur heimsfaraldurinn hamlað ferðaplönum hennar og skoðun fleiri Costco-búða. Hún stefnir þó á að heimsækja Costco í Bretlandi næst. Einnig að heimsækja Ísland aftur.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

blómaval

Hausterikurnar á enn betra verði



3 stk.
999 kr/3 stk.
~~1.797 kr/3 stk.~~

Októbertilboð

Októberstjarna
Nýtt í Blómavali



1.990 kr
Falleg Októberstjarna J'adore
12 cm pottur.



Afmælisvöndur Blómavals
4.990 kr
~~6.990 kr~~



7.890 kr
~~12.585 kr~~
Handlaugartæki
GROHE EcoJoy með push-up tækni.
7910881



12.490 kr
~~18.465 kr~~
Eldhústæki
GROHE StarLight, króm.
7911066



11.995 kr
~~15.995 kr~~
Hleðsluborvél
18V, rafhlaða 1.5Ah, hersla 37Nm, Led ljós.
5245573



9.445 kr
~~13.495 kr~~
Topplyklasett
NEO 1/2", 23 stk.
90T skrall. 5052521







99.990 kr
~~110.990 kr~~
Þvottavél 8 kg, 1600 sn. L7FEE68S
Með kolalausum mótor, ellefu þvottakerfi.
1860501

Við erum öll
Almanna-varnir
Förum varlega



20%
afsláttur
af allri LADY innimálningu

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Ríkið þarf að koma að rekstri Strætós vegna áhrifa faraldursins

SAMGÖNGUR „Við gerum ráð fyrir að tekjurnar verði 700-800 milljónum minni á árinu," segir Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætós, en viðræður eru hafnar við ríkið um að það komi með fjárframlag til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu vegna þess ástands sem nú er uppi af völdum COVID-19 faraldursins.

Á eigendafundi Strætós í byrjun mánaðar kynnti Jóhannes spá stjórnar um rekstrarafkomu ársins 2020, áætlaða sjóðsstöðu í árslok, fyrirliggjandi forsendur stjórnar vegna rekstrarársins og sjóðsstreymisgreiningu KPMG sem unnin var fyrir stjórn Strætós að beiðni Jóhannesar. Rætt var hvernig bregðast mætti við áætlaðri neikvæðri sjóðsstöðu á fyrsta ársfjórðungi 2021 og áætlaðri þörf félagsins fyrir aukið fjárframlag vegna tekjufalls yfirstandandi árs og jafnvel næstu ára af völdum faraldursins.



Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætós

Ljóst er að Strætó stendur frammi fyrir töluverðu tekjufalli vegna faraldursins, áhrifin vara lengur en í fyrstu var talið og tekjufallið hefur veruleg áhrif á sjóðsstreymi félagsins ásamt því að vagnaflotinn er kominn töluvert til ára sinna.

„Við frestuðum öllum fjárfestingum til að eiga peninga í sjóði til að greiða reikninga," segir Jóhannes. Fyrir fundinum lá tillaga um hækkun einstakra vöruflokka í gjaldskrá Strætós vegna rekstrarársins 2021 sem stjórnin samþykkti. Meðaltalshækkun er í um 2,6 prósent. **– bb**



Gamla símkerfið verður aflagt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fjarskipti trygg í Skaftárhreppi

FJARSKIPTI Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps, segir að sveitarfélaginu hafi nú borist þau svör að fjarskiptasamband verði áfram tryggt þar á svæðinu.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu síðastliðinn laugardag lýsti sveitarstjórn Skaftárhrepps áhyggjum af öryggi símasambands eftir að hætt verður að veita þjónustu um gamla koparlínukerfið eftir mánuð.

„Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar brást hratt við fyrirspurn sveitarfélagsins þar sem hann lýsir því yfir að fjarskiptasamband í Skaftártungu verði tryggt með uppsetningu varaafls í fjarskiptahúsi í samræmi við skýringar Póst- og fjarskiptastofnunar," segir sveitarstjórinn, sem kveðst þakka PFS fyrir að hafa nú svarað erindi sveitarstjórnarinnar frá því í nóvember 2019. „Og enn fremur skjót viðbrögð Neyðarlínunnar í málinu." **– gar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Árangurinn sést ekki strax

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segist reikna með að daglegar tölur um smit verði áfram svipaðar næstu daga. Þórólfur telur að veiran sé komin til að vera í íslensku samfélagi þar til bóluefni finnst.

COVID-19 „Við verðum, held ég, í þessum sporum þangað til við fáum bóluefni," segir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, aðspurður um það hverju landsmenn megi búast við í þróun kórónaveirufaraldursins á næstu vikum. Hann segir ekki öruggt að bóluefni muni finnast en telur það líklegt. „Það eru um tíu framleiðendur í endastigsrannsóknum á bóluefni og við verðum bara að vona að niðurstöðurnar verði gott og öruggt bóluefni sem virki."

Þá segir hann nánast öruggt að Íslendingar fái bóluefni, verði það að veruleika. „Það er eins öruggt og hægt er að segja, því að við erum í samstarfi við Evrópusambandið sem er búið að gera samninga við nokkuð marga framleiðendur svo ég held að það sé ekki hægt að vera tryggari," segir Þórólfur.

Spurður að því hvort líkur séu á að hægt sé að smitast oftar en einu sinni af COVID-19 segir Þórólfur það ólíklegt. „Það eru bara mjög fá dæmi um það og utan úr heimi eru engar stórar fréttir um það," segir hann. „Auðvitað getur það gerst að einhver af þessum 35-36 milljónum sem hafa smitast myndi ekki fullkomið ónæmissvar og geti þá smitast aftur, en það er algjör undantekning."

Í gær voru 1.132 einstaklingar í einangrun með virkt kórónaveirusmit hér á landi, en aldrei fyrr hafa verið jafnmörg virk smit hérlendis. Þann 5. apríl, þegar mest lét í fyrstu bylgju faraldursins, voru 1.096 einstaklingar í einangrun. Síðastliðna daga hafa á bilinu 80-90 greinst með smit hér á landi og segir Þórólfur að búast megi við svipuðum fjölda næstu daga. „Faraldurinn er öðruvísi núna og það er erfiðara að ná utan um hann," segir hann. „Ég hugsa að það muni taka einhvern tíma að ná þessu niður, jafnvel einhverjar vikur," bætir hann við.



Þórólfur sóttvarnalæknir telur þjóðina þurfa að lifa með faraldrinum þar til bóluefni kemur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Ég hugsa að það muni taka einhvern tíma að ná þessu niður, jafnvel einhverjar vikur.**
>
> Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

Hann segir árangur þeirra aðgerða sem gripið var til í síðustu viku, þegar samkomutakmarkanir voru meðal annars miðaðar við 20 manns, ekki sjáanlegar strax. Mikilvægt sé að almenningur fylgi þeim tilmælum sem sett eru, það hvort slökun verði á tilmælum byggist mikið á hegðun almennings.

„Það skiptir höfuðmáli að almenningur sé með okkur í þessu og hafi úthald til þess að passa sig á þessum atriðum sem við erum alltaf að hamra á," segir Þórólfur og á þar við einstaklingsbundnar sóttvarnir, svo sem handþvott, sprittun, fjarlægðar- og samkomutakmarkanir. „Það skiptir engu máli hvað við segjum eða hvað við ákveðum að gera, ef almenningur tekur ekki þátt þá gerist ekki neitt," segir hann.

Hertar sóttvarnaaðgerðir tóku gildi hér á landi þann 8. október síðastliðinn og var þeim ætlað að standa í tvær vikur. Þann 19. október má því búast við nýjum tilmælum frá heilbrigðisráðherra er varða sóttvarnir. Í gær vann sóttvarnalæknir að gerð minnisblaðs til heilbrigðisráðherra þar sem hann setur fram tillögur sínar um þær sóttvarnaaðgerðir sem taka skuli gildi þann dag.

Í samtali við Fréttablaðið vildi Þórólfur ekki tjá sig um smáatriði minnisblaðsins en sagði ekki mikið ráðrúm til að slaka á aðgerðum. „Ef menn færu að gera það á meðan fjöldi smita á hverjum degi er svona hár og stöðugur myndum við líklega sjá aukningu í faraldrinum."

birnadrofn@frettabladid.is





Stofnun ársins 2020

Stofnun ársins 2020
— borg og bær

50 starfsmenn eða fleiri

1. Norðlingaskóli
2. Frístundamiðstöðin Ársel
3. Frístundamiðstöðin Tjörnin

Færri en 50 starfsmenn

1. Aðalskrifstofa Akraneskaupstaðar
2. Skrifstofa velferðarsviðs Reykjavíkurborgar
3. Borgarsögusafn Reykjavíkur

Hástökkvari ársins 2020
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Stofnun ársins 2020
— ríki, sjálfseignarstofnanir o.fl.

Fleiri en 50 starfsmenn

1. Nýsköpunarmiðstöð Íslands
2. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
3. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

20–49 starfsmenn

1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
2. Menntaskólinn á Tröllaskaga
3. Menntaskólinn að Laugarvatni

Færri en 20 starfsmenn

1. Jafnréttisstofa
2. Geislavarnir ríkisins
3. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Hástökkvari ársins 2020
Sjálfsbjargarheimilið

Valið á Stofnun ársins og Stofnun ársins – borg og bær var kynnt þann 14. október en titlana Stofnun ársins og Fyrirmyndarstofnanir hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna.

Valið er byggt á svörum um 12 þúsund starfsmanna í einni stærstu vinnumarkaðskönnun landsins.

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu óskar stjórnendum og starfsfólki Stofnana ársins, Fyrirmyndarstofnana og Hástökkvurum innilega til hamingju með glæsilegan árangur.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Evrópusambandið gefur út litakerfi til að merkja hættusvæði

COVID-19 Evrópusambandið hefur komið sér saman um nýtt litakerfi til þess að skilgreina og samræma áhættusvæði vegna COVID-19. Verða notaðir litirnir grænn, appelsínugulur og rauður og kortið uppfært á vikufresti samkvæmt upplýsingum frá hverju ríki. Fáist ekki fullnægjandi upplýsingar frá tilteknu svæði verður það merkt grátt.

„Ferðatakmarkanir hafa gert borgurunum erfitt fyrir að komast til vinnu, til náms og að heimsækja sína heittelskuðu. Það er skylda okkar að tryggja að borgararnir séu upplýstir um takmarkanir og að þær séu samræmdar," sagði Michael Roth, innanríkisfulltrúi sambandsins.

Undanþegnir eru meðal annars heilbrigðisstarfsfólk, hermenn, blaðamenn og sjómenn.


Farþegar sem koma frá grænum svæðum munu eiga mun auðveldara með að ferðast en þeir sem koma frá appelsínugulum, rauðum eða gráum svæðum. Þeir gætu þurft að undirgangast skimanir og sóttkví. Öll Evrópusambands- og EES-ríki verða á kortinu, auk Bretlands, þar til aðlögunartímabili þess verður lokið.



Michael Roth innanríkisfulltrúi ESB. MYND/GETTY

Nokkrir hópar verða undanþegnir þessu korti, það er fólk sem þarf mjög nauðsynlega að komast greitt ferða sinna.

Er þetta meðal annars heilbrigðisstarfsfólk, hermenn, blaðamenn, sjómenn, fólk sem starfar í samgöngumálum, starfsfólk alþjóðlegra góðgerðarstofnana, erindrekar ríkisstjórna og sjúklingar sem þurfa að komast í aðgerðir. **– khg**



Verð á veitingastöðum hefur hækkað um 10 prósent. MYND/GETTY

Veitingar dýrastar í Reykjavík

NEYTENDUR Samkvæmt nýrri rannsókn sem birt var á síðunni Commodity eru veitingastaðir í Reykjavík þeir dýrustu í heiminum. Meðalverð þriggja rétta máltíðar fyrir tvo í Reykjavík var rúmlega 115 dollarar, eða 16 þúsund krónur. Þar á eftir komu tvær svissneskar borgir, Zürich og Lausanne, en verðlag í Sviss er vanalega það hæsta í heiminum.

Aðrar dýrar borgir á listanum eru meðal annars Kaupmannahöfn, New York, Stokkhólmur og Osló. Níu ódýrustu borgirnar eru allar indverskar og sú ódýrasta Lucknow í norðurhluta landsins.

Í rannsókninni var einnig kannað hvað matvæli hafa hækkað mikið í verði frá því að COVID-19 faraldurinn skall á. Að meðaltali hafði máltíð á veitingastað hækkað um 10 prósent á einu ári.

Af einstökum matvælum höfðu appelsínur hækkað mest í verði, um rúmlega 8 prósent. Tómatar og egg höfðu hækkað um rúmlega 6 prósent og hrísgrjón um rúmlega 5. Mjólk, brauð og vatn í flösku hafði aðeins hækkað um 1 prósent og bjór bruggaður innanlands lækkað um nærri 7 prósent. Þá var verð á sígarettum einnig kannað og hafði pakki af Marlboro rettum hækkað um nærri 7 prósent á árinu. **– khg**

Langar að bjarga sér sjálfur

Atli Már Haraldsson hefur beðið eftir íbúðarhúsnæði fyrir sig í átta ár. Hann er 26 ára og býr í foreldrahúsum. Hann vill skilvirkara kerfi í borginni en margir yngri en hann hafi fengið lausn á sínum málum.

SAMFÉLAG „Ég er búinn að bíða eftir búsetu hjá Reykjavík í átta ár. Auðvitað er fínt að geta búið hjá mömmu og pabba en mig langar að upplifa það að búa sjálfur og bjarga mér sjálfur," segir Atli Már Haraldsson, 26 ára gamall maður sem býr hjá foreldrum sínum og hefur beðið eftir að geta flutt út í átta ár. Hann sér ekki fram á að flytja út á næstunni, þar sem hann er fatlaður og fá úrræði í boði fyrir hann. „Ég vil fá að prófa að flytja og hugsa um mig einn og sjálfur með aðstoð. Ég vona að borgin samþykki mig sem fyrst í búsetu."

Stjórn Landssamtakanna Þroskahjálpar hefur sagt nýtt fjárlagafrumvarp og fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar ekki innihalda neitt til að að bæta hag fatlaðs fólks á örorkulífeyri.

Bryndís Snæbjörnsdóttir formaður segir stöðu fatlaðs fólks mismunandi og þurfi mörg að treysta á fjölskyldur sínar. Bakland fólks er þó mismunandi og er nauðsynlegt að fjölga búsetuúrræðum fyrir fólk eins og Atla.

„Fólk neyðist kannski til að búa hjá foreldrum sínum, kannski langt fram á fertugsaldur vegna langra biðlista. Sumir þurfa jafnvel að nýta sér úrræði sem ætluð eru börnum eins og skammtímadvalir langt fram á fullorðinsár," segir Bryndís.

Atli var skráður hjá Svæðisskrifstofu í málefnum fatlaðs fólks hjá ríkinu, sem umsækjandi um búsetuúrræði frá því að hann var 10 ára gamall, árið 2004. Hann sótti fyrst um að fá húsnæði þegar hann var 18 ára, árið 2012. Síðan þá hefur hann verið á biðlista og þurft að lúta í lægra haldi fyrir yngri umsækjendum.

„Það eru mjög margir, 26 ára og eldri, að bíða eftir úrræði. Mér finnst það mjög skrýtið," segir hann.



Atli Már, sem vill ekki búa lengur hjá foreldrum sínum, er vongóður um að finna lausn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mér finnst ekki neinum bjóðandi að þurfa að bíða svona lengi.

Atli Már Haraldsson

Atli hefur gengið með margar hugmyndir í maganum um að einfalda umsóknaferlið fyrir búsetu fatlaðra. Hann hvetur ríki og sveitarfélög til að setja upp vefsíðu. Hann stingur meira að segja upp á nafni á léninu: busetafatladra.is.

Hann sér fyrir sér síðu þar sem fólk gæti skoðað kort af öllu landinu eða sínu hverfi og fengið upplýsingar um hvers konar þjónusta sé í boði. Hægt væri að smella á myndir og fá upplýsingar um leigu, hvort íbúðin sé laus eða frátekin og fólk fengið svar á þremur mínútum en ekki á þremur mánuðum eða þremur árum.

„Mér finnst ekki neinum bjóðandi að þurfa að bíða svona lengi. Félagsráðgjafarnir eru að reyna sitt besta en það er eitthvað sem er ekki að virka í samskiptum við borgina og ríkisstjórnina. Ég þarf að fara á hverju einasta tímabili upp á félagsþjónustu og skrifa undir pappíra og svo gerist lítið sem ekkert. Ég nenni þessu ekki lengur og mig langar bara að geta afgreitt þetta í tölvu og byrjað svo að lifa sjálfstæðu lífi."

ingunnlara@frettabladid.is



Varla hægt að ná utan um óleyfisbúsetu

BYGGINGAR Núgildandi reglur taka ekki á þeim raunveruleika sem borgin stendur frammi fyrir er varðar óleyfisbúsetu. Á fundi Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs var lagt fram minnisblað Guðrúnar Elsu Tryggvadóttur lögfræðings þar úrbætur voru ræddar.

Þessar úrbætur þurfa að eiga sér stað með yfirferð á lögum og reglum, en einnig breyttu verklagi þeirra stofnana sem bera ábyrgð á eftirliti með byggingum.

Úrbæturnar fela í sér að auka við núgildandi eftirlitsheimildir byggingafulltrúa, en eins og staðan er í dag varða þær aðeins ytra byrði húsnæðis. Ef auka á heimildir byggingafulltrúa svo að þær nái til innra byrðis, þyrfti sérstaka heimild til þess. Þá þarf að auka eftirlit með leyfisskyldum breytingum, endurskoða eftirlit með skráningu lögheimilis, sem og því húsnæði sem atvinnurekendur útvega.

Borgaryfirvöld hafa takmarkaðar heimildir til að skipta sér af íbúðarhúsnæði í einkaeigu, sem gerir eftirlit og inngrip erfitt. Þar sem eigandi húsnæðis ber ábyrgð á ástandi þess verður ósk um aðgerðir almennt að koma frá honum sjálfum. Því geta heilbrigðiseftirlit, slökkvilið eða byggingarfulltrúi ekki gert úttekt á innra byrði húsnæðis að eigin frumkvæði. Eingöngu íbúar eða umráðamenn húsnæðis geta óskað eftir skoðun og áhættumati á heimili sínu. „Jafnvel þó leigjendur í húsinu séu meðvitaðir um hættuna kann ótti við að vera vísað úr húsnæðinu að koma í veg fyrir að leigjendur hafi samband við yfirvöld," segir í minnisblaði Guðrúnar.



Minnisblaðið var tekið saman eftir brunann við Bræðraborgarstíg.

Þar kemur einnig fram að niðurstöður verkefnis frá 2017 sýni að hérlendis sé þekking á húsnæðisaðstæðum innflytjenda takmörkuð. Erfitt hefur reynst að ná til þessa hóps og rannsóknir eru því fáar. Þó er ljóst að skráningu á búsetu einstaklinga er ábótavant og lítið eftirlit haft með henni, skortur er á íbúðarhúsnæði í borginni og leiguverð hátt. Erlendum fyrirtækjum og starfsmannaleigum hefur farið fjölgandi hér á landi og á sama tíma hefur óleyfileg búseta í atvinnuhúsnæði aukist.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram bókun á fundi ráðsins, þar sem kom fram að minnisblaðið var tekið saman í kjölfarið á brunanum á Bræðraborgarstíg þar sem þrír létust. „Brýnt er að bregðast við og gera nauðsynlegar breytingar til að fyrirbyggja að svona harmleikur endurtaki sig," segir í bókuninni. **– bb**

GUERLAIN
PARIS

ABEILLE ROYALE

HÚÐVIÐGERÐ SEM SAMEINAR VÍSINDI OG MÁTT BÝFLUGUNNAR

1. STYRKIR 2. ÞÉTTIR 3. ENDURMÓTAR

NÝTT
LOTION

KLÍNÍSKT SANNAÐUR ÁVINNINGUR RÚTÍNUNNAR[1]

+28% SLÉTTARI HÚÐ

+42% AUKINN LJÓMI

+30% LYFTING



10 YEARS

10 YEARS OF BEAUTIFUL REPAIR

MÁTTUR SVÖRTU BÝFLUGUNNAR FRÁ OUESSANT OG ÖFLUGT KONUNGSHLAUP SAMEINAST Í ÞRIGGJA SKREFA VIÐGERÐARRÚTÍNU

1. STYRKUR með nýja Abeille Royal Lotion. 25 sinnum öflugra konungshlaup[2] þökk sé örhjúpun, sem styrkir varnir húðarinnar.
2. ÞÉTTLEIKI með Youth Watery Oil. Nærandi eins og olía en létt eins og vatn. 100% kvenna[3] eru sammála um að Youth Watery oil þétti húðina samstundis og veiti henni fyllingu.
3. ENDURMÓTUN með Double R Renew & Repair Serum. Á aðeins 7 dögum er húðin sýnilega endurmótuð og endurnýjuð[4] þökk sé tvöfaldri virkni Double R Serum sem sameinar endurnýjun og lyftingu.

(1) Lotion, Oil and Serum used together, clinical assessment by a dermatologist, 33 women, twice-daily application for 1 month. (2) Compared to Honey Nectar Lotion launched in 2016. (3) Satisfaction test, 60 women, from the 1st application, China. (4) Satisfaction test, 60 women, China, 2 applications/day, 7 days.

20% AFSLÁTTUR AF GUERLAIN VÖRUM 15. – 21. OKTÓBER.

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Guerlain vörur fyrir 8.900 kr. eða meira.

HAGKAUP
Snyrtivara

Guerlain fæst í Garðabæ, Kringlu og Smáralind.

Dagskráin
á Hringbraut





ÁSTIN SPYR EKKI UM ALDUR

Eftirherman og söngvarinn **Eyþór Ingi Gunnlaugsson** veður á súðum í **Mannamáli** á Hringbraut í kvöld og talar opinskátt um feimnina, **kvíðann**, **tónlistarsigrana** og uppistöndin. Hann ræðir einnig **efasemdirnar og umtalið** þegar hann náði sér í **„mun“ eldri konu,** eins og það var þá kallað.

Ekki missa af **Mannamáli**
kl. 20.00 í kvöld.

FRÉTTIR, **FÓLK** &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is

Fylgstu með!



Úðinn kemur ekki í stað hefðbundinna smitvarna á borð við grímunotkun og handþvott. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veirudrepandi Nefúði kominn á markaðinn

Kerecis hefur sett á markað nef- og munnúða sem drepur veirur, þar á meðal þá sem veldur COVID-19. Landspítalinn rannsakar efnið. Niðurstöður Kerecis sýndu 99 prósenta virkni. Forstjórinn segir varla hægt að bíða mikið lengur.

HEILBRIGÐISMÁL „Handsápa er sambland af alls konar fitusýrum og öðrum efnum sem eins og kunnugt eyða kórónavírusum, nýja varan okkar er í grundvallaratriðum sterstök sápa fyrir nef- og munnhol,“ segir Guðmundur Fertram Sigurjónsson, stofnandi og forstjóri Kerecis. Viruxal, dótturfyrirtæki Kerecis, hefur sett á markað nef- og munnúða sem drepur veirur, þar á meðal veiruna sem veldur COVID-19. Tilgangurinn er að úðinn geti fyrirbyggt smit, en flest smit verða í gegnum nefholið. Er úðanum ekki ætlað að koma í stað annarra sóttvarna á borð við fjarlægðartakmarkanir, handþvott og grímunotkun.

Rannsóknir eru enn í gangi, þar á meðal á Landspítalanum. Rannsókn Utah-háskóla leiddi í ljós að úðinn drepur 99,97 prósent veirunnar.

„Vísindagreinar hafa sýnt að COVID-vírusinn tekur sér bólfestu í nefholinu. Hann kemur í loftdropum og sest í slímhúðina í nefholinu. Ræðst á frumurnar þar og fjölgar sér. Síðan færir sjúkdómurinn sig niður eftir slímhúðinni og ofan í lungu,“ segir Guðmundur. „Viruxal-fitusýrunum er úðað í nef- og munnhol og mynda þar varnarlag, loftdroparnir lenda í varnarlaginu og eins og sápa þá leysir Viruxal upp vírusinn því hann er með fituhjúp. Ef það kemur lítill loftdropi með vírus í nef þá lendir hann í þessu sem leysir hann upp.“

Nefúðinn er hugsaður sem vörn í þeim tilfellum sem ekki er hægt að nota grímu. Munnúðinn er hugsaður fyrir þá sem vilja einnig minnka magn veirunnar í kokinu. Snúa rannsóknir nú að því að komast að því hvort úðinn virki til að hjálpa þeim sem eru þegar veikir.

Úðinn er þróaður út frá sáraúða Kerecis sem læknar á Ítalíu prófuðu á sjúklingum með byrjunareinkenni COVID-19, vandinn við þann úða er að hann bragðast verulega illa. „Þeir hafa notað sáraúðann í mörg ár og vita að hann drepur vírusa, þeir fóru að úða honum upp í nefið á sjúklingum. Í kjölfarið leituðum við til háskólans í Utah til að sannreyna hvernig hann virkar, ásamt því að þróa vöruna til þess að hún henti betur sem úði í munn og kok,“ segir Guðmundur. Er hugmyndin einnig að úðinn geti minnkað veirumagnið eftir smit. „Þetta snýst ekki bara um smit, það skiptir máli hversu mikið af veirunni er til staðar.“

Til að tryggja sem besta virkni þarf að nota nefúðann sex sinnum á dag. „Þetta er hugsað sem fyrirbyggjandi aðferð. Þegar þú ferð út að borða til dæmis og getur ekki verið með grímu, þá getur þú sprautað úðanum í nefið og vitað að allir dropar lenda í fitulaginu sem drepur vírusinn.“ Úðinn er ekki sá fyrsti sinnar tegundar, en mörg fyrirtæki í heiminum hafa verið að skoða sambærilegar lausnir.

COVID-göngudeild Landspítalans hefur umsjón með rannsóknum hér á landi og 128 smituðum einstaklingum var boðin þátttaka í samanburðarrannsókn, þar sem helmingur fékk úða og hinir óvirkan samanburðarúða.

> **Þegar þú ferð út að borða til dæmis og getur ekki verið með grímu, þá getur þú sprautað úðanum í nefið og vitað að allir dropar lenda í fitulaginu sem drepur vírusinn.**



Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis

Rannsóknum er ekki lokið, Guðmundur segir að það hafi verið hugsað lengi hvort bíða ætti eftir öllum niðurstöðum áður en varan væri sett á markað. „Síðferðislega séð þá finnst okkur við ekki geta beðið. Klínískar rannsóknir taka langan tíma. Við vitum frá rannsókninni í Utah að þetta drepur vírusinn á skilvirkan hátt á rannsóknarstofu. Hvað getum við annað en að setja þetta á markaðinn? Á næstu mánuðum koma niðurstöður úr fleiri rannsóknum, meðal annars frá Landspítalanum, og þar með munu gögn um virkni vörunnar styrkjast enn frekar.“

arib@frettabladid.is

Sjötta slakasta veiði á villtum laxi á stöng í 46 ár

STANGAVEIÐI Bráðabirgðatölur um stangaveiði á laxi sýna að 42.800 laxar veiddust á Íslandi í sumar. Er sá fjöldi nærri meðalveiði frá 1974, en þegar horft er til villtra laxa eingöngu blasir við önnur mynd.

Í samantekt um laxveiði sumarsins á vef Hafrannsóknastofnunar kemur enn fremur fram að stangaveiðin í sumar var um 13.500 löxum meiri en í fyrra. Þetta er staðan þegar veiðitímabilinu er lokið, nema í nokkrum ám þar sem uppistaðan í veiðinni er lax úr sleppingum gönguseiða. Inni í veiðitölunum eru taldir villtir laxar, laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og einnig laxar sem er sleppt aftur í stangaveiði.

23.500

villtir laxar veiddust á stöng í sumar, margir þeirra oftar en einu sinni.

„Þegar litið er til veiða á villtum laxi eingöngu (ekki úr seiðasleppingum), að teknu tilliti til endurveiddra laxa, er heildarstangaveiði villtra laxa árið 2020 um 23.500 laxar, sem er sjötta minnsta stangaveiði villtra laxa frá því farið var að skrá veiði í rafrænan gagnagrunn,“ segir í fréttinni á vef Hafrannsóknastofnunar. Gagnagrunnurinn nær 46 ár aftur í tímann, eða til ársins 1974, samkvæmt skýringarmynd sem fylgir.

„Umtalsverð aukning varð í laxveiði í ám sem byggja veiði á sleppingum gönguseiða og var veiðin í þeim ám alls um 14.200 laxar og munar þar mest um að metveiði var í Eystri-Rangá þar sem um 8.600 laxar hafa veiðst en veiði í hafbeitaránum er ekki lokið,“ segir í framhaldi í fréttinni. **– gar**

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

STILLANLEG RÚM

20–35% AFSLÁTTUR



VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ

296.010 KR

VERÐ 455.400 KR

STÆRÐ 2X90X210

Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM



Nagornó-Karabak er innan landamæra Aserbaísjan en lýtur stjórn Armena.

Armenar munu berjast til síðasta blóðdropa

ARMENÍA Hátt í fimm hundruð manns hafa fallið í átökunum í héraðinu Nagornó-Karabak frá því að þau brutust út í lok september. Rússar hafa hvatt Armena og Asera til að virða vopnahléssamkomulag sem samþykkt var um síðustu helgi. Báðar þjóðir saka hvor aðra um að hafa virt það að vettugi. Vopnahléið var sett á í kjölfar ellefu klukkustunda viðræðna utanríkisráðherra Armeníu, Aserbaísjan og Rússlands í Moskvu og átti það að taka gildi á laugardagsmorgun.

Tyrkir hafa hafnað ásökunum Armena um að hafa sent vígamenn frá Sýrlandi til berjast fyrir Asera. Aserar segja að Armenar hafi ráðist inn á tvö svæði í Aserbaísjan og skotið eldflaug inn í íbúðarhúsnæði í bænum Ganja með þeim afleiðingum að sjö létu lífið. Fréttaritari BBC sagði engin hernaðarleg skotmörk vera í bænum. Narek Mkrtchyan, þingmaður í Armeníu, segir að Aserar hafi þverbrotið samkomulagið í Moskvu.

„Það voru aðeins liðnar nokkrar mínútur frá vopnahléinu þegar Aserar hófu aftur óbeislaða stórskotahríð á íbúabyggðir og skriðdrekaárásir yfir víglínuna. Á sama tíma flugu drónar inn í lofthelgi okkar og vörpuðu sprengjum innan landamæra Armeníu með þeim afleiðingum að einn lést og þrír særðust," segir Mkrtchyan.

Rúmlega 70 þúsund óbreyttir borgarar hafa flúið heimili sín. Mkrtchyan telur ólíklegt að Armenar muni alfarið hörfa úr héraðinu. „Við stöndum frammi fyrir því að Armenarnir sem búa í héraðinu

> **Það er hluti af þjóðarmorðsstefnu þegar eldflaugum er vísvitandi miðað á dómkirkjuna í Shushi.**
>
> Narek Mkrtchyan, þingmaður í Armeníu



eru í hættu. Við munum hins vegar berjast til síðasta blóðdropa til að verja heimaland okkar."

Tyrkir segja að þeirra afstaða sé að héraðið sé réttmætur hluti Aserbaísjan. Mkrtchyan segir að afstaða Tyrkja veki upp minningar af þjóðarmorðunum á síðustu öld. „Það er hluti af þjóðarmorðsstefnu þegar eldflaugum er vísvitandi miðað á dómkirkjuna í Shushi. Markmið Asera, Tyrkja og vígamannanna sem þeir hafa fengið til liðs við sig er að hreinsa Armena úr Nagornó-Karabak."

Er það markmið Armena að fá þjóðir heimsins til að viðurkenna Nagornó-Karabak sem sjálfstætt ríki. „Það er algjört lykilatriði að Evrópulönd eins og Ísland, sem og alþjóðasamfélagið, fordæmi framferði Asera og Tyrkja. Við erum þjóð sem höfum áður orðið fyrir þjóðarmorði af hálfu Tyrkja og vitum hversu mikilvægur slíkur stuðningur er." **– ab**





Rúmlega 70 þúsund manns hafa flúið heimili sín vegna átakanna. MYND/EPA

Kenndu læknum að nota roðið á hermenn

Hilmar Kjartansson bráðalæknir hélt til Armeníu til að kenna læknum þar í landi að nota sáraroð sem þróað var á Íslandi. Hann tók þátt í aðgerðum á hermönnum sem særðust í átökunum í héraðinu Nagornó-Karabak.

ARMENÍA Hilmar Kjartansson bráðalæknir er nýkominn úr fjögurra daga ferð til Jerevan, höfuðborgar Armeníu, sem hann fór til að kenna læknum þar í landi að nota sáraroð sem þróað er af íslenska líftæknifyrirtækinu Kerecis til að hlúa að særðum.

Átök hafa geisað milli Armena og Asera í héraðinu Nagornó-Karabak frá því í lok september. Hvorki Hilmar né Kerecis taka neina afstöðu í átökunum. „Við fengum beiðni um sáraroðið og við vitum að það verður betri útkoma ef við kennum þeim að nota það rétt, þess vegna stukkum við af stað til að hjálpa," segir Hilmar.

Kerecis hefur áður sent sáraroð til Kaliforníu í kjölfar skógarelda og til Nýja-Sjálands eftir eldgosið á eyjunni Whakaari. Þá er stórt verkefni í gangi sem er styrkt af bandarískra hernum um að halda áfram að þróa sáraroðið til að styðja við gróanda á alvarlegum útlimaáverkum af völdum sprengjuáverka.

Jerevan er rúmlega 200 kílómetra frá átakasvæðunum, en þangað hafa særðir hermenn verið fluttir á sjúkrahús. „Það eru mjög margir sem eru að særast alvarlega vegna þessara átaka, maður veit mjög lítið um hvernig staðan er nákvæmlega. Mikill fjöldi slasaðra og brenndra er fluttur á stærri sjúkrahúsin í Jerevan og það er talsvert um sprengjuáverka, áverka á útlimum og alvarlegan bruna," segir Hilmar. „Við höfum á síðustu árum verið að þróa vöruna sem meðferð við brunasárum, með það að sjónarmiði að geta bætt meðferð einstaklinga með alvarlega bruna sem fyrst eftir áverka og þá geta sent vöruna á herspítala í Afganistan og Írak."

Hilmar, sem var áður yfirlæknir á bráðamóttöku Landspítalans, fór ásamt Stephen Jeffery, lýtalækni og undirofursta í breska hernum sem sérhæfir sig í brunasárum. Tóku þeir þátt í aðgerðum á tveimur sjúkrahúsum í Jerevan. „Sáraroðið virkar þannig að það þarf fyrst að hreinsa burt allan dauðan vef áður en roðið er sett í sárið, annars er hætta á að loka sýkingu af í sárinu. Þegar roðið er komið í sárið þá verndar það undirliggjandi mjúkvefi, stöðvar blæðingu, kemur gróanda af stað og kemur í veg fyrir að bakteríur komist í gegn til að sýkja sárið," segir Hilmar.



Hilmar og Jeffery á sjúkrahúsi í Yerevan. MYND/AÐSEND

„Það sama á við um brunasár, en í þeim tilvikum er oft ekki nóg af gjafahúð til að þekja allt svæðið, þá er hægt að nota roðið til að brúa það bil og ná upp gróanda í sárinu. Þá er þetta gert í nokkrum þrepum þangað til hægt er að nota húðígræðslur frá sjúklingnum sjálfum."

Armenarnir hafa fengið 30 þúsund fersentimetra af sáraroði, dugar það ýmist á rúmlega 100 sjúklinga með sár eða tíu sjúklinga með alvarleg brunasár.

„Við fórum fyrst og kynntum vöruna á stærsta brunasetrinu í borginni og skoðuðum sjúklinga með þeim. Þar voru margir með andlits- og handarbruna. Á gjörgæslunni voru aðrir með mun alvarlegri og víðfeðmari bruna," segir Hilmar. „Síðan heimsóttum við stærsta spítalann sem á við útlimaáverka, þar eru um 130 rúm, af þeim voru 88 setin af hermönnum, flestir með sprengjubrot eða opin beinbrot."

Aðstæðurnar eru talsvert verri en við þekkjum hér á landi. „Útbúnaðurinn er af skornum skammti, en þetta eru mjög færir læknar." Þeir hafa þó ekki reynslu í notkun á sáraroðinu og fengu þeir góða kennslu hjá Jeffery. „Hann kom með heila ferðatösku fulla af svömpum og sáraumbúðum sem hann notaði til að kenna þeim að útbúa sárasugu með því að nota sogið í veggnum. Laugardagurinn fór svo allur í að gera aðgerðir á útlimum."

Hilmar segst ekki hafa verið óöruggur um sig í Jerevan. „Það eru fáir á ferli, mikið af lögreglubílum. Við vonum að þeir sem fái roðið á næstu vikum fái betri útkomu og í kjölfarið betri lífsgæði."

arib@frettabladid.is



7 VERSLANIR
& VIÐ SENDUM VÖRUR UM ALLT LAND

VOTTAÐIR HÁGÆÐA

VARAHLUTIR

SÍÐAN 1962

VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Reykjavík
Dvergshöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 535 9000
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 16

Reykjavík
Vatnagarðar 12, 104 Reykjavík
Sími: 535 9000
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Hafnarfjörður
Dalshrauni 17, 220 Hafnarfirði
Sími: 555 4800
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Selfoss
Hrísmýri 7, 800 Selfossi
Sími: 482 4200
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Reykjanesbær
Hafnargata 52, 260 Reykjanesbæ
Sími: 421 7510
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Akureyri
Furuvellir 15, 600 Akureyri
Sími: 535 9085
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

Egilsstaðir
Sólvangur 5, 700 Egilsstaðir
Sími: 471 1244
Opnunartími: Mán - fös: 8 - 18 **Lau:** 10 - 14

KÍKTU Á VÖRUÚRVALIÐ Á **www.bilanaust.is**

VIÐ SENDUM UM ALLT LAND

HRINGIÐ TIL AÐ PANTA EÐA
SENDIÐ TÖLVUPÓST Á
bilanaust@bilanaust.is

Bílanaust

Á FULLRI FERÐ

Líklegt að atvinnuleysi festist í sessi

Launahækkanir í samræmi við Lífskjarasamninginn ofan í þá stefnu Seðlabankans að halda gengi krónunnar stöðugu hækkar launakostnað á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Aðlögun hagkerfisins að skelli ársins 2019 verður því einna helst í gegnum atvinnuleysi.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is




Ekki er líklegt að laun á Íslandi fari í gegnum sambærilegt aðlögunarferli og eftir fjármálaáfallið 2008, þegar fall gengis krónunnar lækkaði laun á Íslandi í alþjóðlegum samanburði og undirbjó jarðveginn fyrir mikla atvinnusköpun í ferðaiðnaði. Orðnar og væntanlegar launahækkanir samkvæmt Lífskjarasamningnum og stefna Seðlabanka Íslands um að halda gengi krónunnar stöðugu mun að öllum líkindum tryggja að raungengi á mælikvarða launa haldist enn fyrir ofan meðaltal síðustu 15 ára, að því er lesa má úr gögnum Hagstofunnar. Því má teljast líklegt að aukið atvinnuleysi muni grafa um sig hér á landi. Einnig eru vísbendingar um að hluti þeirra sem misst hafa vinnuna á undanförnum misserum muni hverfa varanlega af vinnumarkaði.

Samkvæmt nýjustu tölum Vinnumálastofnunar var almennt atvinnuleysi 9 prósent í septembermánuði. Í nýlegri umfjöllun kjaratölfræðinefndar segir að atvinnuþátttaka sé þegar farin að minnka. Þannig hafi atvinnuþátttaka mælst um 80 prósent um mitt ár 2020, samanborið við 82 prósent á sama tíma í fyrra. „Þetta bendir til þess að hluti þeirra einstaklinga sem eru án vinnu sé vonlítill og velji að hætta leit að störfum," segir í umfjöllun nefndarinnar.


Þrátt fyrir að sú efnahagslægð sem nú ríður yfir landið hafi komi fyrst og einna harðast niður á þeim sem starfa í ferðatengdum greinum, þá gætir áhrifa kreppunnar víðast hvar. Í skýrslu kjaratölfræðinefndar um stöðu efnahagsmála í desember sagði meðal annars: „Dregið hefur verið úr starfsemi fjölmargra fyrirtækja, þúsundir hafa misst vinnuna eða eru í skertu starfshlutfalli og eftirspurn innanlands og erlendis frá hefur dregist mikið saman.

Raungengi á mælikvarða launa 1991–2020



Heimild: Seðlabanki Íslands

Atvinnuleysi, eftir ársfjórðungum 1991–2020



Heimild: Vinnumálastofnun

Þótt áfallið sé mest í ferðaþjónustu og tengdum greinum, nær það til flestra, en þó ekki allra, atvinnugreina."

Anna Hrefna Ingimundardóttir, hagfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, segir raungengi skoðað á mælikvarða launakostnaðar hverrar framleiddrar einingar gefi góða mynd af framleiðni íslenska hagkerfisins. „Ef raungengi á mælikvarða launa hækkar, þýðir það að launakostnaður á einingu hafi hækkað hérlendis samanborið við viðskiptalöndin eftir að leiðrétt hefur verið fyrir gengisbreytingum gjaldmiðla. Það gefur því vísbendingu um alþjóðlega samkeppnishæfni þar sem hækkun raungengis þýðir að samkeppnisstaða innlendra aðila versnar, að öðru óbreyttu," segir Anna Hrefna, en raungengi á mælikvarða launakostnaðar er enn þá um 13 prósent yfir meðaltali síðustu 30 ára. Í samanburði féll sama gildi um 40 prósent undir það meðaltal eftir fjármálahrunið 2008.

Hún bætir því við að ef og þegar umsamdar launahækkanir koma til framkvæmda á næsta ári muni raungengið halda áfram að hækka og þar með muni draga áfram úr samkeppnishæfni hagkerfisins, sérstaklega ef Seðlabanki Íslands heldur áfram að selja gjaldeyri til að koma í veg fyrir veikingu krónunnar: „Ef laun á Íslandi hækka umfram laun erlendis, þrýstingur myndast á gengi krónunnar til veikingar og ef Seðlabankinn leggst gegn þeim þrýstingi, er á vissan hátt verið að

> **Það gefur því vísbendingu um alþjóðlega samkeppnishæfni þar sem hækkun raungengis þýðir að samkeppnisstaða innlendra aðila versnar, að öðru óbreyttu.**
>
> Anna Hrefna Ingimundardóttir, hagfræðingur SA



takmarka leiðréttingu verðlags í gegnum gengisfarveginn. Sá ventill myndi því ekki virka á sama hátt og hann hefur gert í fortíðinni. Þá eru líkur á að veikari samkeppnisstaða þjóðarbúsins myndi leiða til aukins atvinnuleysis," segir hún.

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri verkalýðsfélagsins Eflingar, segir að ýmsir kraftar vinni nú gegn neikvæðri þróun í atvinnumálum: „Við teljum það afar jákvætt að launahækkanir verka- og láglaunafólks séu tryggðar með hinum langa Lífskjarasamningi. Þær hækkanir verja kaupmátt hinna lægst launuðu og stuðla að örvun hagkerfisins. Hvort tveggja er gott og nauðsynlegt," segir hann. Hvað varðar þá aukningu atvinnuleysis sem nú er í pípunum sé mikilvægast að hækka bætur til þeirra sem eru án vinnu.

Einnig nefnir hann að ríkið þurfi að stíga inn í núverandi ástand með atvinnusköpun: „Þar eru miklir möguleikar. Það er enn mikil vöntun á fólki í umönnunarstörf og á leikskóla, sem bendir til þess að meira þurfi að gera til að laða fólk að þeim störfum," segir Viðar og bætir því við að ýmsar framkvæmdir á vegum hins opinbera við viðhald og innviðauppbyggingu geti spilað veigamikið hlutverk við að auka þrótt vinnumarkaðar.

Stöðug skoðun á reglum um afleiðuviðskipti

Seðlabanki Íslands segir að regluverkið um afleiðuviðskipti með íslenska krónu séu í stöðugri endurskoðun, með það að markmiði að greina hvort tilefni sé til að losa frekar um takmarkanir. Þetta kemur fram í svari bankans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Ragnar Björn Ragnarsson, gjaldeyrismiðlari hjá Arion banka, skrifaði grein í Markaðinn í síðustu viku þar sem hann færði rök fyrir því að Seðlabankinn afnæmi núgildandi takmörkun á gjaldeyrisviðskipti og þar með síðustu leifar fjármagnshaftanna, með því að leyfa stöðutöku í krónunni. Áhrifaríkasta leiðin til að bæta veltu og dýpt markaða væri að fá fleiri aðila að borðinu.

„Verði það gert geta til dæmis fjárfestar sem hafa trú á langtímastöðu hagkerfisins tekið stöðu með krónunni og stuðlað að heilbrigðari verðlagningu með framtíðarvæntingar í huga," skrifaði Ragnar.

Ragnar benti á að gjaldeyrisflæði í dag endurspeglaði að litlu leyti skoðanaskipti um grundvallarhagstærðir heldur einkum nauðsynlegt eða kerfisbundið flæði. Veikingin endurspeglar því tæplega ástand þjóðarbúsins, viðskiptajöfnuð eða stöðu ríkissjóðs, heldur nær aðeins

> **Núverandi höft sem hafa þann tilgang að draga úr sveiflum [...] hafa í dag líklega þveröfug áhrif.**
>
> Ragnar Björn Ragnarsson, gjaldeyrismiðlari hjá Arion banka

tímabundna stöðu ferðaþjónustunnar og gjaldeyrisflæði henni tengt. „Núverandi höft sem hafa þann tilgang að draga úr sveiflum á gjaldeyris- og vaxtamarkaði, hafa í dag líklega þveröfug áhrif."

Í svari Seðlabankans segir að ein af þeim takmörkunum haftanna sem ekki hafa verið losaðar að fullu séu þær sem felast í afleiðuviðskiptum með krónu, sem eru ekki vegna viðskipta með vöru og þjónustu, eða áhættuvarnar. „Þessar takmarkanir hafa þjónað mikilvægu hlutverki við að varðveita stöðugleika eftir því sem áætlun stjórnvalda um losun og afnám hafta hefur verið fylgt eftir.

Regluverkið er í stöðugri endurskoðun með það að markmiði að greina hvort tilefni sé til að losa enn frekar um þær takmarkanir sem eftir standa með hliðsjón af stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálastöðugleika." **– þfh**

Fiskmarkaðurinn og Grillmarkaðurinn tapa samtals um 63 milljónum króna

Tap veitingastaðanna Fiskmarkaðarins og Grillmarkaðarins, sem eru meðal annars í eigu Hrefnu Sætran, jókst á milli ára. Tap hlutdeildarfélaga, þar á meðal gistiheimilis, dregur niður afkomuna, en veitingastaðirnir skiluðu rekstrarhagnaði.

Fiskmarkaðurinn, sem Hrefna á helmingshlut í á móti Ágústi Reynissyni, tapaði 26 milljónum árið 2019 samanborið við 84 milljóna tap árið áður.

Grillmarkaðurinn, sem Fiskmarkaðurinn á 60 prósenta hlut í, tapaði 37 milljónum árið 2019 samanborið við 25 milljóna króna tap árið áður. Guðlaugur Pakpum Frímannsson á 30 prósenta hlut í veitingastaðnum.

Eigið fé Fiskmarkaðarins var 238 milljónir króna við árslok og eiginfjárhlutfallið 76 prósent. Eigið fé Grillmarkaðarins var 190 milljónir króna við árslok og eiginfjárhlutfallið 63 prósent.

COVID-19 hefur gert það að verkum að Grillmarkaðnum var lokað í þrjá mánuði í ár og Fiskmarkaðnum í einn mánuð, segir í ársreikningum. Stjórnendur telja að ekki sé vafi á rekstrarhæfi veitingastaðanna því eigið fé þeirra sé mjög sterkt.



Hrefna Sætran, matreiðslumeistari og aðaleigandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fram kemur í ársreikningum að Fiskmarkaðurinn hafi keypt rekstrarstöðvunartryggingu með tryggingarfjárhæð upp að 42 milljónum króna og trygging Grillmarkaðarins nemi 336 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður Fiskmarkaðarins dróst saman í 13 milljónir króna í fyrra úr 15 milljónum króna árið áður. Tekjur veitingastaðarins drógust saman um 17 prósent á milli ára og námu 373 milljónum í fyrra.

Rekstrarhagnaður Grillmarkaðarins dróst saman í þrjár milljónir króna í fyrra úr 79 milljónum króna árið áður. Tekjur drógust saman um 14 prósent á milli ára og námu 717 milljónum króna í fyrra.

Tap vegna hlutdeildarfélags og hlutdeild í afkomu dótturfélaga dró afkomuna niður um 45 milljónir króna. **– hvj**

Meira fyrir minna



Mikið af auka-hlutum fylgir!



Lavor Predator 180 Digital háþrýstidæla

Mótor 2500W
Þrýstingur: 180 bör
Vansflæði: 510 l/kls
Innbyggður tankur fyrir sápu.

31.996
Áður ~~39.995~~ kr.

20% afsláttur



Stór pallabursti fyrir Lavor háþrýstidælu

4.197
Áður ~~5.995~~ kr.

30% afsláttur



20% afsláttur



KAI dökkgrá bílskúrsflís
33,3x33,3 cm, þykkt 7mm

1.836 pr. m²
Áður ~~2.295~~ kr.

20% afsláttur



KAI bílskúrsflís
33,3x33,3 cm, þykkt 7mm

1.836 pr. m²
Áður ~~2.295~~ kr.

20% afsláttur



Colorex
Eminent Pro 2RF
loftamálning,
10 lítrar

5.996
Áður ~~7.495~~ kr.

15% afsláttur



Colorex
Projekt 10,
10 lítrar
(Málarahvítt)

7.136
Áður ~~8.395~~ kr.

20% afsláttur



AQUA 25
baðmálning,
10 lítrar

7.996
Áður ~~9.995~~ kr.

20% afsláttur



Colorex
Vagans PRO
Stofn A
innimálning 9L

6.796
Áður ~~8.495~~ kr.

EUROWOOD

Austurrískt harðparket
Kibo Eik 12mm 18,8x184,5cm
kr. 3.180 pr. m²
Áður ~~3.975~~ kr.



20% afsláttur

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

AMERÍSKIR DAGAR

15.-25. október



Cool Whip

699 kr/stk

Eggo vöfflur og pönnukökur

verð frá **949** kr/pk



Ameríkst ostasnakk
Crunchy, Puff eða Flamin´Hot

verð frá **679** kr/pk

NÝTT



Peter Pan hnetusmjör
Whipped eða Natural

999 kr/stk



Kool-Aid Jammers 10 x 177 ml
OH YEAH!

979 kr/pk



Gatorade 946 ml
9 tegundir

599 kr/stk



JELL-O - Gelatin desertar
í allri sinni litadýrð

349 kr/pk

NÝTT



Starbucks kaffi
Fyrir Nespresso, Dolce Gusto
og gömlu góðu kaffivélina

verð frá **849** kr/pk

Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

GRILL HAMBORGARINN

NÝTT

Einn sá besti

Við kynnum til leiks glænýjan hamborgara sem fer lengra en flestir hamborgarar á markaðnum. Klassískur hamborgari er venjulega 15-20% fita en við ákváðum að hækka hlutfallið upp í 30%. Útkoman er líklega einn besti hamborgari á markaðnum í dag, gerður úr 100% íslensku nautakjöti. Hann nýtur sín hvað best grillaður, þar sem fituhlutfallið er hátt. Þú hreinlega verður að smakka þennan!



30% fita

ÍSLENSKT 100% NAUTAKJÖT

Grill hamborgarinn
2 x 130 g

verð frá **749** kr/pk

NÝTT



Kelloggs Pop tarts - Rista og njóta, einfaldara gæti það ekki verið

verð frá **649** kr/pk



Guy Fieri matamiklar pasta-sósur sem gerir gott pasta betra

799 kr/stk

NÝTT



CHA! Sriracha frá Texas Pete Gefur matnum extra kick

899 kr/stk

NÝTT



M&M Brownie, Peanut butter, Caramel og Pretzel

verð frá **1.199** kr/pk



Tostitos kornsnakk – Original, Scoops, Lime og Round

verð frá **799** kr/pk

NÝTT



Hershey's Pretzel, Kisses, Drops og Pretzel bites

verð frá **1.099** kr/pk

HAGKAUP



Teigstungur í haustlitum með Guðrúnartungur fyrir miðri mynd. Litfari og Krossárjökull í fjarska til vinstri og Tungnakvíslarjökull og Tungukvísl til hægri.
MYNDIR ÓMB

Litfari í haustlitum

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Haustlitir í íslenskri náttúru eru óvíða fallegri en í Þórsmörk, enda skartar hún stæðilegum birkiskógi sem tekur á sig alls kyns litabrigði þegar kólna tekur í veðri. Vegna nálægðar við jökla eru veðrabrigðin þarna hröð og því verður litaveislan af dýrari gerðinni. Í Þórsmörk bjóðast óteljandi gönguleiðir sem ekki eru síður spennandi í haustlitum en að sumri til. Vinsælar gönguleiðir liggja upp úr Langadal á Valahnúk eða eftir Slyppugili, en sunnan Krossár í Goðalandi má ganga inn Strákagil, eftir Kattahryggjum eða upp á Útigönguhöfða. Innar í Mörkinni leynast síðan fáfarnari gönguleiðir eins og Litfarahringur sem vert er að gefa gaum. Úr Básum er ekið eftir torfærum jeppaslóða sunnan megin Krossár uns komið er að Tungukvísl. Hún er illa væð og því liggur oftast yfir hana göngubrú en annars má komast yfir hana akandi. Handan Tungukvíslar er stigið inn í töfraveröld Teigstungna, afskekkt svæði þar sem ekki er lengur beitt sauðfé.

Stefnan er sett á upptök Krossár og er gengið meðfram kletti sem kallast Göltur. Handan Krossár blasir við þverhníptur Búðarhamar en síðan er komið að bröttum en hratt hörfandi Krossárjökli. Þarna er haldið varlega upp hlíðar meðfram skriðjöklinum uns komið er að hrygg sem kallast Eggjar, en handan hans eru Teigstungur. Þarna er frábært útsýni yfir Þórsmörk og austurhluta Mýrdalsjökuls og nálæga skriðjökla hans. Sjálfur Litfari er skammt undan, litríkur klettaveggur, sem stendur undir nafni og stingur skemmtilega í stúf við umhverfið. Gengið er niður Teigstungur uns komið er að aflöngum grashrygg sem kallast Guðrúnartungur. Samkvæmt gamalli þjóðsögu er tilurð nafnsins sú að eitt sinn hafi bændur rekið fráfærulömb sín inn á Teigstungur og var með í för 12 ára niðursetningsstúlka sem hét Guðrún. Varð hún viðskila við rekstrarmenn í mikilli þoku og þeir fljótir að telja hana af. Við leitir um haustið fannst hún hins vegar óvænt á lífi við tungurnar sem nú bera nafn hennar og með henni fráfærulömbin. Hafði hún dregið fram lífið um sumarið á rótargróðri og súrum en líka hvönn og berjum. Var sagt að lömbin hefðu forðað henni frá því að verða vitstola, en náttúrufegurð Teigstungna hefur örugglega hjálpað til líka. Það geta þeir vottað sem heimsækja þetta einstaka og fáfarna svæði.





Kletturinn Göltur er áberandi kennileiti í Teigstungum. Í baksýn er þríhyrningslaga Litfari.



Í klettavegg Litfara bregður fyrir ýmsum litum framan við hvítan Mýrdalsjökul og mosavaxnar Teigstungur.

Fókus á hjarta landsins


POP·SECRET™
PREMIUM MICROWAVE POPCORN
ÚRVALS
ÖRBYLGJUPOPP
LEYNDARMÁLIÐ
ER Í BRAGÐINU

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

Aðgerðir



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Þríeykið geðþekka hefur ítrekað sagt að sóttvarnaaðgerðir eigi ekki að vera harðari en nauðsynlegt sé. Það ber vissulega vott um ábyrgðarfulla afstöðu. Hins vegar getur þríeykið ekki falið sig á bak við þessi orð heldur þarf að rökstyðja af festu að ekki sé hverju sinni gengið lengra en þarf.

Lítið hefur þó farið fyrir spurningum fjölmiðla um frelsisskerðingu og höft sem aðgerðirnar hafa leitt af sér. Fjölmiðlafólk hefur fremur kosið að varpa fram í tíma og ótíma spurningunni: „Á ekki að herða aðgerðir?“

Fjölmargir eiga mikið undir því hvernig sóttvarnaaðgerðum er háttað. Fólk er að missa atvinnu sína og fyrirtæki og einstaklingar horfa fram á gjaldþrot. Almenningur býr við alls kyns takmarkanir og höft. Allir þekkja síðan einstaklinga sem þjást andlega því þeir lifa í hræðslu og finna um leið mjög fyrir einangrun. Það er eins og slokknað hafi á þeim.

Sóttvarnayfirvöld og ríkisstjórn geta ekki horft fram hjá því að aðgerðir sem gripið hefur verið til hafa valdið margvíslegum skaða. Þau verða að þola gagnrýni og ættu reyndar að taka henni vel en hlaupa ekki sjálfkrafa í vörn. Þau ættu einmitt að spyrja sig hvort það geti verið að aðgerðir séu of harkalegar og vera opin fyrir sjónarmiðum sem falla ekki alls kostar að þeirra eigin skoðunum. Þríeykið er ekki heilagt og óskeikult og svo sannarlega er ríkisstjórnin það ekki heldur.

Yfirvöld hljóta að vita af virtum sérfræðingum og læknum víða um heim sem vara við hörðum aðgerðum og segja að lækningin sé orðin verri en sjúkdómurinn. Skoðanir þessa hóps eiga ekki greiða leið að fjölmiðlum og sá sem vekur athygli á þeim í skoðanagrein og tekur undir þær er umsvifalaust stimplaður sem trumpisti og gefið er í skyn eða sagt beinum orðum að hann vilji bara að fólk deyi. Enginn vill að fólk deyi, enginn vill heldur að fjöldaatvinnuleysi skapist, fólk verði gjaldþrota eða þurfi að lifa við stöðugan ótta. Það er engin ástæða til að fullkominn einhugur sé um aðgerðir við COVID. Rökræður verða að fara fram og ólík sjónarmið eiga að heyrast.

COVID mun blessunarlega ekki endast að eilífu en um leið og þeim ósköpum linnir þá verður farið ofan í saumana á aðgerðum sem gripið var til. Forsætisráðherra hefur oft bent á að aðgerðir hér á landi séu mildari en víðast hvar annars staðar. Rétt er það að miðað við aðgerðir víða um heim eru höftin hér á landi í vægari kantinum. Um leið ber á það að líta að hörðustu aðgerðir erlendis, eins og þær að loka börn inni vikum saman, eru ómanneskjulegar og grimmdarlegar. Seinni tímar munu dæma þær hart.

Ljóst er að aðgerðir hér á landi við COVID bitna mjög illa á fjölmörgum. Á sama tíma eru nær engar umræður á þingi um þær. Sjálfsagt ætti að vera að þingmenn standi í lappirnar í umræðu um COVID-aðgerðir. Því miður gera þeir það fæstir. Sumir samt, enda er nú svo komið að ástæða er til að þakka almættinu fyrir tilvist Sigríðar Á. Andersen.

Það er engin ástæða til að fullkominn einhugur sé um aðgerðir við COVID.

Halldór



Frá degi til dags

Naglasúpa

Það er strax farin að koma mynd á þá naglasúpu sem verður á kjörseðlinum næsta haust. Átta flokkar eru nú á þingi og ljóst er að nokkrir munu bætast við. Guðmundur Franklín, sem var í öðru sæti í forsetakosningunum í sumar, hefur tilkynnt að Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn muni bjóða fram í öllum kjördæmum. Miðflokkurinn, hinn frjálslyndi lýðræðisflokkurinn samkvæmt skilgreiningu Gúnda, hlýtur að skjálfa á beinunum. Ekkert ber á sameiningu Alþýðufylkingarinnar og Sósíalistaflokksins þannig að það verða líklega áfram tvö framboð. Andrés Ingi Jónsson er að skoða möguleikann á nýjum flokki, það hefur Ragnar Þór Ingólfsson líka gert. Það er ekki seinna vænna að fara að kynna sér þessa hluti þegar símaskráin mætir manni í kjörklefanum.

Utanbæjarfólk

Það er rétt liðin vika frá því að Ásthildur Sturludóttir, borgarstjóri Akureyrarborgar, minnti landsmenn á hversu óþolandi Akureyringar gætu verið þangað til loka þurfti starfsemi í Glerárhverfi vegna COVID-19 smits. Logi Einarsson, Akureyringur með meiru, var fljótur að koma Ásthildi til varnar og benti á að Akureyri væri innan Glerár, en í Glerárþorpi býr að sjálfsögðu aðeins utanbæjarfólk.

Býr Soffía í þér?



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði SA

Soffíurnar leynast víða.

Þegar Bastian bæjarfógeti mætti með fylgdarliði til að bjarga Soffíu frænku frá ræningjunum vildi hún ekki fara. Hún viðurkenndi fyrir fógetanum að henni fyndist gott að hafa einhvern til að skeyta skapi sínu á. Úr varð að Soffía sat eftir í óþökk allra sem í hlut áttu.

Áskoranir sem við okkur blasa eru margar, líkt og hjá Soffíu forðum. Þar á meðal tengdar menntakerfinu. Endurmenntun og umskólun bíður fjölda fólks sem stendur frammi fyrir því að missa störf sín. Þessum hópi þarf að sinna.

Nemendur í grunn- og framhaldsskólum takast á við skólagöngu í gerbreyttri mynd. Stytting framhaldsskólans í þrjú ár mun enn auka á frábrugðna umgjörð menntskælinga sem upplifa nú stærstan hluta skólaársins í fjarkennslu og afar takmarkað félagslíf. Námsefnið tekur mið af rafrænni miðlun, kennsluhættir breytast og foreldrafundir eru fjarfundir. Útskriftarferðir og hátíðarhöld bíða. Sumt gengur til baka, annað ekki. En fátt er svo með öllu illt að ei boði gott. Við leitum nýrra leiða og brjótumst úr viðjum vanans. Í vananum felst endurtekin hegðun án endurskoðunar. Aðförin að vananum getur leitt af sér tækifæri til sóknar og framfara.

SA munu á næstunni kynna tillögur sem varða leiðina áfram um þróun mikilvægra málaflokka. Því fyrr sem við beinum kastljósinu að því sem fram undan er því betra. Við þurfum á óskertu hugviti og hugrekki sem flestra að halda til að spyrna við. Vegferðin fram undan er vandasöm. Í þeirri ferð er mikilvægt að geyma upphrópanir og ergelsi. Leyfum verkefnum og hagsmunum að ganga fyrir. Leyfum okkur að trúa á líf eftir COVID. Munum að varðveita þekkingu og verðmæti, þróum hugmyndir, byggjum upp og höldum áfram.

Soffíurnar leynast víða. Það getur falist í því útrás að finna sökudólg til að skeyta skapi sínu á og ekki er víst að við viljum láta bjarga okkur úr þeim samkvæmisleik. Það er erfitt að beina gremjunni að veirunni sjálfri. Hún er lítið á samfélagsmiðlum, les ekki blöðin og er oftast með slökkt á símanum. Upptekin við annað.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is.**

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019. Meðaltölur Hagstofu Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Til mikils að vinna



Þorsteinn Pálsson

Formaður Framsóknar segir stundum fyrstur frá því, sem ríkisstjórnin er með á prjónunum. Þegar fyrstu bráðabirgðaráðstafanir hennar voru kynntar í mars sagði hann til dæmis að við myndum ekki leita inn í sams konar hagkerfi að nýju og breyting yrði á samskiptum við aðrar þjóðir.

Þessi yfirlýsing kveikti vonir um að stjórnarflokkarnir væru þá þegar byrjaðir að ræða kerfisbreytingar og aukna fjölþjóðasamvinnu til að örva hagvöxt. Eða auðvelda atvinnulífinu að hlaupa hraðar eins og fjármálaráðherra orðaði þá hugsun betur nýlega.



Vandinn er þessi: Þótt margir styðji fulla aðild að Evrópusambandinu, sem myndi tryggja Íslandi aðild að evru, eru aðrir hikandi. Í báðum hópum er þó víðtækur skilningur á mikilvægi stöðugrar myntar.

Fyrsta mál á dagskrá í verkefninu: Hlaupum hraðar

Hljótt hefur verið um þessi áform þar til formaður Framsóknar upplýsti í Morgunblaðsgrein um liðna helgi að ríkisstjórnin skoði nú að setja að nýju höft á milliríkjaviðskipti með matvæli, sem losað var um fyrir nokkrum árum.

Að sönnu er þetta vísir að kerfisbreytingu. Og athyglisvert er að samkvæmt þessari frásögn virðist Sjálfstæðisflokkurinn líka líta svo á að ný höft séu fyrsta mál á dagskrá í verkefninu: Hlaupum hraðar.

Þessi forgangsröðun kann svo að skýra hvers vegna ekki er að finna von um næga stækkun þjóðarkökunnar í fjármálaáætluninni. Til þess að örva hagvöxt þurfum við að ryðja hindrunum úr vegi en ekki setja upp nýjar.

Málamiðlun um krónuna

Í síðasta helgarblaði Morgunblaðsins var önnur og öllu áhugaverðari grein eftir Daða Má Kristófersson prófessor í hagfræði og varaformann Viðreisnar og Stefán Má Stefánsson fyrrverandi lagaprófessor. Hún ber yfirskriftina: Málamiðlun í gjaldeyrismálum.

Þar er, gagnstætt því sem rætt er við ríkisstjórnarborðið, fjallað um kerfisbreytingu til að tryggja stöðugleika krónunnar. Það er áhrifaríkasta leiðin til að örva hagvöxt á næstu árum og auðvelda fjármálaráðherra að hlaupa hraðar með atvinnulífinu.

Hugmynd þeirra er að vísu ekki alveg ný af nálinni. Stefán Már og Guðmundur Magnússon, prófessor í hagfræði og fyrrverandi háskólarektor, lýstu í sameiginlegri grein þegar haustið 2001 efasemdum um fráhvarf frá fastgengisstefnunni, sem lögfest var fyrr á því ári.

Í staðinn bentu þeir á ávinning af því að tryggja stöðugleika krónunnar í samstarfi við Evrópusambandið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Önnur málamiðlunarhugmynd

Sumarið 2008 kynnti Björn Bjarnason þáverandi dómsmálaráðherra hugmynd um að Ísland gæti óskað eftir inngöngu í Myntbandalag Evrópu og tekið upp evru á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, en án þess að stíga lokaskrefið til fullrar aðildar að Evrópusambandinu.

Þessi hugmynd gengur lengra en tillaga prófessoranna. En það breytir ekki hinu að hún var einnig hugsuð sem tilraun til málamiðlunar.

Eðlilega spyrja menn hvort málamiðlun sé til einhvers.

Flestir viðurkenna að óstöðug króna er hindrun í viðskiptum og að hún er Þrándur í Götu framleiðniaukningar og um leið bættra lífskjara. Og ekki fer á milli mála að hún ýtir líka undir misgengi og misskiptingu í þjóðfélaginu.

Hægt að hlaupa af stað strax

Vandinn er þessi: Þótt margir styðji fulla aðild að Evrópusambandinu, sem myndi tryggja Íslandi aðild að evru, eru aðrir hikandi. Í báðum hópum er þó víðtækur skilningur á mikilvægi stöðugrar myntar. Tillögur prófessoranna og Björns Bjarnasonar miða að því að brúa bilið.

Fyrirfram er ekki unnt að gefa sér hver afstaða Evrópusambandsins yrði. Ýmsir efast um áhuga þess. Formælendur beggja málamiðlunarhugmyndanna hafa þó fært rök fyrir því að það yrði bæði lögfræðilega og pólitískt erfitt fyrir Evrópusambandið að hafna viðræðum um þetta álitaefni.

Fallist Evrópusambandið á málamiðlun af þessu tagi er kosturinn við hana sá að unnt er að hlaupa af stað strax. Það er til mikils að vinna.

Þeir hlaupa seint hraðar

Málamiðlanir eru aftur á móti ekki líklegar til að hafa áhrif á hina, sem líta svo á að sérhagsmunir þeirra fáu og sterku, sem hagnast mest á sveiflum krónunnar, eigi að standa framar hagsmunum þjóðarheildarinnar.

Þeir munu líka seint hlaupa hraðar.



Casö 701 langborð



Rimme frá Casö, raðau saman þinni samstæðu



Borstofuhúsgön frá Casö



KRAGELUND Handrup



GLOBL VIKTOR
Hvíldarstóll

Stólar
Sófasett
Borðstofuborð
Skenkar/skápar
Hvíldarstólar
o.m.fl.

Klassísk gæða húsgögn á góðu verði



KRAGELUND Aya K 129



KRAGELUND K371





Mikið úrval af hvíldarstólum með og án rafmagns.

Komið og skoðið úrvalið

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | **nyform.is**

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Vogarskálar veirunnar og lýðheilsa



Alma D. Möller
landlæknir



Víðir Reynisson
yfirlögregluþjónn



Þórólfur Guðnason
sóttvarnalæknir

Hér verða reifuð mismunandi sjónarmið er lúta að faraldri COVID-19 og hvaða hagsmunir er varða lýðheilsu, vegast á. Einhverjum finnast aðgerðir ekki nógu harðar. Öðrum finnast aðgerðir of harðar og ræða hvort rétt sé að fara leið að hjarðónæmi. Það er mat okkar að fórnarkostnaður við leið hjarðónæmis verði allt of hár eins og rakið verður. Álit okkar er að best sé að halda áfram aðgerðum við að halda veirunni í skefjum, en með sem minnstri röskun á daglegu lífi, þar til bóluefni er fram komið. Annað sem vinnst við að þreyja þorrann er að þekking á meðferð og sjúkdómnum eykst, m.a. á langtímaáhrifum. Þá er hugsanlegt að veiran veiklist með tímanum líkt og gerðist í spænsku veikinni þó enn séu engin merki um slíkt.

Fyrsta bylgjan og COVID-19

Í fyrstu bylgju hérlendis greindust um 1.800 manns með veiruprófi og síðar 1.800 til viðbótar með mótefnamælingu, samtals 3.600 manns eða 1% þjóðarinnar. Af þeim hópi þurftu um 115 innlögn á sjúkrahús eða 3,2%, 30 þurftu meðferð á gjörgæsludeild eða 0,8% og 10 létust eða 0,3%. Þá er ljóst að margir sem veiktust lítið meðan veiran gekk glíma við langvinn einkenni og sumir eru enn óvinnufærir. Hvorki er þekkt hve stór sá hópur er né hve lengi einkenni munu vara en rannsóknir standa yfir.

Þegar farsóttin skall á var samstaða um að verja nauðsynlega innviði, ekki síst heilbrigðiskerfið og vernda viðkvæma hópa. Árangur Íslands byggði á víðtækum aðgerðum: upplýsingum til almennings, áherslu á einstaklingsbundnar sóttvarnir, snemmgreiningu og einangrun sýktra, markvissu eftirliti ásamt snemmtækri íhlutun við versnun veikinda, smitrakningu, beitingu sóttkvíar og samfélagslegum aðgerðum. Samfélagslegar aðgerðir fólu í sér heimsóknabann á hjúkrunarheimilum, samkomutakmarkanir, lokun mennta- og háskóla, lokun þjónustu með mikilli nánd og takmörkun á annarri en nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu.

Embætti landlæknis hefur fylgst með heilsu og líðan landsmanna á tímum COVID og áhrifum á heilbrigðisþjónustuna. Niðurstöður frá fyrstu bylgju eru birtar í Talnabrunni á landlaeknir.is. Gögnin benda til að afleiðingar þeirra aðgerða sem gripið var til hérlendis hafi verið mildar og niðurstöður frá rannsóknarinni Líðan þjóðar á tímum Covid-19 benda í sömu átt. Þó er hugsanlegt að tafir hafi orðið í greiningum sjúkdóma og að afleiðingar komi síðar í ljós. Nefnt skal að lögreglan merkti aukningu ofbeldis og að sóttvarnaaðgerðir geta hitt ákveðna hópa verr fyrir. Mikilvæg staðreynd er að heildarfjöldi dauðsfalla er ekki meiri það sem af er þessu ári samanborið við meðaltal undanfarinna tíu ára.

Langtímaáhrif sóttvarnaráðstafana?

Þótt áhrif sóttvarnaaðgerða hérlendis á lýðheilsu virðist væg til skemmri tíma litið, er ástæða til að óttast langtímaáhrif ef ástandið dregst. Áhrif sóttvarnaaðgerða á lýðheilsu til lengri tíma eru ekki þekkt en gætu hugsanlega verið: verri heilsuhegðun, t.d. minni hreyfing og svefn, verra mataræði og aukin streita og minni heilbrigðisþjónusta ef minnka þarf framboð þjónustu og/eða fólk veigrar sér við að leita þjónustu. Fleiri afleiðingar gætu verið aukin félagsleg einangrun og einmanaleiki, ofbeldi, kvíði og áhyggjur. Þá gæti meira atvinnuleysi og fátækt valdið neikvæðum afleiðingum fyrir heilsu og líðan. Það getur hins vegar reynst erfitt að greina áhrif sóttvarnaráðstafana á lýðheilsu frá beinum áhrifum faraldursins.

Embætti landlæknis fylgist með ákveðnum þáttum líðanar, heilsu og heilbrigðisþjónustu. Embættið skortir hins vegar innsýn í óbein áhrif faraldursins er varða t.d. afleiðingar ofbeldis, umfang atvinnuleysis og tekjumissis, áhrif

> **Það getur hins vegar reynst erfitt að greina áhrif sóttvarnaráðstafana á lýðheilsu frá beinum áhrifum faraldursins.**

mótvægisaðgerða stjórnvalda og ýmis heilsuhagfræðileg áhrif. Þá þarf að vega inn áhrif á skólastarf, menningarlíf o.fl. Landlæknir hefur því lagt til að stofnaðir verði þverfræðilegir og þverstofnanalegir hópar sem fái það hlutverk að vakta og meta áhrif á lýðheilsu. Lýðheilsuvaktin væri ákveðin hliðstæða við Velferðarvaktina sem stofnuð var eftir bankahrunið. Þá er ljóst að bágt efnahagsástand mun að sjálfsögðu geta endurspeglast í verri heilsu og minni heilbrigðisþjónustu.

Leið hjarðónæmis

Smitstuðull veirunnar er talinn vera 2,5-6. Ef hann er 2,5 þurfa 60% þjóðarinnar að smitast til að ná hjarðónæmi, ef smitstuðull er 6, þá 83%. Ef 60% þjóðarinnar (219.000 manns) sýkjast þá gætu 7.000 einstaklingar þurft innlögn á sjúkrahús, um 1.750 innlögn á gjörgæsludeild og 660 látist, miðað við hlutfallstölur frá fyrstu bylgju. Ef veiran fengi að ganga nokkuð óáreitt er augljóst að heilbrigðiskerfið myndi engan veginn ráða við fjöldann og að þessar tölur yrðu mun hærri. Í nýju, finnsku spálíkani er gert ráð fyrir 88 þúsundum smita næstu tvo og hálfan mánuð hérlendis, ef engar sóttvarnaaðgerðir væru í gangi og myndu allt að 3.000 einstaklingar greinast daglega seinni hluta nóvember. Hafa þarf þetta í huga þegar sóttvarnaráðstafanir verða ákveðnar næstu mánuði.

Auk áhrifa á heilbrigðisþjónustu vegna COVID-19 yrði ekki hægt að halda uppi heilbrigðisþjónustu vegna annarra sjúkdóma. Besta leiðin til að geta veitt þá heilbrigðisþjónustu sem landsmenn þurfa er að halda smiti niðri í samfélaginu. Enn fremur myndi leið hjarðónæmis valda miklum usla í samfélaginu almennt; erfitt yrði að tryggja nauðsynlega innviði og þjónustu ef stór hluti landsmanna væri veikur. Þetta sást skýrt í þeim löndum sem urðu harðast úti í byrjun faraldursins.

Great Barrington-yfirlýsingin

Yfirlýsing sem kennd er við Great Barrington hefur verið nokkuð til umræðu. Þar er gengið út frá því að



mjög harðar sóttvarnaaðgerðir, það er útgöngubönn og lokanir skóla, kæmu illa niður á lýðheilsu ef þeim væri viðhaldið þar til bóluefni er fram komið. Þar er því mælt með að farin verði leið hjarðónæmis. Lögð yrði áhersla á að vernda þá eldri og fólk í áhættuhópum eins og kostur væri með því að láta fólk sem þegar er með ónæmi sinna hinum eldri, með tíðum skimunum og lítilli starfsmannaveltu. Eldra fólk fengi heimsendingu af vörum og héldi sig almennt til hlés. Vert er að nefna að líklega eru aldraðir og áhættuhópar minnst fimmtungur Íslendinga, lauslega áætlað. Í þessari nálgun væri gert ráð fyrir að ungt fólk fengi að lifa eðlilegu lífi. Það gætti einstaklingsbundinna sóttvarna, skólar yrðu opnir og íþróttir leyfðar. Veitingahús og öll þjónusta sem og menningartengdir viðburðir héldu áfram.

Óumdeilt þykir að harðar sóttvarnaaðgerðir geta verið skaðlegar og því hefur verið áhersla á að hafa sóttvarnaaðgerðir sem mildastar hérlendis. Þannig var lífið í landinu með næsta eðlilegum hætti áður en þriðja bylgjan hófst og grípa þurfti til hertra aðgerða til þess að fletja kúrfuna vegna álags á heilbrigðiskerfið. Það er vísbending um að leið Great Barrington-hópsins kunni að vera nánast óframkvæmanleg, ef vilji er til þess að halda innviðum heilbrigðiskerfisins starfandi.

Áfram veginn

Samkvæmt sóttvarnalögum er það sóttvarnalæknir sem ráðleggur heilbrigðisráðherra til hvaða aðgerða er rétt að grípa. Þetta eru stórar og afdrifaríkar ákvarðanir sem mikilvægt er að vanda, enda hafa þær verið ræddar í ríkisstjórn sem staðið hefur að baki ákvörðunum þótt þær heyri stjórnskipulega undir heilbrigðisráðherra. Það er skynsamlegt í ljósi þess að vega þarf og meta margvíslega þætti þegar veiran og aðgerðir gegn henni eru annars vegar eins og rakið var hér að ofan.

Við þurfum að prófa okkur áfram og reyna að finna meðalveg, að halda smitum niðri með sem minnstri röskun á daglegt líf. Það er verkefni sem við megum ekki gefast upp á meðan við bíðum eftir bóluefni, en samvinna vísindamanna um allan heim gefur tilefni til bjartsýni um að sú stund renni upp. Nauðsynlegt er að áfram sé unnið samkvæmt bestu þekkingu og reynslu. Áfram þarf að leggja áherslu á:

1. Einstaklingsbundnar sóttvarnir; nándartakmörk, handhreinsun, grímunotkun, sótthreinsun snertiflata og að vera heima/sækjast eftir sýnatöku við einkenni sem samræmast COVID-19.
2. Vernd þeirra sem tilheyra áhættuhópum.
3. Vandaða og samræmda upplýsingamiðlun.
4. Snörp viðbrögð þegar upp koma smit; snemmgreiningu, einangrun, smitrakningu og sóttkví ásamt sem minnst íþyngjandi, staðbundnum aðgerðum eins og þarf.

Mikilvægt er að þjóðin standi áfram saman, þá mun okkur farnast best. Í ákalli um samstöðu felst þó ekki krafa um gagnrýnislausa umræðu, þvert á móti er mikilvægt að mismunandi sjónarmiðum sé velt upp þegar um er að ræða takmarkanir á borgaralegum réttindum. Bannfæring gagnrýnisradda er aðeins til þess fallin að sundra þeirri dýrmætu einingu sem við þörfnumst á þessum einstæðu og erfiðu tímum. Það er okkar bjargfasta skoðun að yfirvegun og samstaða er besta sóttvörnin.

39

Grímur Atlason
framkvæmdastjóri Geðhjálpar

Sjálfsvíg eru einn af mælikvörðum geðheilsu í samfélaginu á hverjum tíma. Þau eru endapunktur og óafturkræf. Árið 2019 tóku 39 Íslendingar líf sitt. Tilgangurinn með því að birta tölu yfir fjölda sjálfsvíga á Íslandi á síðasta ári er fyrst og fremst að beina sjónum að orsakaþáttum geðheilbrigðis. Þannig má auka umræðu um geðheilsu og orsakaþætti hennar og þannig stuðla að framförum. Sjálfsvíg eru staðreynd sem samfélög þurfa að lifa með en þeim á ekki að fylgja skömm og/eða afneitun. Skynsamlegra er að horfast í augu við þau, viðurkennum en reynum jafnframt að koma í veg fyrir þau og draga úr tíðni þeirra. Leiðin til þess er að bæta og rækta geðheilsu þjóðarinnar og gefa henni gaum.

Fyrir neðan fossinn

Áhersla samfélagsins þegar kemur að geðheilsu hefur um langt árabil verið fyrst og fremst á einkenni, meðferð og endurhæfingu við þeim vanda sem kominn er upp í stað þess að horfa til orsakaþátta. Þetta köllum við að vera fyrir neðan fossinn. Fyrir neðan fossinn fer fram meðferð og endurhæfing á einkennum. Þar er vissulega víða pottur brotinn. Þar þarf að skoða hugmyndafræði, þvinganir og nauðung, fábreyttar aðferðir við meðferð, vannýtta heilsugæslu, mikla starfsmannaveltu, vond kjör starfsmanna, takmarkaða aðkomu notenda og aðstandenda, heftan aðgang að sálfræðimeðferð, einhæfni í nálgun sálfræðinga, gamaldags nálgun í aðstandendavinnu, takmörkuð búsetuúrræði, skort á virkniúrræðum og húsakost geðþjónustu á Íslandi.

Fyrir ofan fossinn

Þar eru verndandi þættir geðheilbrigðis. Meðganga, frumbernska, barnæska, skólakerfið, árin á vinnumarkaði og ellin. Það að koma í veg fyrir hluta þeirra áfalla sem einstaklingur verður fyrir á æviskeiði sínu og draga úr áhrifum þeirra, bætir geðheilsu. Þangað ættum við að færa áherslur okkar. Orsakaþættir geðheilsu eru fjölmargir og það skiptir máli hvernig við hugum að þeim og ræktum. Við þurfum öll að uppfylla grunnþarfir: Næra, hreyfa, vera virk, ástunda hlýju og mildi svo nándin næri okkur, auk þess sem tilgangur og hlutverk okkar í lífinu ýti ávallt undir velíðan og sátt.

> **Taktu þátt og saman setjum við geðheilsu í forgang í samfélaginu.**

Samfélagslegur ávinningur

Á Íslandi eru um 22.000 öryrkjar. Beinn og óbeinn kostnaður samfélagsins vegna þessa er áætlaður um 180 milljarðar á ári. Örorkuþegar vegna geðrænna áskorana eru rúmlega 8.000 – kostnaður samfélagsins vegna þessa er áætlaður um 65 milljarðar á ári. Árlegur kostnaður ríkisins við geðlyf er í kringum fimm milljarða. Með því að bíða fyrir neðan fossinn fjölgar einstaklingum í þessum hópi. Hverfum frá aðgreiningarstefnunni og jaðarsetningu þeirra sem glíma við geðrænar áskoranir. Með því að einbeita okkur að verndandi þáttum geðheilsu mun samfélagið allt græða. Fyrir utan fjárhagslegan ávinning af því að koma fólki í virkni þá er innihaldsríkt líf utan fátæktargildru vart metið til fjár.

Áskorun

Við búum öll við geðheilsu og á lífsleiðinni göngum við öll í gegnum eitthvað sem hefur áhrif á hana. Nú finnum við á eigin skinni og sjáum það á fólkinu í kringum okkur hvað einangrun, óvissa og breytingar á athöfnum daglegs lífs geta haft mikil áhrif. Orsakaþættir geðheilsu eru fjölmargir og það skiptir máli hvernig við hugum að þeim og ræktum.

Taktu þátt og saman setjum við geðheilsu í forgang í samfélaginu. Þú getur skrifað undir áskorun þess efnis hér: www.39.is.

Fólk með sjálfsvígshugsanir er minnt á Hjálparsíma Rauða krossins, 1717, og netspjallið. Einnig er hægt að leita til Píeta samtakanna, síminn er opinn allan sólarhringinn og er 552-2218 og vefsíðan www.pieta.is.

FÓLK

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 2020

Tíska



Tíska er eitt af þeim fyrirbærum sem við höfum flest mjög gaman af og njótum þess að lifa og hrærast í. En þessum iðnaði, eins og svo mörgum öðrum, fylgir skuggamynd sem getur verið krefjandi að forðast. →4

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!



Sólveig opnaði nýlega nýja verslun í Ármúla, sem er björt með gott aðgengi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Verslun Guðsteins er nú á tveimur stöðum

Verslun Guðsteins er 102 ára fjölskyldufyrirtæki sem hefur sett svip sinn á Laugaveginn í áratugi. Nýlega var einnig opnuð björt og aðgengileg verslun í Ármúla 11, en Guðsteinn verður þó líka áfram á sínum stað í miðbænum. →2



Sólveig segir að vöruúrvalið í Ármúla og á Laugavegi verði svipað.
FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI

Framhald af forsíðu

Sólveig Grétarsdóttir og maðurinn hennar Hörður Harðarson keyptu Verslun Guðsteins fyrir einu og hálfu ári, en Sólveig hafði þá unnið sem rekstrarstjóri í versluninni síðan vorið 2016. Sólveig segir að frá þeim tíma hafi hún tekið eftir miklum breytingum á Laugaveginum.

„Ekki bara núna síðan í vor heldur alveg frá 2016 hefur verið mikið af ferðamönnum á Laugaveginum og mun færri Íslendingar. Maður sér það vel núna þegar ferðamaðurinn er ekki lengur á götunum. Laugavegurinn er tómur virka daga en það færist líf á götuna um helgar, en kannski minna núna þegar COVID er í hámarki," segir Sólveig.

Hún veltir fyrir sér af hverju ekki er hægt að hafa Laugaveg opinn á virkum dögum á veturna og vera með lokað á laugardögum.

„Þá væri hægt að vera með einhverjar uppákomur til að trekkja Íslendinginn í miðbæinn. Sumarlokanir eru fínar að mínu mati en ekki allt árið um kring."

Ástæða þess að Sólveig og Hörður hafa opnað aðra Guðsteins verslun er slæmt aðgengi og lokun Laugavegs allt árið sem var samþykkt núna í september.

„Við höfum verið að fá símtöl og tölvupósta þess efnis að fólk er að tilkynna okkur að það geti ekki lengur verslað hjá okkur vegna lokunar götunnar og einnig vegna mjög ruglingslegrar aðkomu að miðbænum," útskýrir Sólveig. Við erum einfaldlega að mæta þörfum viðskiptavina okkar.

„Algengt var að fólk væri keyrt upp að dyrum til þess að viðkomandi kæmist til okkar. Viðskiptavinir okkar komu einnig oft í leigubílum."

Sólveig segir að þau hafi sérstaklega fundið fyrir þessari ruglingslegu aðkomu þegar Reykjavíkurborg ákvað að snúa umferðarkaflanum frá Frakkastíg að Klapparstíg við, en hann hélst þannig síðasta vetur og hefur mætt miklum pirringi hjá fólki að sögn Sólveigar.


Vandaður jakki og peysa frá Digel.

Viðskiptavinir snúa aftur

Í Verslun Guðsteins er mikið af vörum sem þarfnast þjónustu, eins og jakkaföt og buxur sem þarf að stytta og eiga við hjá klæðskera.

„Við höfum fundið fyrir miklu þakklæti og fengið frábærar móttökur frá okkar viðskiptavinum vegna þess að við höfum opnað aðra Verslun Guðsteins. Við erum byrjuð að fá viðskiptavini til okkar aftur sem ekki hafa komið á Laugaveginn síðastliðin ár," segir Sólveig.

„Fólk er einnig mjög ánægt með að heyra að við ætlum að hafa Verslunina á Laugaveginum opna áfram, margir hafa sterkar taugar til þessarar gömlu verslunar."

Það er mikil saga á bak við þetta 102 ára gamla fjölskyldufyrirtæki, sem Sólveig segir að þurfi að passa að týnist ekki.

„Það eru ekki margar svona verslanir hér á landi og til að geta haldið lífi þá var þetta niðurstaða okkar, að opna aðra Verslun Guðsteins. Svo kemur í ljós hvort við náum að halda gömlu búðinni líka sem er klárlega stefna okkar," segir Sólveig.



Í versluninni er vönduð skólína frá þýska merkinu Digel.


Verslunin er með úrval af skyrtum.

„Það verður svipað vöruúrval á Laugavegi og í Ármúla, en Laugavegurinn verður meira í boutique-stíl. Þar verðum við til dæmis með Harris Tweed föt sem við erum nýkomin með frá Buckrout Tailoring og vörur frá JOOP sem er klassískt merki með glæsilegan fatnað."

Fjölbreytt vöruúrval

„Við ætlum að stíga lengra í að gera Verslun Guðsteins á Laugavegi fallegri og meira í anda gamla tímabilsins, en ég lagði áherslu á að hanna Verslun Guðsteins í Ármúla 11 opna og nýtískulega, hún er björt og með gott aðgengi," segir Sólveig.

„Við erum með okkar vinsælu buxur frá þýska merkinu Meyer sem er 60 ára fyrirtæki. Þeir eru með flotta stefnu hjá sér, orðnir lífrænir, kaupa bómull beint af bændum og varan er öll framleidd í Evrópu. Þetta eru mjög góðar og vandaðar buxur og koma upp í góðar stærðir fyrir herramenn. Annað vörumerki hjá okkur er Digel sem er einnig þýskt, en við erum við með jakkaföt, staka jakka, skyrtur, peysur og alveg frábæra skólínu frá þeim."

Einnig tekur Sólveig fram að verslunin sé með æðislegar peysur frá Ítalíu, mjög gott skyrtuúrval, frá Olymp, bæði í slim fit og modern fit sniðum, sem henta öllum gerðum af karlmönnum og skyrtur frá Bosweel, Digel og JOOP og nú er einnig hægt að fá skyrtur frá Rael Brooks.

„Okkar klassísku hnepptu náttföt eru einnig komin til okkar aftur frá Rael Brooks og líka frá Jockey og Hajo, sem eru snillingar í kósífötum eða heimafötum."

Verslun Guðsteins hefur alltaf verið mikil jólabúð og Sólveig segir að hún verði það áfram.

„Ég myndi mæla með að fólk fari tímanlega af stað í jólagjafaleiðangur til að létta á COVID-spennu í desember."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is



Verð: 32.980
Nú: 23.086



Verð: 29.980
Nú: 20.986



Verð: 28.980
Nú: 20.286

HAUST-
SPRENGJA

MOS MOSH

Verð: 39.980
Nú: 27.986



30% afsláttur
af völdum vörum



Verð: 28.980
Nú: 20.286

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Verð: 24.980
Nú: 17.486

Tíska með betri vitund

Flest höfum við mjög gaman af fyrirbærinu tísku og njótum þess að lifa og hrærast í henni. En þessum iðnaði eins og svo mörgum öðrum fylgir skuggi sem getur verið krefjandi að forðast.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Tískuiðnaðurinn hefur verið gagnrýndur fyrir ósjálfbærni og neikvæð áhrif á umhverfið, sérstaklega þegar kemur að „fast fashion“ fyrirbærinu og skammlífum tískusveiflum. Mörg efni sem eru algeng innan tískuiðnaðarins eru framleidd með mengandi efnum og notast við ósjálfbærar náttúruauðlindir eins og jarðefnaeldsneyti. Nútíminn er trunta, sagði skáldið og með aukinni umhverfisvitund og útbreiddari upplýsingum um ástand umhverfismála verður sífellt erfiðara að halda samviskunni hreinni.

Þrátt fyrir það er tíska óneitanlega skemmtileg og hún veitir okkur gleði og leiðir til sjálfstjáningar. Þó svo margt innan iðnaðarins sé ekki með allra besta móti umhverfislega séð, þá er samt sem áður vel hægt að taka meðvitaðar ákvarðanir um að velja betur þegar kemur að fatakaupum. Eitt af því sem hægt er að gera er að kaupa fatnað sem saumaður er úr umhverfisvænum efnum. En hvaða efni koma til greina þegar velja á þessi svokölluðu „umhverfisvænu efni“? Hér á eftir eru nefnd algeng efni sem ætti að vera hægt að finna í flestum tískuvöruverslunum.

Bómull er ekki bara bómull

Þó svo bómull komi mörgum fyrst í hug þegar þeir hugsa um náttúrulegt tau, þá er bómull ekki einfaldlega bómull þegar kemur að umhverfinu og sjálfbærni. Hefðbundin bómullarframleiðsla krefst gífurlegs magns af vatni, skordýraeitri og öðrum skaðlegum efnum.

Það eru þó til sjálfbærar aðferðir við framleiðslu á bómull sem taka til greina áhrif framleiðslunnar á umhverfið. The Better Cotton Initiative er alþjóðlegt átak sem styrkir ræktendur víða um heim í átt að sjálfbærari bómullarframleiðslu þar sem tekið er tillit til heilbrigði jarðvegsins, vatnsaðgangs og fleira. Um 12,5 prósent af allri bómull á markaðnum eru framleidd undir þessum hatti. Einnig má nefna framleiðslu á lífrænni bómull. Hún er ræktuð án notkunar skordýraeiturs, genabreyttra fræja og manngerðs áburðar.

Til þess að ganga úr skugga um hvort bómullin í vörunni sé framleidd á hefðbundinn skaðlegan máta, eða á sjálfbærari máta, er alltaf hægt að skoða merkimiðann á flíkinni. Ef hún er merkt GOTS (Global Organic Textile Standard) þá er framleiðslan laus við eiturefni, skordýraeitur og skaðlegan áburð sem skaðar bæði umhverfið og verkamennina. Einnig er góð regla að velja ávallt efni sem eru ólituð eða lituð með náttúrulegum litarefnum.



Ullin er falleg, hlý, endingargóð og umhverfisvæn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.



Það er ekki sama hvort það er bómull eða séra bómull.

> **Það er ekki að ástæðulausu að hampefni eru að koma aftur í tísku, en ræktun hamps er sérlega sjálfbær. Þessi tiltekna planta af kannabisætt vex einstaklega hratt, þarfnast einskis skordýraeiturs og étur ekki upp öll næringarefni í jarðveginum.**

Ull er gull

Þó svo ullarframleiðsla hafi gegnum tíðina ekki uppfyllt kröfur um dýravelferð þá er ullarframleiðsla þrátt fyrir það sjálfbær. Ull er allt í senn endurnýjanleg, endingargóð og lífbrjótanleg. Að auki hafa sumir fjárbændur framleitt ull með því að nota tækni sem bindur kolefni úr andrúmsloftinu og minnkar þannig umhverfisáhrif.



Lyocell er afar fjölbreytt efni sem hægt er að nýta í ýmiss konar tískufatnað. Hér má sjá kínverska fatahönnuðinn Chen Wen nota Lyocell í fallegan kjól á tískuvikunni í Kína fyrir vor og sumar árið 2019. MYND/GETTY

Lín

Lín er tau sem búið er til úr hör. Línið hefur fylgt mannkyninu allt frá Fornegyptum sökum þess hve ótrúlega endingargott það er, sem og vegna kælieiginleika þess. Svo lengi sem hörinn er ræktaður á svæðum sem henta, eins og víða í Evrópu, þá er engin þörf á áburði eða skordýraeitri. Að auki þarfnast ræktunin þar ekki mikillar vökvunar og hefur ekki slæm áhrif á jarðveginn. Í dag eru nær þrír fjórðu hlutar af öllum hör í heiminum ræktaðir innan Evrópusambandsins.

Lyocell og náttúrutrefjar

Lyocell er náttúrulegt efni, framleitt úr sellulósa sem unnið er úr viðarkvoðu. Hráefnið eða trefjarnar nefnast Tencel og er nafnið í eigu austurrísks fyrirtækis. Tenceltrefjarnar og þar með Lyocell eru lífbrjótanleg og framleiðslan krefst mjög lítils umhverfisrasks. Úrgangsvatn frá framleiðslunni er endurnýtt og engin skaðleg eiturefni eru notuð.

Meðal annarra náttúruefna sem valda litlu umhverfisraski eru efni eins og korkur, bambus og jafnvel þari og hafa umhverfismeðvitaðir hönnuðir framleitt fatnað og tískuvörur sem standast siðferðislegar og umhverfislegar kröfur sem og kröfur grænkera.

Hampur hefur verið notaður svo öldum skiptir við ýmiss konar framleiðslu og meðal annars í gerð náttúruvæns tauefnis. Þá er plantan þekktust fyrir hippamenninguna á 7. og 8. áratugnum. Það er ekki að ástæðulausu að hampefni eru að koma aftur í tísku, en ræktun hamps er sérlega sjálfbær. Þessi tiltekna planta af kannabisætt vex einstaklega hratt, þarfnast einskis skordýraeiturs og étur ekki upp öll næringarefni í jarðveginum.

Tau úr hampi er mjög áþekkt líni, er sérlega endingargott og ertir ekki húðina. Hampefni í sínu náttúrulegasta formi heldur ekki lit vel, nema mjög sterk litarefni séu notuð. En ólitaður og náttúrulega litaður hampur getur þrátt fyrir það gefið af sér fallega en daufa tóna.

FLOTTAR YFIRHAFNIR, FYRIR FLOTTAR KONUR



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Vetrardekk

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 2020


Kynningar: Nesdekk, Dekk1.is, Arctic Trucks



Nú á COVID-19 tímum þarf að huga vel að sóttvörnum og því eru allir starfsmenn hjá Nesdekkjum vel sprittaðir og bera grímur og hanska. Enginn starfsmaður fer inn í bílana, heldur aka eigendur bílunum sínum sjálfir inn á gólf. Lengri opnunartími að Breiðhöfða á að stuðla að því að færri viðskiptavinir séu á staðnum á sama tíma til að minnka smithættu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þekking og þjónusta á sex Nesdekk-verkstæðum

Nesdekk bjóða þjónustu fagmanna og opnaði nýlega nýja heimasíðu þar sem hægt er að skoða úrvalið, lagerstöðu og verð, og bóka tíma í dekkjaskipti. Á verkstæðinu á Breiðhöfða er nú opið lengur til að mæta eftirspurn og ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja sóttvarnir. ➔2



Starfsmenn vinna á vöktum og það þarf aldrei að skapast ringulreið á verkstæðinu. Viðskiptavinir geta bókað tíma og fengið sér kaffi og hressingu á meðan skipt er. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsíðu

Hjá Nesdekkjum hugsa menn stórt og eru verkstæði þeirra nú sex talsins, á nokkrum stöðum á Reykjavíkursvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri, en Nesdekkjaverkstæðið að Breiðhöfða 13 er stærsta og eitt fullkomnasta hjólbarðaverkstæði landsins. Þar er hugsað fyrir öllu þegar þjónusta og gæði eru annars vegar og Ólafur Benediktsson, framkvæmdastjóri Nesdekkja, boðar margar nýjungar.

„Nesdekk-verkstæðið okkar að Breiðhöfða er sérhannað fyrir starfsemina með tækjabúnaði og aðstöðu til að veita bílum af öllum stærðum og gerðum fyrsta flokks hjólbarðaþjónustu, auk þess sem það er gegnumkeyranlegt fyrir atvinnubíla," segir Ólafur og bendir meðal annars á niðurgrafnar lyftur og snertilausar umfelgunarvélar. „Viðskiptavinirnir okkar geta því treyst okkar mönnum fyrir bílum sínum og atvinnutækjunum þegar dekkin og felgurnar eru annars vegar. Svo getum við líka geymt dekkin á dekkjahótelinu okkar ef fólk vill."

Ólafur áréttar að nú á COVID-19 tímum séu allir starfsmenn vel sprittaðir, beri grímur og hanska. Þá fari enginn starfsmaður inn í bílana og eigendur aki bílum sínum sjálfir inn á gólf. Lengri opnunartími að Breiðhöfða er einnig hugsaður út frá því að færri viðskiptavinir séu á staðnum á sama tíma.

Tímapantanir létta mönnum lífið

„Október er stærsti mánuðurinn í dekkjabransanum og hann hefur oft einkennst af löngum biðröðum. Við í Nesdekkjum höfum brugðist við þeim vanda með því að bjóða fólki þann valkost að panta tíma fyrir bílinn í dekkjaskipti fyrir fram á verkstæðunum á Breiðhöfða og Fiskislóð. Þetta er spurning um að létta fólki lífið. Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með þessa nýjung, enda er fólk almennt vant því að bóka tíma fyrir fram þegar um annars konar þjónustu er um að ræða, samanber klippingu eða læknavitjun."

Ólafur bendir líka á að eftir sem áður geti fólk valið að fara í röð á öðrum Nesdekkjaverkstæðum.

> **Hér starfa menn með áratuga reynslu í dekkjabransanum sem vita hvað þeir syngja.**

Fagleg ráðgjöf við dekkjaval og ný heimasíða

Ólafur segir að góð þjónusta byggist á mannskap með reynslu. „Það er viðurkennd staðreynd að dekkin hafa heilmikið að segja um aksturseiginleika bílsins og því veltur öryggi ökumanna og farþega á gæðum þeirra. Við hjá Nesdekkjum höfum alltaf kappkostað að hafa fagmenn að störfum sem geta veitt bestu ráðgjöf við dekkjaval sem völ er á," segir hann. „Hér starfa menn með áratuga reynslu í dekkjabransanum sem vita hvað þeir syngja."

Hjá Nesdekkjum finnur þú hjólbarða frá þekktustu framleiðendum í heimi s.s. TOYO, PIRELLI, MASTERCRAFT, NANKANG, LAUFENN, MAXXIS OG INTERSTATE, ásamt fjölmörgum öðrum tegundum. Nýlega opnaði fyrirtækið nýja heimasíðu, nesdekk.is, þar sem fólk getur skoðað úrvalið, verð dekkja, lagerstöðu og bókað tíma.

Allir á dekki frá kl. 6.00–23.00 að Breiðhöfða 13

Óhætt er að segja að mikið gangi á þessa dagana hjá Nesdekkjum á Breiðhöfða. „Þessi tími er okkar vertíð og þegar eftirspurnin eftir þjónustu er mikil er brýnt að skipuleggja starfsemina vel. Við erum því á fullu gasi frá kl. 6.00 á morgnana til 23.00 á kvöldin allan október. Þannig náum við að þjóna enn fleiri viðskiptavinum," segir Ólafur.

Nánari upplýsingar á nesdekk.is og í síma 561-4200.



Nesdekk eru nú með verkstæði á sex stöðum á landinu. Þau er að finna á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Á Breiðhöfða 13 er nú opið frá 06.00 – 23.00 alla virka daga til að mæta eftirspurn.



Mikið úrval hjólbarða frá þekktustu framleiðendum í heimi er í boði hjá Nesdekkjum. Hér stendur Ólafur Konráð Benediktsson, framkvæmdastjóri Nesdekkja, við öflugan lager fyrirtækisins, sem hægt er að skoða á vefnum.



Sérfræðingar eins og Daniel Terrazas, stöðvarstjóri atvinnubíla, taka á móti viðskiptavinum með bros á vör.

Sjáðu úrvalið á **nesdekk.is**

Breiðhöfði 13, 110 Reykjavík, 590 2080 | Fiskislóð 30, 101 Reykjavík, 561 4110 | Grjóthálsi 10, 110 Reykjavík, 561 4210 | Lyngási 8, 210 Garðabæ, 565 8600 | Njarðarbraut 9, 260 Reykjanesbæ, 420 3333 | Njarðarnesi 1, 603 Akureyri, 460 4350

NESDEKK

Útgefandi: Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson | **Sölumaður auglýsinga:** **Jón Ívar Vilhelmsson,** jónivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | **Veffang:** frettabladid.is



Davíð Snær segir að Dekk1.is sé ein stærsta dekkjanetverslun landsins, en með beinni sölu í gegnum netið getur hún boðið betra verð en almennt þekkist hér á landi. Nýverið opnaði fyrirtækið svo dekkjaverkstæði í Reykjavík og Keflavík. Með því að bjóða besta verðið á landinu leggur fyrirtækið sitt af mörkum á þessum krefjandi tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dekk1.is - dekk á betra verði

Dekk1.is býður dekk til sölu í gegnum netið á betra verði en almennt þekkist. Dekkin eru send hvert á land sem er. Fyrirtækið var að opna ný verkstæði og býður umfelgun á afar hagstæðum kjörum.

Dekk1.is er ein stærsta dekkja netverslun landsins, en við sérhæfum okkur í sölu dekkja á netinu. Með beinni sölu í gegnum netið getum við boðið betra verð en almennt hefur þekkst hér á landi," segir Davíð Snær Jónsson, framkvæmdastjóri Dekk1. „Undanfarin sjö ár höfum við aðeins verið netverslun, en opnuðum nýverið dekkjaverkstæði í Reykjavík og Keflavík.

Opnun verkstæðanna kemur til vegna þess að við rekum einnig bílaleigu, en þar sem breyttar aðstæður komu upp í þeim rekstri sökum COVID-19 tókum við þá ákvörðun að ríða á vaðið og opna dekkjaverkstæðin tvö. Okkur finnst gaman að hafa nóg að gera," útskýrir Davíð.

„Á verkstæðum okkar bjóðum við umfelgun á afar hægstæðum kjörum, frá aðeins 7.900 kr. og höfum við lagt upp með að bjóða besta verðið á landinu og leggja þannig okkar af mörkum á þessum krefjandi tímum," segir Davíð. „Hjá okkur eru svo engar tímapantanir, heldur þarf bara að mæta."

Netverslanir koma sér vel í COVID-19 og með öflugri netverslun einföldum við aðgengi viðskiptavina að vörunni sjálfri. Ferlið er mjög einfalt, þú slærð inn dekkjastærðina þína, setur dekkin í körfuna, gengur frá kaupunum og

> **Netverslanir koma sér vel í COVID-19 og með öflugri netverslun einföldum við aðgengi viðskiptavina að vörunni sjálfri.**

kemur síðan í umfelgun í Reykjavík eða Keflavík þegar þér hentar," útskýrir Davíð. „Við sendum einnig dekkin hvert á land sem er í samstarfi við Póstinn. Á dekkjaverkstæðum okkar höfum við svo líka lagt mikið upp úr sóttvörnum, tveggja metra reglan er í hávegum höfð og handspritt er á öllum borðum.

Dekkin okkar eru frá öllum helstu framleiðendum og reynast vel við íslenskar aðstæður. Við bjóðum upp á negld og ónegld vetrardekk, heilsársdekk og sumardekk í öllum helstu stærðum. Við höfum selt dekk á netinu í sjö ár og hefur þjónustan hlotið lof viðskiptavina okkar," segir Davíð.

Verðvernd, skilafrestur og ábyrgð

„Við leggjum mikla áherslu á ánægju viðskiptavina okkar og tryggjum hana með ýmsum hætti," segir Davíð. „Með verðvernd okkar tryggjum við að þú fáir alltaf besta verðið hjá okkur. Ef svo ólíklega vill til að þú finnir betra verð á sambærilegri vöru hjá öðrum söluaðila á Íslandi innan sjö daga frá kaupdegi, endurgreiðum við þér mismuninn og veitum þér að auki 10% afslátt.

Ef þú pantaðir vitlausa vöru, líkar ekki varan, eða það hefur bara eitthvað breyst og þú þarft ekki lengur á henni að halda, getur þú einfaldlega skilað henni," segir Davíð. „Þú hefur 30 daga frá kaupdegi til að skila henni og getur þá fengið hana endurgreidda að fullu. Þetta er þó auðvitað háð því að varan sé ónotuð og í upprunalegu ástandi.

Síðast en ekki síst bjóðum við upp á tveggja ára neytendaábyrgð á öllum okkar vörum vegna framleiðslugalla," segir Davíð. „Ef svo ólíklega vill til að vörur frá okkur eru gallaðar, bætum við viðskiptavinum okkar það upp með nýrri alveg eins eða sambærilegri vöru.

Við bjóðum svo upp á þann greiðslumáta sem þér hentar. Hægt er að greiða með korti, með millifærslu eða fá greiðsludreifingu í gegnum Borgun, Símann Pay, Netgíró, AUR og Pei í pöntunarferli á síðunni okkar. Þetta getur auðveldað mörgum útgjöldin," útskýrir Davíð.

Verðdæmi á dekkjum:

14"	verð frá 7.960 kr.
15"	verð frá 9.590 kr.
16"	verð frá 11.590 kr.
17"	verð frá 13.590 kr.
18"	verð frá 15.590 kr.
19"	verð frá 21.800 kr
20"	verð frá 21.590 kr.



Á verkstæðum Dekk1 er boðið upp á umfelgun á afar hægstæðum kjörum, frá aðeins 7.900 kr., en hugmyndin er að bjóða besta verðið á landinu.

Dekk1 er með verkstæði á Funahöfða 6 í Reykjavík og Njarðarbraut 11 í Reykjanesbæ.
Opið 09.00 - 18.00 alla virka daga.
Lokað um helgar.
Nánari upplýsingar:
fyrirspurnir@dekk1.is
Sími: 519-1516
www.dekk1.is

Skrítið ástand vegna COVID

Nú gengur sá tími í garð að ökumenn skipta af sumardekkjunum yfir á vetrar- eða nagladekk. Sturla Pétursson segir að búast megi við mikilli örtröð á dekkjaverkstæðum á næstu dögum.

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is





Sturla Pétursson hefur starfað við dekkjaskipti frá 18 ára aldri.

Þetta er sérstakt ástand út af kórónaveirunni. Það þurfa allir að vera þolinmóðir og það mega ekki of margir vera inni á verkstæðinu í einu. Það er að mörgu að huga fyrir okkur, til dæmis að eiga nóg af spritti. Við förum eftir öllum sóttvarnareglum enda brýn ástæða til. Viðskiptavinir okkar hafa verið duglegir að sýna þolinmæði vegna ástandsins sem hefur skapast vegna veirunnar. Margir ökumenn hafa verið snemma á ferðinni til að forðast biðraðir. Það hefur verið nokkuð mikið að gera síðustu daga, allt frá því þegar fyrsti snjórinn kom í Esjuna, þann 20. september. Það er merki þess að veturinn sé að koma," segir Sturla og bætir við að hann fylgist vel með veðurspánni, enda fylgi það starfinu því það séu miklir álagstímar á hjólbarðaverkstæði þegar veður skipast fljótt í lofti og þá sérstaklega á haustin. Þá þurfi að kalla út aukamannskap oft með litlum fyrirvara. „Ég verð alltaf stressaður þegar nálgast frostmark. Ég var að borða kvöldmatinn um daginn og það kom haglél og þá svaf ég ekkert um nóttina því ég var að undirbúa allan hamaganginn á hjólbarðaverkstæðinu daginn eftir í huganum," segir hann og brosir.

Góðir hjólbarðar auka öryggi

Sturla segir að góðir hjólbarðar auki öryggi bílsins til muna, hvort sem það er vetur eða sumar. Hann segir að um 40% ökumanna séu á nagladekkjum yfir vetrartímann en um 60% á ónegldum vetrardekkjum.

„Við höfum séð mikið af harðskelja- og harðkornadekkjum á undanförnum árum. Þau hafa verið að koma inn í staðinn fyrir nagladekkin sem hafa verið á undanhaldi síðustu ár. Nagladekkin hafa reyndar komið svolítið aftur inn síðustu tvo vetur, þar sem það var óvenjuslæmt veður og færð. Það hafði áhrif. Annars eru það þeir sem keyra mikið úti á landi sem velja helst nagladekkin, enda meiri þörf á að vera á þeim þar. Nagladekkin hafa meira grip og nýtast sérlega vel á þeim stöðum þar sem er mikill snjór og lítið rutt. Nagladekk eru auðvitað best við ákveðnar aðstæður eins og þegar ísing myndast, til dæmis svokallað „black ice" þegar er rigning og það frystir að kvöldi og það myndast lúmsk hálka. Þetta eru kannski nokkrir dagar á ári hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem nagladekkin nýtast betur en önnur dekk.

> **Þeir sem eru á heilsársdekkjum ættu að láta skipta á milli fram- og afturdekkja með reglulegu millibili svo þeir klári ekki annað hvort parið.**

Rétt mynsturdýpt

Sturla segir það mikilvægt að huga reglulega að dekkjunum og skoða mynsturdýpt, loftþrýsting og almennt ástand þeirra. „Reglugerð segir að mynsturdýpt dekkja verði að vera að minnsta kosti 3 millimetrar yfir veturinn, það er frá 1. nóvember til 14. apríl. Yfir sumartímann á dýptin að vera lágmark 1,5 millimetrar."

Sturla nefnir að loft í dekkjum þurfi að vera hæfilegt til að aksturseiginleikar bílsins haldist réttir. „Gott er að athuga loftþrýstinginn á dekkjunum reglulega. Réttur loftþrýstingur eykur líftíma dekkjanna. Það þarf að vera sami loftþrýstingur á dekkjum sama áss. Of mikið eða of lítið loft slítur dekkjunum og getur valdið hættu við akstur. Þá er mikilvægt að láta jafnvægisstilla dekkin. Svo er oft ágætt að hreinsa dekkin á veturna. Ef það er búið að vera mikill snjór og hálka er ágætt að nota tjöruhreinsi til að hreinsa tjöruna sem myndast. Þeir sem eru á heilsársdekkjum ættu að láta skipta á milli fram- og afturdekkja með reglulegu millibili svo þeir klári ekki annað hvort parið. Framdekkin eyðast meira á framhjóladrifnum bílum og afturdekkin á afturhjóladrifnum bílum," segir Sturla sem hefur staðið vaktina á Gúmmívinnustofunni síðan hann var 18 ára gutti eða í 33 ár. Hann hefur verið eigandi og framkvæmdastjóri Gúmmívinnustofunnar síðastliðin 18 ár. Þrír ættliðir eru búnir að reka Gúmmívinnustofuna, hjólbarðaverkstæðið á höfuðborgarsvæðinu var stofnað árið 1960, en það var Halldór Björnsson, afi konu Sturlu, sem stofnaði fyrirtækið á sínum tíma.



Sérhæfa sig í jeppadekkjum

Arctic Trucks hefur boðið gæða jeppadekk í áraraðir sem hafa reynst einstaklega vel við íslenskar aðstæður. Boðið er upp á 29 til 44 tommu dekk fyrir flestar gerðir jeppa.

Arctic Trucks sérhæfir sig í dekkjum frá 29 upp í 44 tommur og einnig í jeppabreytingum. Þau stærstu eru gerð fyrir breytta bíla en félagið er einnig sérhæft í jeppabreytingum. Arctic Trucks er umboðsaðili fyrir hágæða jeppadekk frá ameríska fyrirtækinu Dick Cepek. „Við höfum boðið þessi dekk í hartnær fjörutíu ár á Íslandi. Flest jeppafólk þekkir þau," segir Steinar Sigurðsson, sölustjóri hjá Arctic Trucks, og bætir við að Dick Cepek séu frábær jeppadekk til fjallaferða. Einnig býður fyrirtækið víðtækt vöruúrval fyrir alla venjulega jeppa til alhliða notkunar sumar sem vetur.

Dick Cepek-vörulínan er fjölbreytt, hún er vinsælasta vörulínan í dekkjum hjá Arctic Trucks og býður dekk fyrir minnstu jeppana sem og þá allra stærstu. Sú breyting verður nú á framleiðslu Dick Cepek að allra stærsta jeppadekkið frá þeim dettur úr framleiðslu. Þar er um að ræða DC, 44 tommu dekkin sem eigendur mikið breyttra jeppa hafa ekið á um árabil. Í staðinn kemur Arctic Trucks inn með ný dekk sem félagið hefur hannað í samvinnu við Nokian og heitir AT Nokian Hakkapeliitta 44.

„Framleiðandi Dick Cepek hefur í nokkurn tíma látið í það skína að framleiðslu á DC 44 tommu dekkjunum verði hætt. Aðferðin við gerð þeirra er gömul en þau eru handunnin og steypt. Síðustu tíu ár hafa þeir eingöngu framleitt þessi dekk fyrir okkur og hafa framleitt nokkra gáma á ári. Nú liggur fyrir að dekkin hætta í framleiðslu. Það eru margir bílar sem hefur verið breytt fyrir þessi dekk og eigendurnir eiga eftir að sakna þeirra," segir Steinar.

„Eins og áður bjóðum við nú AT Nokian Hakkapeliitta 44 tommu dekkin sem eru sérhönnuð til vetrar- og snjóaksturs. Þau eru mjúk og henta einstaklega vel til aksturs við erfiðar aðstæður. Þetta eru radial dekk sem eru merkt okkur og eingöngu seld hjá Arctic Trucks. Dekkin hafa komið frábærlega vel út og endingin framar öllum vonum eftir tveggja ára reynsluakstur. Ferðaþjónustan hefur einnig verið nota þessi dekk með góðum árangri. Dekkin eru hljóðlát og þægileg í akstri. Mynstrið í þeim, sem er margverðlaunað, gerir gripið í snjó einstakt.

Minni eyðsla

„Við höfum prufuekið jeppa á Grænlandsjökli og á Suðurskautinu en bílarnir sem óku á AT Nokian 44 eyddu um 27% minna eldsneyti en þeir sem voru á öðrum dekkjum. Við erum því hæstánægð með nýja AT Nokian 44," segir Steinar.

„Við bjóðum upp á fjölbreytta vörulínu fyrir flestar tegundir af jeppum. Við hvetjum fólk til að hafa samband við ráðgjafa okkar til að fá leiðsögn með hvaða jeppadekk henta þeim og hvaða eiginleikum leitað er að."

Arctic Trucks er staðsett á Kletthálsi 3, hægt er að skoða úrval dekkja á vefversluninni, verslun.arctictrucks.is. Boðið er upp á alla almenna hjólbarðaþjónustu hjá Arctic Trucks að Kletthálsi 3.



Steinar, sölustjóri hjá Arctic Trucks, segir að í boði sé mikið úrval af dekkjum fyrir allar gerðir jeppa og að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Opnar óteljandi möguleika

Hjólbarðar mynda einu snertingu ökutækja við veginn og því er afar mikilvægt að þeir séu í góðu lagi, sem og vegir lands. Með veggreini Vegagerðarinnar er stuðlað að bættu umferðaröryggi.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Veggreinir var tekinn í notkun hjá Vegagerðinni árið 2018. Það er mælibíll sem er afar vel útbúinn og getur mælt yfirborð, nánasta umhverfi og uppbyggingu vega með auðveldum hætti. Á meðan bílnum er ekið er gögnum safnað með myndatökum og mælingum. Mælingarnar eru svo lesnar inn í sérútbúinn hugbúnað sem aðstoðar við ástandsmat vega og getur þannig aðstoðað starfsmenn Vegagerðarinnar við að forgangsraða vegum sem þarfnast viðhalds og meta umferðaröryggi þeirra.

Veggreinirinn opnar óteljandi möguleika við skilvirka gagnaöflun og vinnslu fyrir víðfeðmt vegakerfi Vegagerðarinnar. Upphaflega var áætlað að kaupa tæki sem gæti skannað vegyfirborð og greint jarðlög og efnisskil í vegum en fljótlega kom í ljós að hægt var að fá svo miklu meiri og víðtækari gagnaöflun og greiningu fyrir hin ólíku svið Vegagerðarinnar. Ákveðið var að kaupa tæki frá finnska fyrirtækinu Roadscanners, sem einnig hefur þróað hugbúnaðinn Road Doctor til úrvinnslu og birtingu niðurstaðna úr mælingum.

Fjölbreyttur búnaður

Veggreinirinn er útbúinn fjölbreyttum búnaði. Í honum eru:

- Tveir leysisskannar. Leysar á framás sem mæla sléttleika vegyfirborðsins.
- Þrívíddar hröðunarnemar á afturás.
- Þrjár myndbandsvélar á þaki bílsins
- Hitamyndavél.
- 360 gráðu myndavél.
- Jarðsjár, tvær 2 GHz og ein 400 MHz.
- GPS loftnet og IMU leiðréttingu.


Myndavélarnar á toppi bílsins taka upp myndband af veginum og út til hliðanna. Þau myndbönd, auk mynda úr 360 gráðu myndavélinni, eru meðal annars notuð í öryggisrýni, við mat á endurbótum vega og merkinga við hönnun.

Hitamyndavélina má meðal annars nota til að greina fínsprungur sem sjást ekki með berum augum, til dæmis í slitlögum og jarðgöngum. Einnig er mögulegt að greina leka í veggjum jarðganga. Með því að greina slíkar sprungur er hægt að framkvæma fyrirbyggjandi viðhald áður en stór vandamál skapast. Hægt er að hengja jarðsjá á frambita bílsins. Með henni er meðal annars hægt að greina:

- Mismunandi lög í veghloti (uppbyggingu vegar).
- Hvar lagnir liggja undir vegi.
- Hvar sprungur eru að myndast undir malbiki.
- Mismunandi rakasöfnun í vegi.
- Þykkt steypu ofan á brúargólfi og legu járna í steypunni.



Á meðan mælibíl Vegagerðarinnar er ekið um vegi landsins er gögnum safnað með myndatökum og mælingum.



Hér má sjá skýringarmynd af veggreininum og fjölbreyttum búnaði hans. MYNDIR/VEGAGERÐIN

Framkvæmd mælinga

Starfsmenn á hönnunardeild Vegagerðarinnar hafa séð um verklegan þátt mælinga. Dagar við mælingar eru oft langir, sér í lagi á sumrin þegar vel viðrar til mælinga. Veggreininn er þó ekki hægt að nota í bleytu, þar sem vatn safnast í dældir og hjólför og skanninn skannar ekki í gegnum vatn. Afköst á hefðbundnum degi við mælingar eru 100 kílómetrar, en við fulla úttekt þarf að aka kafla fjórum til fimm sinnum við fyrstu úttekt. Fyrst er mæling tekin á einni akrein í aðra áttina og síðan á hinni akreininni í hina áttina og ekið er á 50 km/klst. Þegar notast er við fínhrýfimæla, sem mæla sléttleika vegarins, og 360° myndavél, er hægt að aka á 80 km/klst.

Unnið úr gögnum

Sérkunnáttu þarf til að lesa úr gögnum veggreinisins en um það sjá starfsmenn hönnunardeildar Vegagerðarinnar. Hugbúnaðurinn sem fylgir mælibúnaðinum heitir Road Doctor en hann er byggður á opnum grunni og því hægt að tengja ýmiss konar töflugögn við gögnin úr veggreininum, til dæmis úr slitlagabanka Vegagerðarinnar, gögn um uppbyggingu vega og frá falllóði.

Enn sem komið er hefur verið lögð áhersla á að meta dýpi hjólfara, hrýfi (yfirborðsáferð slitlags) og svokallað veltigildi sem gefur vísbendingu um aflögun vegar sem getur valdið hættu.

Mat á viðhaldsþörf og öryggisaðgerðum

Road Doctor-hugbúnaðurinn er öflugt tól til að aðstoða við ákvarðanatöku í viðhaldi vega og eru mældar hjólfaradýptir settar inn í RoSy, viðhaldskerfi Vegagerðarinnar. Með því að mæla hjólför á sömu köflum ár eftir ár er hægt að rannsaka hvaða efni endast best eða verst í slitlagi og þá af hverju. Með því að greina aflögun í vegi með veltigreiningu er hægt að staðsetja staði sem þarf að laga eða taka niður hámarkshraða á. Hrýfigögn nýtast vel til að meta gæði á nýju bundnu slitlagi og sléttleika á eldri slitlögum. Myndir og myndbönd nýtast vel til að skoða staði sem koma illa út og einnig til öryggisúttekta. Almennt má segja að gögn úr veggreini nýtist vel til að hanna hnitmiðaðar viðhalds- og öryggisaðgerðir og draga þannig úr kostnaði, auka endingu vega og stuðla að bættu umferðaröryggi.

Frekari þróun og margvísleg verkefni veggreinisins

Mun fleira er hægt að greina úr gögnum veggreinisins en gert hefur verið hingað til. Til dæmis mætti greina staði þar sem runnið hefur úr öxlum eða þar sem efni hefur safnast í kanta og viðheldur bleytu á vegöxlum. Ein hagkvæmasta viðhaldsaðgerð á vegum í dag er að hefla niður kanta til að losna við vatn af vegi. Framtíðin gæti svo verið nákvæmnisgreining fyrir fyrirbyggjandi viðhald, eins og veghaldarar stefna almennt að.

Einn af stóru kostum veggreinisins er að nú er minni þörf fyrir að starfsmenn Vegagerðarinnar fari á staðinn. Til dæmis geta þeir, þegar alvarleg slys hafa átt sér stað, skoðað aðstæður með tilliti til hjólfara, missigs, halla fláa, sléttleika og einstaka hluti á öryggissvæði vegarins.

Í þeim tilfellum eru myndbandsupptökur og upptökur úr 360° vélinni þarfaþing.

Aðrir þróunarmöguleikar eru til dæmis að búa til landmódel af yfirborði vegsvæðis 20 metra til hvorrar hliðar út frá skannanum, sem nýta má í hönnun. Þá sparast tímafrekar mælingar í marga daga úti á vegi með tilheyrandi hættu. Einnig er hægt að sjá fyrir sér að drónamælingar og mælingar með veggreini fari vel saman. Skanninn er nákvæmari en drónarnir á veginum sjálfum, meðan drónarnir fanga betur heildarmynd svæðisins. Nokkuð var unnið af þessu í vetur og gefa fyrstu niðurstöður góða raun.

Þá mætti einnig nýta veggreininn til að leita að lögnum í jörð, en með því að leita að raka með jarðsjá og bera saman við lagnateikningar væri hægt að finna vísbendingar um leka. Fyrir umfangsmiklar malbikunaraðgerðir væri til dæmis tilvalið að skanna svæðið sem á að malbika til að skoða hvort skemmdir eru í lögnum sem mögulega gætu valdið skemmdum á veginum.

Áætlaðar mælingar árið 2020 og til framtíðar

Stefnt er að því að skanna alla vegi á viðhaldsáætlun framkvæmdadeildar hverju sinni, en til stendur að mæla alla vegi með bundnu slitlagi. Ekki er búið að festa tíðni mælinga en suma vegi er gert ráð fyrir að mæla á hverju ári á meðan aðrir vegir verða mældir sjaldnar og mun það þá fara eftir umferð og álagi.

Árið 2019 voru mældir um 4.000 kílómetrar um allt land og í ár er ætlunin að klára mælingu á öllu slitlagi Hringvegarins og mæla auk þess aftur þjóðvegi á höfuðborgarsvæðinu.

Birt með góðfúslegu leyfi Vegagerðarinnar. Lengri og ítarlegri útgáfa af þessari grein mun birtast í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar sem kemur út á næstu dögum. Sjá meira á vegagerdin.is.



DEKKJASALAN

Dekk og flottar felgur



ALLT Á EINUM STAÐ



Miðjustýringar



Felguræ r og felguboltar fyrir flestar gerðir bíla



Forritanlegir loftþrýstingsskynjarar

Dekkjasalan, Dalshrauni 16, Hafnarfirði - **587 3757** - dekkjasalan.is



Gúmmíið í dekkjunum spillist með tímanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Öldrun dekkja

Almenna reglan um endingu upprunalegra dekkja á nýjum bíl er sú að þau endist í um 80.467 kílómetra akstur. Hins vegar eru mörg atriði sem geta haft töluverð áhrif á endingu dekkja og minnkað hana til muna.

Því dekk eldast, sem merkir það að gæði þeirra minnka með ári hverju. Þá hefur mest að segja ákveðið efnafræðilegt ferli sem á sér stað í gúmmíinu og hiti og sólarljós geta haft slæm áhrif á þetta ferli. Til að mynda er líftími dekkja sem eru aldrei notuð kringum 6-10 ár en þessi líftími fer að sjálfsögðu eftir þeim aðstæðum sem dekkin eru geymd við.



Platan Rubber Soul markaði tímamót í sögu og tónlist Bítlanna.

Bítlar og bílar

Allt er nú til segja sumir og á það svo sannarlega við um laga- og textagerð, en þó nokkur lög sem á einn eða annan hátt tengjast bílum hafa náð vinsældum í gegnum tíðina.

Eitt þeirra er lagið Drive my Car“ með Bítlunum en það var samið þann 13. október árið 1965 og var á plötunni Rubber Soul sem kom út í desember sama ár. Textinn er sunginn frá sjónarhorni karlmanns sem er beðinn um að vera einkabílstjóri konu sem segist muni verða stór stjarna. Þegar hann samþykkir það svo játar hún: „Ég á engan bíl og það brýtur í mér hjartað, en ég hef fundið ökumann og það er byrjunin.“

Paul McCartney sagði síðar að orðatiltækið „Drive my Car“ hafi gjarnan verið notað sem tilvísun í kynlíf í blústextum áður fyrr og þá helst áður en sjálfskiptir bílar komu til sögunnar.

Eldsneytiseyðsla eykst í kulda

Eftir því sem kólnar í veðri vex eldsneytiseyðsla bílsins. Munurinn á eyðslu á sumrin og veturna getur auðveldlega numið allt að 20 prósentum. Vissulega er hægt að vinna umtalsvert gegn þessari sóun með því einu að setja vélarhitara í bílinn. En ef vélarhitari er ekki til staðar er samt hægt að gera ýmislegt til að draga úr eyðslunni. Gott ráð er að nota sem allra minnst afturrúðu-, sæta- og speglahitarana. Þá er mikilvægt að sjá til þess að loftþrýstingurinn í dekkjunum sé minnst sá sem hann á að vera samkvæmt handbók bílsins og jafnvel 0,2 loftþyngdum hærri í miklum kulda. Einnig er gott að keyra vélina á sem lægstum snúningi og láta hana ekki erfiða. Þá skal hafa í huga að smá snattferðir á bílnum kosta mikið og best er að spara slíkan akstur sem mest.



Í kulda er gott að passa þrýstinginn.

Alla leið á öruggari dekkjum

Pantaðu tíma í dekkjaskipti á n1.is



ENNEMM / SÍA / NM-002164

MICHELIN Quality Dealer 2020

Michelin X-ICE Snow

Nýjasti meðlimurinn í vetrardekkjalínu Michelin
Aukið grip hvort sem í hálku, snjó eða slabbi
Endingargott grip út líftímann
Einstakir akstureiginleikar og þægindi við erfiðustu aðstæður
Allir bestu eiginleikarnir – Michelin Total Performance

Nýtt



Michelin X-ICE North 4

Besta hemlun í hálku, hvort sem dekkin eru ný eða ekin 10.000 km
Betri aksturseiginleikar m.v. helstu samkeppnisaðila
Hámarks grip með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð
Einstök ending



Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því sem dekkið slitnar
Endingargott grip út líftímann
Lagskipt gúmmíblanda sem veitir hámarks grip

Notaðu N1 kortið

Hjólbarðaþjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394
		Réttarhvammi Akureyri	440-1433

N1 ALLA LEIÐ

Curvy

MIKIÐ ÚRVAL AF KÓSÝ HEIMAFÖTUM

Stærðir 14-30 eða 42-58

Sjáðu úrvalið og pantað í netverslun www.curvy.is

Opið í verslun Curvy alla virka daga
frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

FRÍ HEIMSENDING
Ef þú verslar fyrir 5000 kr eða meira













VERSLUNIN CURVY * FELLSMÚLI 26 VIÐ GRENSÁSVEG, 108 REYKJAVÍK * SÍMI 581-1552 * WWW.CURVY.IS

Töfrandi og tignarlegur

Oscar Wilde er mörgum kunnur en hann er einn þekktasti rithöfundur, leikrita- og ljóðskáld Íra. Á morgun, 16. október, eru liðin 166 ár frá fæðingu þessa stórmerkilega manns.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Wilde var mikill framúrstefnumaður í hugsunarhætti og áhrifa hans gætti og hefur raunar gætt meðal ótal listamanna allar götur síðan. Hann þótti einstaklega hnyttinn og varð fljótt afar eftirsóttur og áberandi í félags- og skemmtanalífi Lundúna eftir að hafa flust þangað seint á áttunda áratug 19. aldar að loknu námi við Oxford.

Vaxandi frægð og umtal

Árið 1881 var óperan Patience eftir Gilbert og Sullivan frumsýnd en verkið var háðsádeila á fagurfræðistefnuna sem í hugum margra var samofin Wilde. Fagurfræðistefnan (Aesthetic Movement) gekk út á að hafna siðferðisboðskap í bókmenntum, tónlist og öðrum listformum. Áherslan var fremur á fagurfræðina og einkennisorðin voru „list fyrir listarinnar sakir“.

Ein af aðalpersónunum var bersýnilega byggð á Wilde og gerði það að verkum að nafn hans varð enn þekktara. Wilde, sem á þessum tíma glímdi við fjárhagsörðugleika, var þá boðið að flytja fyrirlestra í Bandaríkjunum á sama tíma og Patience var sett upp í New York. Þegar hann kom til New York með skipi í desember 1881 lét hann eftirfarandi orð falla við tollafgreiðslumanninn: „Ég hef ekkert að tilkynna nema snilli mína.“

Wilde sló í gegn í Bandaríkjunum, dvaldi þar um skeið og heimsótti einnig Kanada. Hann flutti svo til Frakklands í stuttan tíma en sneri aftur til Englands vegna áhuga síns á konu að nafni Constance Lloyd sem var dóttir efnaðs lögfræðings frá London. Talið er að fjárhagssjónarmið hafi haft áhrif á ráðahaginn og að Wilde hafi hugsanlega viljað kvænast til þess að þagga niður þrálátan orðróm um samkynhneigð.

Þau giftust árið 1884 og bjuggu í fjögurra hæða húsi í London sem Wilde eyddi miklum fjármunum í að láta endurgera. Wilde var iðinn við skrif, vinsældir hans fóru stöðugt vaxandi og um skeið var mikið um gestagang á heimilinu. Hjónin eignuðust tvo drengi, Cyril og Vyvyan. Árið 1887 tók hann við ritstjórn á kventímaritinu „Lady's World: A Magazine of Fashion and Society“ sem hann umbreytti og endurnefndi „Woman's World“. Þar fjallaði hann um ýmis málefni ásamt Constance en hún var líka rithöfundur og skrifaði fyrir tímaritið.



Oscar Wilde í Bandaríkjunum í janúar árið 1882. MYNDIR/GETTY

Klæðaburður Wilde vakti líkt og hann mikla athygli en hann klæddist oft háum sokkum, hnébuxum, loðfeldum og flauelsslám. Hann sagði að fatnaður ætti að vera fallegur en þó hagnýtur. Klæðnaðurinn sem þótti einkennandi fyrir fagurfræðihreyfinguna bar merki afturhvarfs til tímans fyrir iðnbyltingu. Þröngu lífstykkin sem einkenndu hið heftandi Viktoríutímabil áttu ekki upp á pallborðið. Sjálfur Wilde talaði um fatnað af því tagi sem ofríki eða harðstjórn (e. tyranny).

Upphafið að endinum

Samhliða vaxandi vinsældum eyddi Wilde sífellt meiri tíma utan heimilisins og þá helst í félagsskap ungra fallegra manna. Árið 1891 kynntist hann svo ungum manni, lávarðinum Alfred Douglas, en samband þeirra átti eftir að leggja líf Wilde í rúst. Faðir Alfred, aðalsmaðurinn John Douglas, var afar ósáttur við samband þeirra og dreifði andstyggilegum orðrómum um Wilde sem leiddi til þess að Wilde ákvað að lögsækja hann fyrir meiðyrði. Úr urðu alræmd réttarhöld þar sem verjendur Douglas ásökuðu Wilde um kynvillu og fór það svo að Douglas var fundinn saklaus. Wilde var dæmdur til að greiða lögfræðikostnað Douglas og var svo sjálfur fundinn sekur um ósiðsemi og samkynhneigð (e. sodomy) og dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar. Að henni lokinni neyddist hann til að yfirgefa England og hrökklaðist til Frakklands. Þar drakk hann sífellt meira áfengi þrátt fyrir mikinn heilsubrest og lést svo árið 1890. Jafnvel á dánarbeðinum var hann hnyttinn en hann lét hafa eftir sér að hann stæði í banvænu einvígi við ljótt veggfóðrið sem prýddi veggina og að annað hvort þeirra þyrfti að fara.



Oscar Wilde þótti og þykir enn einstaklega hnyttinn og heillandi.

> **Hann fann mikið til útlits síns, og þótti vel, þegar honum var líkt við rómverskan keisara frá hnignunaröldinni.**

Meðferðin sem Wilde hlaut á Englandi þótti afar smánarleg og var mikið fjallað um örlög hans. Í tímaritinu Iðunn er til dæmis að finna stórskemmtilega grein um Oscar Wilde eftir Guðmund Kamban frá árinu 1929 þar sem hann lýsir Wilde á eftirminnilegan og lifandi hátt.

„Oscar Wilde var hár maður vexti, augun grá, fjörmikil og fögur með afbrigðum; hárið mikið og með jörpum ljóma. Hann fann mikið til útlits síns, og þótti vel, þegar honum var líkt við rómverskan keisara frá hnignunaröldinni. Í búnaði var hann allra manna glæsilegastur, og ekki laus við að vera of íburðarsamur, over-dressed. Þó að hann hafi samið sum beztu rit sín á furðulega skömmum tíma, var hann makráður að eðlisfari. Hann var tiginmannlega stiltur í viðmóti og hafði hljómblíðan málróm, sem jók áhrif þess, sem mest var töfrandi í fari hans: mál hans, andríki þess og hugvit. Hann taldi það sjálfur sína æðstu gáfu: að tala. Hann sagði einu sinni: „Ég gaf listinni hæfileika mína, lífinu guðdómsneistann.““



Oscar Wilde í grískum búningi árið 1877 en hann þótti skara fram úr við þýðingar á grísku og latneskum textum.

Verkfræði og arkitektúr

Sérlega flott blað um heim verkfræði og arkitektúrs í Fréttablaðinu miðvikudaginn 30. október.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir;

Jóhann Waage, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Ford C-Max 2/2104 ekinn aðeins 115 þ. Km. Diesel. Sjálfskiptur. Álfelgur. Samlitur. Ofl. Ný skoðaður. Rúmgóður fjölskyldubíll á góðu verði. Verð: 1.450.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Píplagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Málarar

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

HÚS OG MÁL
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki,húsfélög og einstaklinga

- Gipsvinna
- Málun
- Flísalagnir
- Gluggaskipti
- Glerskipti
- Trésmíðavinnu
- Múrverk
- Múrviðgerðir

Sími. 788 7688
info@husogmal.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

Heilsa

Heilsuvörur

gott cbd
þú átt gott skilið

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Til sölu

FASTEIGNA MIÐLUN
Sverrir Pálmason, lögmaður og löggiltur fasteignasali, sími 867-1001
Skólavörðustíg 3 - 2. hæð - 101 Reykjavík
Sími 575 8500 - www.fasteignamidlun.is



Erum með til sölu geymsluskúra að Álhellu 14 Hafnarfirði. Afhending í desember 2020.

45 fm geymsluskúr á 14.900.000 kr
32 fm geymsluskúr á 9.900.000 kr
26,3 fm geymsluskúr á 8.500.000 kr

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Bergmann í síma: 839-1600 eða gunnar@fasteignamidlun.is



Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í sal að **Skúlagötu 40** til að geta boðið nemendum uppá að halda fjarlægðamörk vegna Covid19. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi.
Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:
Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska III:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið spænska IV:
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Skype námskeið spænska III (22.000 krónur):
Mánudaga og miðvikudaga: 19:30 - 20:30

Skype byrjendanámskeið (22.000 krónur) :
Þriðjudaga og fimmtudaga: 20:00 - 21:00



Námskeiðin hefjast 19. og 20. október.
Verð á mann er 32.000 kr.
Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spaenskuskolinnhablame@gmail.com
Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spaenskuskolinn_hablame

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

EYJALIND
Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Geymsluskúrar /gestahús til sölu




- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup. jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR

hagvangur.is

Vanmáttur?



Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður
Vinstri grænna

Umræða um stefnuræðu forsætisráðherra hefur breyst. Þingmenn úr báðum fylkingum fá hana senda og ætti að vera í lófa lagið að leggja út af henni. Oftast halda stjórnarþingmenn sig við málefnin sem forsætisráðherra fjallar um og sín sérsvið að auki. Stjórnarandstaðan hneigist nú sterklega til þess að ræða um málefni síns flokks, kynna áherslur sínar, og víkur lítið að efni ræðunnar; jafnvel ekkert. Þar með líkjast umræður í þingbyrjun helst almennum stjórnmálaumræðum.

Nú síðast einkenndust ræður sumra stjórnarandstöðuþingmanna af neikvæðum stimplum og órökstuddum staðhæfingum. Jafnvel eigin málefni þeirra fóru fyrir lítið í flaumi af orðalagi á borð við: ... vilja halda hlutunum óbreyttum... stjórnin gerir ekkert í grænu málunum... vill engu breyta... algjört samhengisleysi... stefnuleysi... enginn fyrirsjáanleiki... ekki verið að bæta nægu fé í heilbrigðiskerfið... vantar áherslur á nýsköpun... matarkarfan hækkað um tugi prósenta síðan um áramót... losun gróðurhúsagasa aukist... vantar grænar atvinnustoðir... Hvar eru stoðirnar undir þessum málflutningi?

Ætlað getuleysi ríkisstjórnarinnar virðist koma fram í um 200 þingmálum sem hún mun vinna að á 151. þinginu (og nálægt 150 málum skv. samstarfssamningi flokkanna sem þegar eru í höfn, ásamt öðrum þingmálum). Einnig í grunnstefnusamþykktum og aðgerðaáætlunum í orkumálum, nýsköpun með grænum áherslum, ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu, orkuskiptum, vega- og hafnarmálum, loftslagsmálum, flugþjónustu, heilbrigðisþjónustu og fleiri málaflokkum, að ógleymdum Lífskjarasamningunum og ýmsum framfaraskrefum í velferðar- og jafnréttismálum.

Framlög til nýsköpunar hafa hækkað um 25 milljarða króna eða 73% á kjörtímabilinu. Frammi fyrir heimsfaraldrinum hefur ríkisstjórnin sett fram skýra stefnu og tugi aðgerða sem verja heilsu og líf almennings en treysta samtímis á mikla opinbera fjárfestingu og aðstoð við fólk og fyrirtæki. Ríkissjóður þolir hallarekstur vegna styrkrar stöðu ríkisfjármála. Stefnunni er samhliða fylgt eftir með snarlegum og breytilegum sóttvarnaaðgerðum enda áhrif veirunnar ekki fyrirsjáanleg nema að sumu leyti. Slík aðferðafræði er einn helsti grunnur vástjórnunar. Stefnumótun og aðgerðum fylgir hver milljarðatugurinn eftir annan. Engu að síður eru hópar í samfélaginu sem verður að taka þéttar utan um, einkum sá sem glímir við einangrun, fíkn og fátækt af ýmsum orsökum.

Losun og kolefnisbinding er á réttri leið hjá okkur. Líkan sem tekur mið af þróuninni og samþykktum, fjármögnuðum aðgerðum ríkisstjórnar og Alþingis sýnir að við náum vel fram úr skuldbindingum okkar skv. Parísarsamkomulaginu 2030. Við höfum þegar náð að minnka losun um 6,7 prósentustig af þeim 29 sem okkur er úthlutað skv. samkomulagi við ESB og Noreg. Kolefnishlutleysi 2040 er raunhæft og orkuskipti á öllum sviðum möguleg. Útgjöld til umhverfismála hafa aukist um 47% frá 2017. Borgarlína og loftslagsjákvæðar breytingar í samgöngum eru staðreynd.

Grænvangur, samstarfsvettvangur fyrirtækja og stjórnvalda um loftslagsmál og grænar lausnir, sömuleiðis. Hvatar til orkuskipta, einkum í samgöngum, eru til reiðu og skattahvatar til kolefnisbindingar sömuleiðis. Heildarskipulag sorpförgunar og endurvinnslu er í burðarliðnum. Má herða á aðgerðum? Já. Þarf þess? Já. Draga stjórnvöld lappirnar í vinnu að iðjagrænu hringrásarhagkerfi sem fyrst á þessari öld? Nei. Miðað við stöðu samfélagsins og ríkisfjármála er þessi ríkisstjórn framfarastjórn. Gagnrýni? Já, en studd málefnalegum rökum í stað stimpla og frasakenndra fullyrðinga.

Tryggja þarf betur rétt foreldra langveikra barna



Sif Huld Albertsdóttir
Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ



Teitur Björn Einarsson
varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi

Barátta foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna er risavaxin og langvarandi. Ábyrgðin sem á herðum þeirra hvílir og álagið sem fylgir daglegu lífi er ólíkt því sem langflest fólk þarf nokkurn tímann að upplifa. Í ofanálag bendir allt til þess að stuðningskerfi ríkisins veiti ekki fullnægjandi skjól og nái ekki utan um margþættan vanda sem þessir foreldrar glíma við.

Kerfið er ósveigjanlegt, uppfullt af gloppum og tryggir ekki með heildstæðum hætti stöðu foreldranna til að samræma bærilegt fjölskyldu- og atvinnulíf. Það bitnar fyrst og fremst á þeim sem síst skyldi og hlífa þarf mestra allra, börnunum.

Það er deginum ljósara að við þurfum að gera svo miklu meira og betur en gert er í dag og það er hægt. Koma þarf á fót heildstæðu stuðningskerfi fyrir foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna sem byggir á sama grunni og meginþættir laga um fæðingar- og foreldraorlof. Slíku fyrirkomulagi um veikindaorlof foreldra yrði ætlað að auka beinan stuðning við umrædda foreldra og bæta réttarstöðu þeirra á vinnumarkaði, í námi og gagnvart öðrum þáttum velferðarkerfisins. Í annan stað er brýn þörf á að líta til sérstaklega viðkvæmrar stöðu foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna á landsbyggðinni sem þurfa að sækja með börnunum nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og læknismeðferð um langan veg fjarri heimili sínu.

Ljóst er að ráðamenn eru meðvitaðir um að hægt er að gera betur. Skipaðir hafa verið starfshópar og skýrslur skrifaðar sem kveða á um tillögur til úrbóta. Góð samstaða er líka á hinum pólitíska vettvangi um að gera barnafjölskyldum einfaldara um vik eins og sjá má á nýjum áformum um lengingu fæðingarorlofs. En betur má ef duga skal.

Alla jafna geta foreldrar skipulagt töku fæðingarorlofs og undirbúið sig almennt og fjárhagslega undir nýtt hlutverk í lífinu og er fæðingarorlofi ætlað að styðja við foreldra að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og tryggja barni samvistir við báða foreldra. Ábyrgðin sem hvílir á herðum foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna er gjörólík og alvarlegri og staða þeirra bæði óvænt og óumbeðin.

Það hníga þar af leiðandi sanngirnisrök til þess að orlofsréttur vegna langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna eigi að vera rýmri en gildir um rétt til töku fæðingar- og foreldraorlofs. En ýmislegt í lögunum bendir hins vegar til þess að því sé öfugt farið í dag.

Sem dæmi má nefna að í lögum um fæðingar- og foreldraorlof er skýrt kveðið á um að ráðningarsamband milli starfsmanns og vinnuveitanda helst óbreytt, óheimilt er að segja upp starfsmanni vegna fyrirhugaðrar töku orlofsins nema gildar ástæður séu fyrir hendi og sérstaklega tekið fram að fjárnám í greiðslum úr fæðingarorlofssjóði sem ekki hafa verið greiddar er óheimilt. Sambærilega réttarvernd er ekki að finna í lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna eða ákvæðum um umönnunargreiðslur.

Aðalatriðið er að nýtt, heildstætt stuðningskerfi taki fyrst og fremst mið af umönnunarþörf barns. Umönnunarþörfin er óháð stöðu þess sem annast það og því eiga greiðslurnar að fylgja barninu. Enda markmiðið að tryggja börnunum eins eðlilegt og gefandi líf og mögulega hægt er. Það er á þeim grunni sem tryggja verður möguleika foreldra að sama skapi til félagslegrar þátttöku, náms og veru á vinnumarkaði.

Ef núverandi stuðningskerfi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna væri heimfært yfir á skólamötuneyti væri staðan þessi: Í stað þess að öll börn fengju jafnt skammtað þá fengju sum börn hálfan skammt í hádeginu af því það væri til matur í ísskápnum heima, önnur ekki neitt af því þau borðuðu vel heima hjá sér á kvöldin, einhver tvöfaldan skammt af því þau gátu gengið í skólann og svo væri ekkert tillit tekið til fæðuóþols eða ofnæmis.

Þetta hróplega ósamræmi og óskilvirkni sést best þegar reglur um greiðslur vegna ferða- og dvalarkostnaðar eru skoðaðar.

Í reglugerð um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innanlands segir að einstaklingar sem búa á landsbyggðinni og þurfa að sækja heilbrigðisþjónustu til höfuðborgarinnar fái endurgreiddar tvær ferðir á 12 mánaða tímabili, þegar um er að ræða nauðsynlega ferð og a.m.k. 20 km vegalengd á milli staða. Í reglugerðinni er einnig minnst á langveik börn sem þurfa að fá heilbrigðisþjónustu utan heimabyggðar. Einungis er greiddur ferðakostnaður fyrir einn fylgdarmann og barn og þá verður barn að vera inniliggjandi á sjúkrahúsi í 24 tíma til þess að dvalarkostnaður fáist niðurgreiddur.

Vitnisburður fjölda foreldra langveikra barna á landsbyggðinni síðustu misseri tekur af öll tvímæli um að þær reglur sem gilda um ferða- og dvalarkostnað ná ekki markmiðunum. Hið opinbera er líka í hróplegu ósamræmi við sjálft sig. Þannig má taka dæmi af akstursgjaldi. Þegar ríkisstarfsmenn eiga í hlut eru greiddar 114 kr./km á meðan akstursgjald sjúkratrygginga miðast við 31,61 kr./km. Þetta ósamræmi er með öllu óskiljanlegt og móðgun við skattgreiðendur sem gera þá kröfu að vel sé farið með sameiginlega sjóði og fjármunirnir nýtist fyrst og fremst þeim sem höllum fæti standa í samfélaginu.

Snúa verður af þessari braut og jafna í alvöru aðstöðumun foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur vegna ferða- og dvalarkostnaðar verða einfaldlega að taka mið af þörfum barnsins og fyrirkomulagið að vera sveigjanlegt og sanngjarnt.

Mikill er máttur félagasamtaka og sjálfseignarstofnana



María Fjóla Harðardóttir
forstjóri Hrafnistu



Björn Bjarki Þorsteinsson
framkvæmdastjóri Brákarhlíðar

Mikilvægi frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana í íslenskri heilbrigðisþjónustu er mikið. Á liðnum árum og áratugum hafa sprottið upp kröftug félagasamtök, fyrirtæki og sjálfseignarstofnanir fyrir tilstuðlan einstaklinga sem rutt hafa brautina með sínu baklandi, með sínu félagi, í þágu almannaheilla. Þetta eru rekstraraðilar sem ekki eru í eigu hins opinbera, þar á meðal Rauði krossinn, Hjartaheill, Geðhjálp, Alzheimersamtökin, Krabbameinsfélagið, Samband íslenskra berklasjúklinga, Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavanda, svo fáein samtök séu nefnd af handahófi. Meðal sjálfseignarstofnana eru t.d. Grund, Hrafnista, Eir, Skjól, Brákarhlíð, Ljósið, Múlabær og fleiri sem ástæða væri til að nefna.

En af hverju er verið að telja hér upp þessi félagasamtök og sjálfseignarstofnanir? Ástæðan er m.a. sú að það gleymist stundum fyrir hvað félagasamtök og sjálfseignarstofnanir standa og hver sé ábyrgð þeirra og hlutverk í tannhjóli heilbrigðisþjónustunnar. Á sama tíma og óhætt er að fullyrða að hún standist allan gæðasamanburð, hvert sem litið væri, gera sér ekki allir grein fyrir hvað það kostar að reka þjónustu sem þessa enda þótt hún sé rekin í samræmi við kröfulýsingar sem heilbrigðisráðuneytið gefur út og eru eðli málsins samkvæmt bundin að lögum og reglugerðum sem gilda um þjónustuna. Reksturinn er án hagnaðarsjónarmiða og hver króna aflögu rennur til starfseminnar sjálfrar, bættrar þjónustu, uppbyggingar og viðhalds en um þessar mundir hefur þó aldrei verið eins nauðsynlegt að ígrunda hverja einustu krónu sem varið er til útgjalda. Þann 4. febrúar síðastliðinn, þegar heilbrigðisráðherra úthlutaði af safnlið fjárlaga til félagasamtaka sem starfa að heilbrigðismálum, sagði ráðherrann: „Frjáls félagasamtök sinna daglega gríðarlega mikilvægu starfi í þágu samfélagsins. Styrkirnir sem veittir eru hér í dag eru í senn viðurkenning á því starfi og fjárframlag til að styðja við þá mikilvægu starfsemi sem frjáls félagasamtök sinna í þágu heilbrigðisþjónustunnar."

Með þessum orðum hitti ráðherrann svo sannarlega naglann á höfuðið og við sem samfélag megum ekki gleyma mikilvægi þess að þakka framlag þessara félaga og stofnana sem hér um ræðir, sem oft upplifa sannan eldmóð og kraft frá nærsamfélagi sínu sem leiðir til enn betri árangurs, meiri samkenndar og góðvildar í garð starfsemi þessara frjálsu félagasamtaka og sjálfseignarstofnana. Við hvetjum því landsmenn alla, líkt og við höfum gert sjálf, til að velta fyrir sér hvar við værum stödd sem samfélag, óháð COVID, ef ekki væri fyrir þessi félagasamtök og sjálfseignarstofnanir. Við megum ekki vanmeta hvað áunnist hefur hér á landi fyrir tilstuðlan þessara frjálsu aðila í heilbrigðisþjónustunni, sem brunnið hafa fyrir viðkomandi málstað.

Saman í sókninni



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra

Stærsta áskorun stjórnvalda um þessar mundir er að milda höggið af kórónuveirufaraldrinum fyrir íslenskan almenning og atvinnulíf. Utanríkisþjónustan gegnir þar veigamiklu hlutverki. Nú þegar útlit er fyrir að gjaldeyristekjur þjóðarinnar dragist verulega saman vegna tímabundins samdráttar í ferðaþjónustu verðum við að blása til stórátaks í útflutningi.

Í upphafi faraldursins tók utanríkisþjónustan höndum saman við að greiða leið þúsunda Íslendinga hingað heim. Þegar þessu stóra verkefni lauk ákvað ég að næsta forgangsmál utanríkisþjónustunnar yrði að styðja enn frekar við íslenskan útflutning. Ég skipaði starfshóp sem lagði fram tillögur í tólf liðum í skýrslunni Saman á útivelli – framkvæmd utanríkisstefnu í kjölfar COVID-19.

Á meðal þessara tillagna er viðskiptavakt fyrir íslenskan útflutning sem í dag verður formlega ýtt úr vör. Um er að ræða mikilvæga viðbót við þá aðstoð sem viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins hefur veitt um árabil. Nú verður hægt að hringja í utanríkisráðuneytið allan sólarhringinn, komi upp aðstæður eða samskiptahnökrar sem bregðast þarf strax við, jafnvel um miðja nótt eða í aðdraganda stórhátíða. Til dæmis þarf að hafa hraðar hendur ef fersk matvæli liggja undir skemmdum vegna vandamála við tollafgreiðslu. Einnig getur viðskiptafólk lent í vanda á ferðalögum erlendis, ekki síst á þessum farsóttartímum. Á okkar snærum starfar sérhæft starfsfólk á 26 sendiskrifstofum í 21 landi, auk rúmlega tvö hundruð kjörræðismanna í 92 löndum, sem vinna að hagsmunum Íslands á alþjóðavettvangi. Utanríkisþjónustan er alltaf á vaktinni; þegar sólin sest í New York rennur upp nýr dagur í Tókýó.

Í dag mun ég jafnframt undirrita þjónustusamning utanríkisráðuneytisins og Íslandsstofu. Þar með verður að veruleika þjónustuborð atvinnulífsins sem Íslandsstofa hefur umsjón með. Þangað getur atvinnulífið sótt sér upplýsingar um möguleika á stuðningi við atvinnuþróunarverkefni í þróunarlöndunum og víðar. Einnig geta fyrirtækin fengið þar stuðning og leiðsögn um hvernig koma mætti hugmyndum í framkvæmd.

Heimsbyggðin öll fæst nú við afleiðingar farsóttarinnar, bæði heilsufarslegar og efnahagslegar. Það er morgunljóst að taka mun mörg ár að vinna úr þeim flóknu áskorunum sem kórónuveirunni fylgja. Og einmitt þess vegna hefur aldrei verið mikilvægara að snúa bökum saman og fara öll í sóknina á útivelli.

Sviptir stigi fyrir að mæta ekki

FÓTBOLTI Ítalska knattspyrnusambandið ákvað í gær að dæma Juventus 3-0 sigur á Napólí eftir að leikmenn Napólí mættu ekki til leiks þegar liðin áttu að mætast á dögunum. Þá var eitt stig tekið af Napólí, sem er því með fimm stig eftir þrjá leiki.

Í aðdraganda leiksins kom í ljós að tveir leikmenn Napólí væru smitaðir af kórónaveirunni. Heilbrigðisyfirvöld í Napólí kröfðust því þess að félagið myndi ekki ferðast til Tórínó og mæta ítölsku meisturunum og varð Napólí við beiðni þeirra. Samdægurs kom yfirlýsing frá Juventus þar sem fram kom að leikmenn liðsins myndu mæta til leiks. Þeir mættu því með dómurunum og biðu í 45 mínútur áður en gengið var af velli.

Að mati ítalska knattspyrnusambandsins var ekki grundvöllur fyrir ákvörðun Napólí enda féll tilvik þeirra ekki undir neyðartilvik (e. force majeure), eins og krafa er um hjá ítalska knattspyrnusambandinu. Napólí er búið að áfrýja og krefjast þess að fundin verði ný leikdagsetning. **– kpt**



Forráðamenn Liverpool voru á bak við tillöguna. MYND/GETTY

Höfnuðu tillögu stórliðanna

FÓTBOLTI Félög ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu karla höfnuðu hugmyndum forráðamanna Liverpool og Manchester United, sem settar voru fram á sunnudaginn og gengu undir nafninu Project Big Picture. Kosið var um tillögurnar á fundi forráðamanna félaganna í gær og voru þær felldar. Hins vegar var samþykkt á fundinum að smíða björgunarpakka fyrir félögin í C- og D-deildunum, en gjaldþrot blasir við þeim félögum verði ekkert gert.

Meðal þess sem félögin lögðu fram var að fækka liðum í úrvalsdeildinni úr tuttugu liðum í átján.

Öll 20 félög deildarinnar samþykktu samhljóða að hvorki forráðamenn ensku úrvalsdeildarinnar né enska knattspyrnusambandsins myndu taka fyrir, eða vinna með, þær tillögur sem eigendur Liverpool og Manchester United settu saman.

Félögin ákváðu á fundinum í dag að vinna saman að því að búa til framtíðarplan fyrir ensku knattspyrnuna og það yrði gert með gegnsæjari hætti en gert var þegar fyrrgreindar tillögur voru settar samana. Þá yrði það gert í allri vinnu í framtíðinni sem varðar heildarskipulag eða fjárhagsleg málefni í knattspyrnunni á enskri grundu. **– hó**

Kórónaði endurkomuna með marki



Bakvörðurinn Birkir Már Sævarsson var kominn aftur inn í lið Íslands eftir langa fjarveru í gær og skoraði annað mark sitt fyrir Íslands hönd í naumu 1-2 tapi gegn Belgum í gær. Belgar skoruðu tvisvar í fyrri hálfleik, en áttu erfitt með að hrista spræka Íslendinga af sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

A-deildin of sterk fyrir Ísland

Það er ljóst að Ísland lendir í neðsta sæti riðilsins í Þjóðadeildinni eftir naumt tap gegn Belgum í gær. Vængbrotið lið Íslands stóð í Belgum en sterkustu lið Evrópu virðast vera númeri of stór fyrir Ísland.

FÓTBOLTI Eftir 1-2 tap gegn Belgum á Laugardalsvelli hefur Ísland lokið heimaleikjum sínum í Þjóðadeildinni þetta árið og leikið sinn síðasta heimaleik í A-deildinni í bili. Ísland er enn án stiga eftir fjórar umferðir, og eftir sigur Dana á Englendingum í gær er það ljóst að neðsta sætið er hlutskipti Íslands að þessu sinni. Þetta er í annað skiptið í röð sem Strákarnir okkar falla úr A-deildinni, en breytingar á fyrirkomulagi deildarinnar björguðu Strákunum okkar á síðasta ári. Eins og fyrir tveimur árum hefur uppskeran verið rýr til þessa en spilamennskan hefur verið talsvert betri en í fyrri leikjum liðsins í Þjóðardeildinni.

Í aðdraganda fyrsta tímabilsins í Þjóðadeildinni hafði Heimir Hallgrímsson, þáverandi landsliðsþjálfari karlalandsliðsins, oft orð á því að efsta deild Þjóðadeildarinnar væri eins konar Meistaradeild Evrópu fyrir landslið. Eftir síðasta leik Heimis með liðið gegn Króatíu á HM, minntist Eyjamaðurinn á að það væri viðurkenning fyrir árangur síðustu ára. „Við erum að fara núna í efstu deild Þjóðadeildar, sem er Meistaradeild landsliða í Evrópu og það er önnur viðurkenning sem þessir strákar eru búnir að vinna sér inn síðustu ár."

Heimir hafði svo sannarlega rétt fyrir sér þegar hann kallaði þetta Meistaradeild Evrópu fyrir landslið. Í undankeppnum hefur iðulega verið eitt lið í sérflokki, en þegar kemur að Þjóðadeildinni er rjóminn af knattspyrnumönnum Evrópu í efstu deild. Belgarnir hafa komið tvisvar, Englendingar, Danir og Svisslendingar allir heimsótt Laugardalsvöll og öll liðin hafa farið með stigin þrjú úr landi.



Undir stjórn Hamrén er Ísland einum sigri frá EM en Þjóðadeildin hefur reynst honum erfiðari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ísland var búið að leika fjóra leiki gegn Belgum í röð án þess að skora áður en kom að leik gærkvöldsins.

Það sama má segja um flestar þjóðir í A-deildinni því leikur gærkvöldsins var 130. viðureign Íslands við lið úr A-deildinni. Gegn liðunum í A-deildinni hefur Ísland unnið níu leiki, gert 24 jafntefli og tapað 97 leikjum eftir úrslit gærkvöldsins.

Til samanburðar hefur Ísland mætt liðunum sem skipa B-deildina 138 sinnum og unnið 35 leiki, 22 leikjum hefur lokið með jafntefli og liðið tapað 81 leik.

kristinnpall@frettabladid.is

NÓA

ENGINN GRIKKUR

BARA GOTT!



NÓADAGURINN

Besti dagur vikunnar!

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

15. OKTÓBER 2020 FIMMTUDAGUR



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Gunnlaugur Stefánsson

frá Höfðabrekku,

lést þann 8. október á Dvalarheimilinu Hvammi, Húsavík.
Í ljósi aðstæðna verður útförin ekki auglýst og mun hún fara fram með nánustu aðstandendum.
Aðstandendur senda sérstakar þakkir til starfsfólks Hvamms fyrir einstaka umönnun síðustu árin.

Kristín Erla Jónsdóttir
Garðar Tyrfingsson
Ari Þór Jónsson
Ragnheiður Helgadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Kr. Árnadóttir

(Didda)

Blásölum 21,

sem varð bráðkvödd 29. september, verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 16. október kl. 13.
Í ljósi aðstæðna verður boðið til athafnarinnar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Auður Árný
Kristján Salberg
Ólöf Ágústína
Ásta Bergljót



♡

Okkar elskulegi unnusti, sonur, bróðir, barnabarn og frændi,

Atli Þór Ólafsson

frá Ísafirði,

lést í Mexíkó þann 18. september sl.
Útförin verður auglýst síðar.

Hedna Gallardo
Brynja Höskuldsdóttir
Þorgeir Jónsson
Ólafur Þór Geirsson
Rannveig Eir Helgadóttir
Hjördís Erna Ólafsdóttir
Íris Ösp Ólafsdóttir
Viktor T. Bjerring
Hjördís Olga Þórðardóttir
Geir Baldursson
Aiko Sól og Enok Máni Hjördísarbörn



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

Lúðvík Vilhjálmsson

flugumferðarstjóri,
til heimilis að Maríubaugi 39, Reykjavík,

lést mánudaginn 12. október.

Ingveldur Fjeldsted
Vilhjálmur Albert Lúðvíksson
Kristín Lúðvíksdóttir
Björn Ágúst Björnsson
Guðrún Karítas Bjarnadóttir
Halldór Sveinn Kristinsson
barnabörn.



†

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Skúli Magnússon

húsasmiður,
Daggarvöllum 4a, Hafnarfirði,
áður Vogum á Vatnsleysuströnd,

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar, þriðjudaginn 6. október sl. Útförin fer fram í Kálfatjarnarkirkju, Vatnsleysuströnd, föstudaginn 16. október. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir útförina, en athöfninni verður streymt. Upplýsingar um streymið má finna á fésbókarsíðu Skúla.

Steinunn Helga Aðalsteinsdóttir
Sveindís Skúladóttir
Guðmundur Hjálmarsson
Guðrún Skúladóttir
Magnús Skúlason
Helga Sóley Kristjánsdóttir
Ingibjörg Skúladóttir
Hermann Torfi Björgólfsson
barnabörn.

Sæunn var í heimsfréttum

Í október árið 1987 lagði vestfirsk kýr til sunds yfir þveran Öndundarfjörð og bjargaði með því lífi sínu. Eyþór Jóvinsson bóksali hefur skrifað barnabók um hana.

Kýrin Harpa synti yfir Önundarfjörð á flótta frá Flateyri að Kirkjubóli í Valþjófsdal þegar átti að leiða hana til slátrunar í október árið 1987. Eftir sundafrekið var hún nefnd Sæunn og fékk að lifa lengur. Nú er komin út ný barnabók um þennan atburð. Hún nefnist einfaldlega Sundkýrin Sæunn. Á annarri hvorri síðu er hún prýdd stórum litmyndum eftir Freydísi Kristjánsdóttur en textann skrifaði Eyþór Jóvinsson, eigandi Bókabúðarinnar á Flateyri. Hann segir komið á annað ár síðan hann byrjaði að forma söguna og huga að útgáfu hennar.

„Hvatinn að söguskrifunum var sá að ég rek bókabúð á Flateyri og fann fyrir þörf á skemmtilegri barnabók sem tengdist svæðinu. Þá fór ég að huga að efni og fannst liggja beinast við að segja söguna af kúnni Sæunni og hennar frækilega sundafreki. Hún var heimsfrétt á sínum tíma.“

Mér finnst gaman að miðla sögunni til ungu kynslóðarinnar gegnum bókina, fræða þau um hvernig dýr skynja hætturnar sem að þeim steðja og hvernig sum þeirra geta bjargað sér á undraverðan hátt undan örlögum sínum.

Eyþór kveðst bara hafa verið tveggja ára gamall þegar atburðurinn átti sér stað svo hann muni hann ekki sjálfur. „En mér var sögð sagan þegar ég var barn og hún hefur lifað með mér, enda er hún enn á vörum fólks hér vestra. Mér finnst gaman að miðla sögunni til ungu kynslóðarinnar gegnum bókina, fræða þau um hvernig dýr skynja hætturnar sem að þeim steðja og hvernig sum þeirra geta bjargað sér á undraverðan hátt undan örlögum sínum.“



„Mér var sögð sagan sem barn og hún hefur lifað með mér,“ segir Eyþór. MYND/JORRI

Eyþór segir bókinni um sundkúna Sæunni hafa verið vel tekið á söguslóðunum. „Bókin hefur rokselst og það er mikil ánægja með hana, ekki bara hér fyrir vestan heldur líka annars staðar,“ segir hann og tekur fram að hann eigi ekki einn heiðurinn af henni. „Hún Freydís, sem málaði hinar glæsilegu myndir í bókinni, á líka stóran hlut í henni og svo Sögur sem gefa hana út.“

gun@frettabladid.is





†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför

Árna Halldórssonar

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki sjúkrahússins í Neskaupstað fyrir umönnun og alúð.

Kristín A. Árnadóttir, Halldór Árnason, Björn Árnason
Sigrún Árnadóttir, Guðmundur Árnason,
Auður Sigrúnardóttir og fjölskyldur.



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Gunnars Kjartanssonar

viðskiptafræðings,
Sóltúni 11.

Ágústa Árnadóttir
Margrét Gunnarsdóttir
Jakob F. Ásgeirsson
Kristín Gunnarsdóttir
og barnabörn.



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þröstur H. Elíasson

sendibílstjóri,
Melabraut 46, Seltjarnarnesi,

andaðist 11. október á hjúkrunarheimilinu Eir.

Lilja Þrastardóttir
Skúli Þorsteinsson
Helgi Leifur Þrastarson
Guðrún R. Maríusdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýju við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Unnar Elísabetar Gröndal


Sérstakar þakkir til Dalbæjar, dvalarheimilis aldraða, fyrir alúð og góða umönnun.

Benedikt Björnsson Bjarman
Halldóra Gísladóttir
Sigurður Ragnar Sverrisson
Gísli Sigurður Gíslason
Karólína Gunnarsdóttir
Hólmfríður Amalía Gísladóttir
Júlíus Baldursson
barnabörn og barnabarnabörn.

BESTA BÓK RAGNARS!



TILBOÐSVERÐ:
5.999.-
Verð:
6.999.-



Ragnar Jónasson
Höfundur

1.
Metsölulisti Eymundsson

Vetrarmein

„Glæpasagnahöfundur á heimsmælikvarða."
Sunday Times

„Besta glæpasaga [Ragnars] til þessa."
Steinþór Guðbjartsson, Morgunblaðið

Framúrskarandi fyrirtæki 2019

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 19. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 °C | 6 ↖	5 °C | 2 ↑	7 °C | 2 ↘
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
7 °C | 1 ↙	8 °C | 4 ↙	2 °C | 9 ↑

Suðaustlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og víða léttskýjað í dag, en hvassara og sums staðar væta við S-ströndina. Hiti 2 til 9 stig í dag.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C | 0 ○	4 °C | 4 ↗	5 °C | 2 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
1 °C | 2 ↙	7 °C | 5 ↘	2 °C | 4 ↘

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7 °C | 1 ↘	1 °C | 3 ↖	-1 °C | 1 ←
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 1 ↓	6 °C | 4 ←	2 °C | 0 ○

LÉTT

	4			9				7
5		8		1	7			9
6						8		
7	8		5				3	
3			4		2			
2								
			3		6	9	8	
			9	5				
	5	3		8	1	2	6	

MIÐLUNGS

1		5		2				
2					8		9	
6		8	1		3			
9				5	2	3	1	
	6			3				8
		2			1			
5	1		9	6				2
						4		1
		6			7			


ÞUNG

								1
			7	9				8
		5	3		6			
				5		3	1	9
	8				9	7		
		1	2		3		5	
	3			2			8	
9						4		
1		2	8					6

Krossgáta

LÁRÉTT
1 tilkall
5 léleg
6 í röð
8 brenna
10 tveir eins
11 pláss
12 rytja
13 sókn
15 vín
17 stigi

LÓÐRÉTT
1 slöngvikraftur
2 hreinsað
3 miski
4 tormerki
7 æfur
9 merja
12 gljáhúð
14 stígur
16 drykkur



LÁRÉTT: 1 kræfa, 5 aum, 6 gh, 8 stikna, 10 tt, 11 rúm, 12 leif, 13 fram, 15 lík(jór, 17 skali
LÓÐRÉTT: 1 kastafl, 2 rutt, 3 ami, 4 agnúi, 7 hamfari, 9 kremja, 12 lakk, 14 rís, 16 ól

Skák Gunnar Björnsson

Magnús Carlsen (2863) átti leik gegn landa sínum Aryan Tari (2633) í áttundu umferð Altibox Norway Chess-mótsins.

42. He8! Dxe8 43. Dh6+ Kg8 44. Dxg6+ Kh8 45. Rf6 1-0.
Heimsmeistarinn endurheimti forystuna með þessum sigri. Alireza Firouzja er í öðru sæti. Níunda og næstsíðasta umferð fer fram í dag og þá mætast Carlsen og Íraninn ungi.

www.skak.is: Geðheilbrigðismótið á netinu í kvöld.

Hvítur á leik



4	8	2	1	9	5	3	6	7
9	3	7	2	6	8	4	5	1
5	1	6	4	7	3	2	8	9
6	2	5	7	8	4	9	1	3
7	4	1	9	3	6	5	2	8
3	9	8	5	1	2	6	7	4
2	7	3	6	4	1	8	9	5
8	5	9	3	2	7	1	4	6
1	6	4	8	5	9	7	3	2


4	6	1	5	7	2	9	8	3
7	3	5	9	8	4	2	1	6
2	8	9	3	6	1	5	7	4
3	1	7	4	2	8	6	9	5
5	9	8	6	3	7	4	2	1
6	2	4	1	5	9	7	3	8
8	4	6	2	9	3	1	5	7
9	5	3	7	1	6	8	4	2
1	7	2	8	4	5	3	6	9

5	6	1	3	7	4	8	9	2
7	3	8	2	6	9	1	5	4
9	2	4	5	1	8	3	6	7
8	1	3	9	4	5	7	2	6
2	5	7	6	3	1	4	8	9
6	4	9	7	8	2	5	3	1
3	7	5	1	2	6	9	4	8
1	8	2	4	9	3	6	7	5
4	9	6	8	5	7	2	1	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

DÝRMÆT AUGNABLIK

Óborganlegar hugleiðingar um lífið og tilveruna eftir Þráin Bertelsson og franska bolabítinn Theobald.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

Pondus Eftir Frode Øverli



Gelgjan Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HREKKJAVÖKUNA HEIM AÐ DYRUM

Ný og glæsileg netverslun www.partybudin.is



FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR 10.000 KR EÐA MEIRA



Þurrís til sölu helgina 30.okt - 1.nóv.

Hrekkjavökuopnun

Helgin 24.-25.okt 10-18

Mán-Fös 26.-30.okt 10-21

Lau. 31. okt: 10-21

Sun. 1. nóv: 10-18

GRÍMUSKYLDA

Í VERSLUN MEÐAN ÁSTAND VARIR

BÍLAR



BMW X8 í felubúningi á leið í felur inn í flutningabíl á einhvern ónefndan prófunarstað.

Fyrstu myndir af BMW X8

Það er svo sem ekkert leyndarmál að von er á stórum BMW X8 á næstunni. Þýska framleiðandanum hefur samt gengið vel að halda honum undir leyndarhjúp alveg þar til fyrir nokkrum dögum þegar fyrstu njósnamyndir náðust af herlegheitunum. Um dýrasta bíl í BMW-línunni verður að ræða þegar hann kemur á markað. BMW virðist fara sömu leið með X7 og X8 eins og gert var með X1 og X2, þar sem að X2 er sportlegri útgáfa af sama bíl í grunninn.

Eins og sést vel á myndinni er þakið lægra en á X7 og hallar meira niður að aftan. Einn af keppinautum bílsins verður Porsche Cayenne og þá líka Cayenne Coupe miðað við þetta.

BMW sótti um einkaleyfi á X8 M um daginn, sem gefur til kynna að öflugri útgáfa sé á leiðinni líka. Í BMW X5 M er 616 hestafla V8 vél sem líklegt er að fari í þennan líka.

Þegar myndin er skoðuð vel sést að á bílstjórahurðinni er miði sem segir „Hybrid Test Vehicle“ eða prófunartvinnbíll. Þar sem X8 byggir á sama CLAR undirvagni og X5 og X7 er mjög líklegt að hann verði boðinn í svipaðri tengiltvinnútgáfu og X5 xDrive45e. Í honum er þriggja lítra línuvél ásamt 111 hestafla rafmótor sem samtals skila 394 hestöflum.

Með 24 kWst rafhlöðu er bíllinn með um 80 km drægi. Áætlað er að BMW X8 komi á markað seint á árinu 2022 en óvíst er hvort hann verði boðinn hérlendis.

Hyundai Kona EV innkallaður í Kóreu

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Hyundai hefur innkallað 25.564 Kona EV rafbíla í Suður-Kóreu vegna hættu á bruna í rafhlöðum þeirra. Samkvæmt vefmiðlinum Automotive News Europe ætlar Hyundai að innkalla 51.000 slíka bíla í Evrópu, Kína og Norður-Ameríku á næstu dögum.



Frá því að Hyundai Kona EV kom á markað í fyrra hafa 337 slíkir verið fluttir til landsins.

Hyundai hefur þegar sagt í yfirlýsingu að verið sé að tilkynna NHTSA Umferðaröryggismálastofnuninni í Bandaríkjunum um væntanlega innköllun. Alls eru 37.366 Hyundai Kona EV í Evrópu og hefur nokkur fjöldi þeirra verið seldur hérlendis. Að sögn Heiðars Sveinssonar, framkvæmdastjóra Hyundai á Íslandi, hafa engin tilvik sem þessi komið upp hér á landi.

„Við erum að skoða þessi mál með Hyundai Europe til að afla frekari upplýsinga um hvort innkallanirnar eigi við um bíla hér. Jafnskjótt og þau svör liggja fyrir og í ljós kemur að innkalla þurfi bíla á Íslandi munum við grípa til ráðstafana í samræmi við fyrirmæli framleiðandans og gera eigendum viðvart. Við munum að sjálfsögðu taka þetta mál föstum tökum ef kemur í ljós að þetta eigi við hér á landi,“ segir Heiðar.

16 brunar á heimsvísu

Samkvæmt samgönguráðuneyti Suður-Kóreu er innköllunin vegna hugsanlegs skammhlaups í gallaðri rafhlöðu bílsins sem leitt getur til bruna. Alls hafa 16 Hyundai Kona EV brunnið á heimsvísu samkvæmt kóresku fréttastofunni Yonhap. Einn bruninn átti sér stað í kóresku borginni Daegu í maí þar sem kviknaði í bílnum í bílageymslu, en bíllinn var í hleðslu á hraðhleðslustæði.

LG Chem, sem er framleiðandi rafhlaða í Hyundai Kona EV, segir að ekki sé galla í rafhlöðu um að kenna og að endanleg orsök sé enn óráðin.

Bílar þeir sem innkallaðir verða í Suður-Kóreu munu fá uppfærslu á hugbúnaði og verður skipt um rafhlöðu í völdum bílum eftir skoðun. Áætlað er að þetta muni kosta Hyundai um 600 milljarða wona, eða yfir 72 milljarða íslenskra króna.

» Innköllun Hyundai Kona EV er vegna hugsanlegs skammhlaups í gallaðri rafhlöðu. Kviknað hefur í 16 slíkum bílum á heimsvísu samkvæmt kóresku fréttastofunni Yonhap.



Brunninn Hyundai Kona EV í bílageymslu í Daegu. MYND/SLÖKKVILIÐ DAEGU



Ísland vill sjá þig



Nissan X-trail tekna '19, sjálfskiptur, ekinn 64 þús. km. **Verð:** 5.490.000 kr.



SsangYong Rexton Hlx '16, sjálfskiptur, ekinn 77 þús. km. **Verð:** 4.290.000 kr.



Opel Mokka X innovation '18, sjálfskiptur, ekinn 72 þ. km. **Verð:** 3.390.000 kr.



Renault Captur Intens '19. sjálfskiptur, ekinn 57 þús. km. **Verð:** 2.990.000 kr.



SsangYong Korando Dlx '18, sjálfskiptur, ekinn 12 þús.km. **Verð:** 3.990.000 kr.



SsangYong Tivoli HLX '20, sjálfskiptur, ekinn 21 þús. km. **Verð:** 3.590.000 kr.



Opel Crossaland X enjoy '19, beinskiptur, ekinn 44 þús. km. **Verð:** 2.190.000 kr.



Chevrolet Sparki LT '15, beinskiptur, ekinn 133 þús. km. **Verð:** 590.000 kr.



Toyota C-hr Hybrid '19, sjálfskiptur, ekinn 44 þús. km. **Verð:** 3.690.000 kr.



Opel Insignia Cosmo '17, sjálfskiptur, ekinn 59 þús. km. **Verð:** 2.850.000 kr.

Meira úrval á notadir.benni.is

Reykjanesbær
Bílasala suðurnesja
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 12-17

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bílaþing Benna Notaðir bílar

* Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.



Við bjóðum þér betra sæti!

Þetta er Cliff frá Het Anker

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS



Ragnheiður við styttuna af Tómasi.
MYND/REYKJAVÍKURBORG

Ragnheiður fær Bókmenntaverðlaun Tómasar árið 2020

Ragnheiður Lárusdóttir hlýtur Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2020 fyrir handrit sitt að ljóðabókinni 1900 og eitthvað. Bókin, sem er fyrsta bók höfundar, kemur út hjá bókaforlaginu Bjarti.

Verðlaunahafinn tók við verðlaunaskjali og blómvendi við styttu skáldsins Tómasar Guðmundssonar. Verðlaunafé er ein milljón króna.

1900 og eitthvað er fyrsta ljóðabók Ragnheiðar en hún hefur birt stök ljóð í gegnum tíðina, meðal annars í Lesbók Morgunblaðsins, á vefritinu Lestrarklefinn og á eigin Facebook-síðu. Að eigin sögn hefur hún fengist við að skrifa ljóð frá því hún lærði að skrifa og hefur átt sér þann draum lengi að gefa út bók, þótt hún hafi hingað til geymt handritin í skúffunni heima.

„Það er dásamleg og merkileg lífsreynsla þegar draumar rætast. Í dag tek ég við Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar fyrir fyrsta handritið sem ég reyni að koma á framfæri og á sama tíma kemur það út á bók. Ég er innilega glöð og þakklát," segir Ragnheiður.

Ragnheiður er fædd árið 1961. Hún er íslenskukennari við Menntaskólann í Kópavogi og lauk meistaranámi í kennslu listgreina frá Listaháskóla Íslands 2016 auk þess sem hún hefur lokið söngkennaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík.

Einasta kímniskáld Íslendinga

Jón Hjaltason sagnfræðingur hefur skrifað ævisögu Káins. Segir að markmiðið hafi verið að vita allt um Káin, sem hann telur hafa verið snilling. Vinnan tók rúm tvö ár.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Jón Hjaltason við minnismerki um Káin. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Jón Hjaltason sagnfræðingur segir sögu Káins í nýútkominni bók sinni: Fæddur til að fækka tárum – Káinn – Ævi og ljóð.

Um ástæðu þess að hann ákvað að skrifa bók um Káin segir Jón: „Ætli það hafi ekki verið ljóðin hans sem kveiktu í mér einhvern neista, forvitni um manninn sem gat ort eins og honum væri nokk sama um heiminn, en líka þannig að tárin leita fram í augun. Mér fannst líka skítt hversu erfitt var að finna eitthvað um hann á prenti en vogaði þó ekki sjálfur að bæta úr því. Svo var það eftir mikla ráðstefnu um Káin, sem haldin var sumarið 2017 – og auðvitað í fæðingarbæ hans, Akureyri – að ég beit í mig að þetta gengi ekki lengur. Nú yrði ég að láta á það reyna hvort gerlegt væri að koma ævi Káins í orð og á prent svo að allir gætu kynnst þeim snillingi sem ég tel hann hafa verið."

Ómögulegt markmið

Útkoman er 370 síðna bók. Jón segir að þeir Káinn hafi í rúm tvö ár gengið saman í gegnum súrt og sætt. Mikil heimildavinna fylgdi skriftunum. „Hjá því varð ekki komist. Markmiðið var hið ómögulega, að vita allt um Káin. Fyrst um uppeldisár hans á Akureyri og í Eyjafirði, en 19 ára fluttist hann vestur um haf og kom aldrei heim til Íslands aftur. Og ég fylgdi í kjölfarið, fyrst til Winnipegborgar, þar sem Káinn bjó í allmörg ár, í Duluth átti hann heima í skamman tíma en lengst bjó hann í Norður-Dakóta. Ég lá líka löngum stundum í ljóðapælingum, en ljóð Káins eru mikilvæg heimild um ævi hans. Ég vildi nota ljóðin og setja þau í samband við það sem var að gerast í ævi skáldsins hverju sinni. Finna kveikju þeirra.

Gamansamur kunningi hafði á orði hvort ég gerði nokkuð annað en að skrifa um ferðir Káins í og úr fjósi. Og þetta var sannast sagna það sem ég óttaðist, að ekki væri nægur efniviður í ævisögu skáldsins. En annað kom á daginn. Hann gat aldrei á sér setið að skjóta kímniskotum á deilugjarna samlanda sína. Glíman við ævi Káins gaf mér þannig afskaplega skemmtilegt sjónarhorn á sögu Vestur-Íslendinga.

> ÉG VILDI NOTA LJÓÐIN OG SETJA ÞAU Í SAMBAND VIÐ ÞAÐ SEM VAR AÐ GERAST Í ÆVI SKÁLDSINS HVERJU SINNI.

Það varð mér því mesta undrunarefnið og um leið mest fagnaðarefni, að bókin um Káin skyldi verða til. Sú fyrsta held ég sem skrifuð er um Íslending sem var aldrei annað en óbreyttur verkamaður – sem ég er óneitanlega svolítið stoltur af."

Bölið undarlega

Spurður hvernig maður Káinn hafi verið segir Jón: „Drykkfelldur er fyrsta orðið sem kemur í hugann, sem er svolítið merkilegt ef við höfum í huga þá staðreynd að 1893 fluttist hann til Norður-Dakóta og þar andaðist hann 1936, en nær allan þann tíma var algert áfengisbann í ríkinu. Önnur mótsögn – eða að minnsta kosti þversögn – er að Káinn, sem ég vil kalla einasta kímniskáldið sem við Íslendingar höfum átt, stríddi við þunglyndi. En áfengið létti lund hans eða „bölið undarlega", eins og hann nefndi undir rós svartan skuggann í sál sinni. Trygglyndi er þriðji eðliskostur Káins sem vert er að nefna. Hann gerðist vinnumaður hjá ekkju, lagði líf sitt í hættu við að bjarga þremur dætrum hennar – sem kom þó fyrir ekki – og grátandi bjó hann húsmóður sinni gröf: „ég býr um þig, elskan mín góð."

Jón er spurður hvort Íslendingar muni enn eftir skáldinu og svarar: „Á ráðstefnuna sem ég minntist á komu um 400 manns ef ég man rétt. Baggalútur hefur líka lagt sig eftir að halda minningu hans á lofti og ógleymanlegt er viðtal Egils Helgasonar við Stínu litlu sem Káinn orti um: „Gegnum lífið lýsir mér / ljósið augna þinna." Og mér finnst fólk yfirleitt með á nótunum þegar það hefur spurt mig hvað ég hefði fyrir stafni og ég einfaldlega svarað: Ég er að skrifa ævisögu Káins."



Femínísk sýn á loftslagsvandann

RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum stendur að fyrirlestraröð á haustmisseri 2020 sem er tileinkuð loftslagsbreytingum út frá kynja- og jafnréttissjónarhorni, undir yfirskriftinni „Femínísk sýn á loftslagsvandann". Fyrirlestrarnir eru rafrænir þar til aðstæður leyfa að þeir verði haldnir í Þjóðminjasafni Íslands.

Fyrirlestraröðin hófst á erindi Arnfríðar Guðmundsdóttur, prófessors í samstæðilegri guðfræði við Háskóla Íslands: „Spurning um réttlæti og von. Viðbrögð femínískrar guðfræði við yfirvofandi hamfarahlýnun." Fyrirlesturinn er aðgengilegur á heimasíðu RIKK og á Facebook.

Fimmtudaginn 8. október var það síðan Auður Aðalsteinsdóttir, ritstjóri hjá Háskólaútgáfunni, sem flutti fyrirlesturinn „Hún hafði fullar gætur á örlögunum og allri eyjunni". Karlar, konur og náttúra í verkum Gyrðis Elíassonar og Tove Jansson". Fyrirlesturinn er aðgengilegur á heimasíðu RIKK og á Facebook.



Rætt var um karla, konur og náttúru í verkum Gyrðis Elíassonar skálds.

Næst á dagskrá í fyrirlestraröðinni er Andrea Marta Vigfúsdóttir, sérfræðingur hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, með fyrirlesturinn „Kynjahlutverk og jafnrétti á Norðurslóðum. Áskoranir og framtíðarsýn" sem verður haldinn þann 29. október.

Þann 12. nóvember spyr Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor í guðfræðilegri siðfræði: „Liggja rætur vistkerfisvandans í kristnum hugmyndaheimi? Svör nokkurra kristinna vistfemínista".

Unnur Birna Karlsdóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Austurlandi, rekur loks smiðshöggið á fyrirlestraröðina 10. desember með erindinu „Konan sem kannaði leyndardóma jöklanna. Emma Todtmann og rannsóknir hennar á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar".

Dagskrá hádegisfyrirlestraraðarinnar og nánari upplýsingar um hana má finna á heimasíðu RIKK.



Kristín við voldugt verk Ernu Skúladóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Upplifun tengd loftslagsmálum

Listamenn frá Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi sýna í Listasafni Árnesinga. Verkin tengd upplifun þeirra af loftslagsmálum.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Norðrið er yfirskrift samsýningar listamanna frá Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi sem nú stendur yfir í Listasafni Árnesinga Hveragerði. Listamennirnir sem eiga þar verk eru Arngunnur Ýr, Erna Skúladóttir, Ulrika Sparre, Pétur Thomsen, Ingibjörg Friðriksdóttir og Nestori Syrjälä. Sýningarstjóri er Daría Sól Andrews.

Kristín Scheving hefur starfað sem safnstjóri listasafnsins síðan í febrúar. „Þegar ég hóf störf hitti ég sýningarstjórann, Daríu Sól, sem var þá búin að vinna að þessu verkefni í þrjú ár með listamönnum en allir eru þeir að spá í loftslagsmál sem er þema sýningarinnar. Hún fékk einnig í lið með sér vísindamenn sem skrifa í sýningarskrána."

Verk listamannanna eru tengd upplifun þeirra á því sem er að gerast í loftslagsmálum, eins og Kristín nefnir: „Erna Skúladóttir vann uppi á Sólheimajökli og tók mót af því sem er að koma undan jöklinum, sem er jarðefni sem hefur ekki sést í milljónir ára. Pétur Thomsen tekur myndir af Ingólfsfjalli þar sem verið er að búa til nýjan Suðurlandsveg. Á myndum hans sér maður fjallið nánast vera rifið á hol. Verkið er enn í mótun því Pétur er að mynda ferlið og mun bæta við myndum. Núna eru myndir hans fimmtán en munu alls verða tuttugu og átta."

Listamennirnir vinna í mismunandi miðla, á sýningunni eru til dæmis hljóð-og vídeóverk eftir Ingibjörgu Friðriksdóttur þar sem hún tengir saman sjónræna þætti og tónlist. „Arngunnur Ýr vinnur í málverkinu, hún hefur verið að ferðast um landið sem leiðsögumaður og sér landslagið úr fjarska en aðrir listamenn fara alveg ofan í rótina, eins og Pétur og Erna. Ulrika Sparre sýnir einnig vídeóverk, vídeóstillur og svo spáir hún í steinana og jarðveginn og er búin að vera að stúdera á vísindalegan hátt hvernig landið okkar er byggt og hvað er að gerast á norðurslóðum," segir Kristín.

Hún segir verk Nestori Syrjälä hafa vakið sérstaka athygli sýningargesta. „Hann lét búa til teppi í Finnlandi og sendi hingað. Verkið sem heitir Bláa Glerkúlan sýnir alþekkta mynd af jörðinni séð frá geimnum og fólk á að ganga á því. Það er áminning til okkar um það hversu mikið við erum að trampa á jörðinni."

Hægt er að nálgast hlaðvarpsþætti um sýninguna á heimasíðu safnsins.

Sýningin Norðrið stendur til 20. desember.



Myndaröð Péturs Thomsen sýnir fjall nánast rifið á hol.



Kristín stendur á verki Nestori Syrjälä sem á að sýna hvernig við trömpum á Jörðinni.

VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um vörubíla og vinnuvélar kemur út föstudaginn 23. október nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

DAGSKRÁ

Fimmtudagur



í kvöld kl 19.40

Fjórði umræðuþátturinn um COVID-19 í umsjón Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur og Sigmars Guðmundssonar.

Fjallað um eftirköst COVID-19 og áhrif faraldursins á andlega líðan þjóðarinnar.

Sem endranær svara framlínan og sérfræðingar spurningum sem brenna á landsmönnum.

Tekið er á móti fyrirspurnum á rúv.is og netfangið covid19@ruv.is.

Þátturinn er með táknmálstúlkun á RÚV 2 og 888-texta á RÚV.

RÚV okkar allra

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál - sígildur þáttur Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Sir Arnar Gauti Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og mörgu, mörgu fleiru.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.35 Spaugstofan 2005 - 2006
09.55 Gestir og gjörningar
10.40 Sætt og gott
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Heimaleikfimi
11.40 Klofningur
12.35 Eftir Inez
13.35 Maður er nefndur Ólafur Skúlason
14.10 Gettu betur 2016 MH - MÍ
15.15 Séra Brown
16.00 Myndavélar
16.10 Manstu gamla daga? Blómatímabilið
17.10 Okkar á milli
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Allt í einum graut
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Umræðuþáttur um COVID-19 þar sem sérfræðingar svara meðal annars spurningum landsmanna. Hægt er að senda inn spurningar á netfangið covid19@ruv.is. Þátturinn er táknmálstúlkaður á Rúv2.
20.35 Reikistjörnurnar í hnotskurn. Planets - Minisodes
20.40 Tracey Ullman tekur stöðuna
21.10 Þýskaland '86. Deutschland '86
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin. Chicago PD
23.00 Babýlon Berlín
23.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour 2020 Útsending frá Shriners Hospitals for Children Open á PGA.
11.00 European Tour 2020 - Highlights
11.30 European Tour 2020 Bein útsending frá Scottish Championship á Evrópumótaröðinni.
16.35 PGA Tour. The Cut Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni.
17.00 LPGA Tour 2020 Útsending frá KPMG Women's PGA Championship á LPGA Tour.
21.00 PGA Tour 2020 Útsending frá The CJ Cup @ Shadow Creek á PGA Tour.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Broke
14.25 The Block
15.25 90210
16.30 Family Guy
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 American Housewife
19.30 Single Parents
20.00 Hver ertu?
20.45 Almost Family
21.35 Tommy
22.25 How to Get Away with Murder
23.10 Love Island
00.05 The Late Late Show
00.15 Blue Bloods
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Nancy Drew
02.30 Charmed (2018)
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið „Í netið!" mæta Eldspýtunum.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Tónlistarkvöld útvarpsins. Niður - Þytur - Brak
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.30 The Apollo
13.05 Manglehorn
14.40 Love Exclusively
16.10 The Apollo
17.50 Manglehorn
19.25 Love Exclusively
21.00 Charlie's Angels Frábær mynd sem sló rækilega í gegn með einvala liði leikara. Natalie, Dylan og Alex eru hörkukvendi sem hræðast ekki neitt. Þær starfa hjá spæjaraþjónustu Charlies. Næsta verkefni þeirra er að bjarga tækniséníinu Eric Knox úr höndum mannræningja.
22.35 Sometimes the Good Kill
00.05 Superfly
01.55 Charlie's Angels

STÖÐ 2

07.55 Heimsókn
08.20 The Good Doctor
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Divorce
10.35 All Rise
11.15 Sendiráð Íslands
11.40 Fresh off the Boat
12.00 Tveir á teini
12.35 Nágrannar
12.55 Golfarinn
13.25 Leitin að upprunanum
14.20 Date Night
15.45 Teen Spirit
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.50 Ísland í dag
19.10 Shipwrecked
20.00 Masterchef UK
20.30 LA's Finest
21.20 NCIS. New Orleans
22.05 Real Time With Bill Maher
23.05 The Sandhamn Murders
00.40 Mr. Mercedes
01.35 Mr. Mercedes
02.25 Mr. Mercedes

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.40 Mom
21.00 Who Do You Think You Are?
22.00 Ríkið
22.25 Nashville
23.05 The Hundred
23.50 The Hundred
00.25 Friends
00.50 Friends
01.10 Mom

STÖÐ 2 SPORT

07.40 Breiðablik - Fylkir Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
09.25 HK - KR
11.05 Víkingur R. - KA
12.50 11. umferð Guðmundur Benediktsson fer yfir síðustu umferð Pepsi Max deildar karla.
14.20 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
14.50 KA - FH Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
16.55 Keflavík - Grindavík Útsending frá leik í Lengjudeild karla.
18.50 Breiðablik - HK Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
21.15 Pepsi Max Tilþrifin - 19. umferð Kjartan Atli Kjartansson fer yfir leiki dagsins í Pepsi Max deild karla ásamt sérfræðingi. Öll mörkin og atvikin úr leikjunum, auk þess sem rætt er við þjálfara og leikmenn.
22.00 KA - FH Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
23.40 Fylkir - Valur Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.

STÖÐ 2 SPORT 2

09.00 Ítalía - Holland
10.40 England - Danmörk
12.20 Ísland - Belgía
14.15 Markaþáttur Þjóðadeildar Evrópu
14.45 NFL Útsending frá leik í NFL.
17.15 NFL Gameday
17.45 Ítalía - Holland
19.25 England - Danmörk
21.05 Ísland - Belgía
23.05 Markaþáttur Þjóðadeildar Evrópu

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

EXTRA ÓDÝRT

FLORIDANA SAFI 3X250 ML
169
KR/PK
225 KR/L



TIL HAMINGJU
20%
AFSLÁTTUR
6 TEG



ANOLON POTTASETT 5 STK
17799
KR/PK

COSTCO VARA Á COSTCO VERÐI



HIMNESK HOLLUSTA MAÍSKÖKUR 2 TEG 50/120 G
129
KR/STK
2580/1075 KR/KG



KIMS SNAKK- 3 TEG 250G
299
KR/STK
1196 KR/KG



BLÁBER DRISCOLL'S 125 G
399
KR/STK
3192 KR/KG



HIMNESK HOLLUSTA MAÍSKÖKUR 100 G
229
KR/STK
2290 KR/KG



OATLY SÚKKULAÐI HAFRAMJÓLK 1 L
399
KR/STK
399 KR/L



MYLLAN LÍFSKORN BRAUÐ 200 G
249
KR/STK
1245 KR/KG



PERFECTLY CLEAR WATER 24X500 ML
1389
KR/PK
116 KR/L

COSTCO VARA Á COSTCO VERÐI



OATLY SÚKKULAÐI HAFRAMJÓLK 250 ML
399
KR/STK
399 KR/L



EXTRA

Kemur með Costco til þín...

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík • Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ

Tilboðið gildir 15-28 október 2020



Júlíana segir þær stöllur eiga margt sameiginlegt með karakterunum sem þær leika. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Lífið er ekki Disneymynd

Þriðja sería sjónvarpsþáttanna Venjulegt fólk kom inn á Sjónvarp Símans í gær. Þættirnir fjalla um vinkonurnar Júlíönu og Völu. **Júlíana Sara** fer með hlutverk Júlíönu.

Þriðja sería þáttanna Venjulegt fólk kom í Sjónvarp Símans í gær en þáttaröðin hefur slegið hvert áhorfsmetið á fætur öðru. Sýningarréttur á þáttunum var meðal annars keyptur af bandarísku stöðinni MHz Networks í fyrra. Þættirnir fjalla um vinkonurnar Júlíönu og Völu, sem leiknar eru af Júlíönu Söru Gunnarsdóttur og Völu Kristínu Eiríksdóttur. Þættina skrifa þær í samvinnu við Dóra DNA og Fannar Sveinsson, en sá síðarnefndi sér einnig um leikstjórn.

„Í þessum þremur seríum fylgjumst við með vinkonusambandi þeirra Völu og Júlíönu og hvernig þær takast á við lífið og tilveruna. Júlíana er gift tveggja barna móðir en Vala er ekki í sambandi þegar við byrjum söguna. Þær eiga þó margt sameiginlegt en þær voru saman í leiklistarskóla svo þær hafa svipaða drauma og væntingar. Þegar fram líða stundir breytist staða mála hjá þeim, bæði í persónulega lífi og í starfi. Venjulegt fólk er dramakómík-sería um venjulegt fólk og baráttu þess til að fá farsælan endi í lífi sem er ekki Disneymynd heldur blákaldur raunveruleiki," segir Júlíana Sara.

Grunnþættirnir þeir sömu

Júlíana segir Njál Þórðarson heitinn hjá Símanum hafa haft samband við þær á sínum tíma og falast eftir samstarfi.

„Ég man að fyrsta hugmyndin sem við Vala vorum með var allt önnur en við svo gerðum. Við fengum síðan Fannar til liðs við okkur en ég man svo vel eftir því þegar að hann horfði á okkur Völu bulla fram einhverjar hugmyndir þegar að hann sagði svo: „Af hverju gerum við ekki bara seríu um nákvæmlega þetta? Tvær leikkonur sem vita ekkert hvað þær eru að gera?" Úr því spratt svo hugmyndin að Venjulegu fólki og þá bættist Dóri við í hópinn en síðan leikstýrir Fannar einnig," segir hún.

Þegar þau hófu skriftir segir Júlíana að efnið hafi verið mjög nærri þeim.

„Ég er tveggja barna móðir, var gift og Vala var ekki í sambandi. Bara nákvæmlega eins og hjá Júlíönu og Völu í þáttunum fyrst. Grunnþættirnir voru þeir sömu en allt hitt ýktum við eða skáldum. Því meira sem við skrifuðum því fjær fórum við frá okkar persónulega raunveruleika en Vala hefur auðvitað eiginleika sem eru líkir Völu í þáttunum og það sama gildir um mig og minn karakter," segir hún.

Sögur úr eigin lífi

Hún segir þó að sama skapi margt skilja þær frá karakterunum í þáttunum.

„Það sem mér finnst vera ólíkt Völu með Völu í þáttunum er að Vala er svo miklu meira „með þetta" heldur en Vala í þáttunum. Ég leita frekar til hennar en í þáttunum leitar hún frekar til mín. Það sem er mjög ólíkt með mér og karakternum mínum er að hún lifir í ákveðnum ramma og er svolítið ferköntuð með hluti. Vala segir að ég sé mun meira „wild child" en karakterinn sem ég leik. Mér þykir svakalega vænt um hana en ég tengi auðvitað sterkt við hana þar sem hún hefur marga eiginleika sem eru líkir mínum og margt sem hefur gerst í hennar sögu hefur einnig gerst í minni."

> **ÞVÍ MEIRA SEM VIÐ SKRIFUÐUM ÞVÍ FJÆR FÓRUM VIÐ FRÁ OKKAR PERSÓNULEGA RAUNVERULEIKA EN VALA HEFUR AUÐVITAÐ EIGINLEIKA SEM ERU LÍKIR VÖLU Í ÞÁTTUNUM OG ÞAÐ SAMA GILDIR VIÐ MIG OG MINN KARAKTER.**

Verandi fjögur í handritateyminu segir Júlíana þau hafa töluvert af skemmtilegum sögum sem þau hafa náð að lauma inn í handritið.

„Ég hef notað nokkrar sögur úr mínu eigin lífi og við notum líka margt sem við tengjum við en til að gera senurnar jafnvel kómískari þá ýkjum við aðstæður."

Júlíana segir samstarfið hafa gengið nokkuð vel.

„Við erum auðvitað góðir vinir og höfum mjög svipaðan húmor sem kemur sér mjög vel í skrifunum en svo erum við náttúrulega ekkert alltaf sammála og margt sem kemur upp á sem við þurfum að tækla saman en við höfum alltaf verið sátt með framvindu sögunnar á endanum."

Sluppu við seinni bylgju

Fresta þurfti tökum á nýju seríunni vegna COVID-19.

„Við rétt sluppum við seinni bylgjuna en hún kom upp degi eftir síðasta tökudag. Mér finnst við bara hafa verið virkilega lánsöm að hafa náð að taka seríuna upp en ég er mjög þakklát fyrir það."

Sjálf reynir Júlíana að taka þessum fordæmalausu tímum með stóískri ró.

„Ég hef auðvitað átt daga þar sem ég bölva þessari veiru en svo hefur það bara ekkert upp á sig. Það er auðvitað aðeins meiri óvissa sem fylgir því að vera leikari á COVID-tímum en hingað til hefur þetta allt saman gengið upp og ég treysti bara Guði fyrir framhaldinu. Það er ýmislegt á döfinni en svo veit maður ekkert hvað er skynsamlegt að opinbera svona í miðjum heimsfaraldri, þar sem við höfum öll séð hvað hlutir geta fljótt breyst."

Draumurinn að leika

Júlíana segir sig hafa langað til að verða leikkona alveg frá því hún man eftir sér.

„Á unglingsárunum æfði ég mikið frjálsar íþróttir og var á fullu í þverflautunámi, svo fókusinn og tíminn fór eiginlega alfarið þangað. Það var síðan ekki fyrr en ég var í leikriti í Versló sem Orri Huginn Ágústsson leikstýrði þar sem ég áttaði mig á því að þetta var það sem ég vildi gera. Ég vil meina að hann eigi stóran þátt í því að ég ákvað að láta drauminn rætast en þarna kom áhuginn allur aftur, sem varð til þess að ég fór í leiklistarnám til London að loknu stúdentsprófi," segir hún.

Á hún sér eitthvert draumahlutverk?

„Ég man að ég sá „Fjölskylduna" eða „August Osage County" eftir Tracy Letts í Borgarleikhúsinu þegar ég var í menntaskóla. Ég man að þetta stykki heltók mig og ég hef reynt að brjóta heilann yfir því af hverju þetta hafði svona mikil áhrif á mig, fyrir utan auðvitað hvað þetta var vel gert hjá þeim, en ég tengdi undarlega mikið við þetta. Draumakarakterinn er vel eldri en ég svo ég hef nokkur ár til að undirbúa mig fyrir það hlutverk," segir Júlíana.

steingerdur@frettabladid.is

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

STILLANLEG RÚM

20–35% AFSLÁTTUR



VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ

296.010 KR

VERÐ 455.400 KR

STÆRÐ 2X90X210

Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

ILVA

Sparaðu

20-25%

AF ÖLLUM SÓFUM, SÓFABORÐUM OG HÆGINDASTÓLUM

8. OKTÓBER - 2. NÓVEMBER

20%



NÚ 95.920
SPARAÐU 23.980

CLEVELAND SÓFI. Legubekkur + 2 sæti. L231 x D140 cm. Ljósgrátt áklæði. 119.900 kr. **NÚ 95.920 kr.**

20%



RICHMOND SÓFABORÐ. Eikarspónn með fiskibeinamynstri. 140x70 cm. 64.900 kr. **NÚ 51.920 kr.**

20%



Frí heimsending
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA

CORBY SÓFABORÐ.
Ø80 x H45 cm. 69.900 kr.
NÚ 55.920 kr.

20%



GAIN HÆGINDASTÓLL.
Ýmsir litir. 44.900 kr. **NÚ 33.920 kr.**



39%

PAZ HÆGINDASTÓLL.
Svart leður. 64.900 kr. **NÚ 39.900 kr.**



25%

RETINA SKEMILL. Með geymslu. Ýmsir litir. Ø60 cm. 18.900 kr. **NÚ 15.120 kr.**

20% AFSLÁTTUR AF SÉRPÖNTUÐUM SÓFUM

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 - www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

Fullur „bönker“ af fólki og sögum í Prag

Almar Örn Hilmarsson, fyrrverandi forstjóri Sterling Airlines og Iceland Express, nýtur þess að vera jarðbundinn í Prag og styttir sér stundir með því að ræða við áhugavert fólk í hlaðvarpi sínu.

Þetta varð allt öðruvísi en ég bjóst við. Ég ætlaði náttúrlega alltaf að tala sjálfur. Fannst ég vera æðislegur og hélt að ég gæti fengið einhverja athygli og mokað eitthvað í svartholið,“ segir Almar Örn Hilmarsson um nýtt hlaðvarp þar sem hann ræðir við áhugavert fólk sem hefur orðið á vegi hans.

„En svo er það ekkert þannig. Þegar þú ætlar að vera að tala við annað fólk þá verður þú náttúrlega að leyfa því að tala,“ segir Almar sem hefur meðal annars stjórnað flugfélögunum Iceland Express og Sterling en unir nú hag sínum vel í Prag þar sem hann hefur búið um árabil og er nú að hasla íslenska atvinnuleitarappinu Alfreð völl í Tékklandi.

„Hvar sem ég hef komið hef ég eignast vini í alls kyns kreðsum,“ segir Almar og vitnar í móður sína sem hefur í gegnum tíðina oft spurt af hverju hann geti ekki átt venjulega vini. „En það er eitthvað sem hefur gert það að verkum að mér gengur ágætlega að kynnast fólki frá öllum stigum samfélagsins. Ég er nú bara þannig gerður að ég dæmi ekki fólk eftir því hvaðan það kemur, hvort það á pening eða hvað það gerir,“ segir Almar sem er því ekki í vandræðum með að fylla Bönkerinn af fólki og skemmtilegum sögum.



Almar ætlaði að fá útrás með því að tala út í eitt þangað til hann mundi að til þess að halda uppi samræðum þarf líka að gefa viðmælandanum orðið.



„Ég er eiginlega svolítið búinn með þetta. Sit á friðastóli, er það ekki alltaf sagt?“ segir Almar sem saknar ekki flugbransans í hlaðvarpshljóðverinu í Prag. MYNDIR/AÐSENDAR

Umkomulaus með hundinn

„Þegar þessi COVID-vitleysa byrjaði í vor þá var ég einhvern veginn umkomulaus heima og hafði ekkert að gera nema vera úti með hundinn og reyna eitthvað að spila á gítarinn með dapurlegri útkomu og þá svona einhvern veginn hugsaði ég með mér að ég yrði að fá einhvers konar útrás,“ segir Almar sem fannst hann vanta vettvang þar sem „ég get bara verið ég sjálfur og þarf hvorki að þóknast einhverjum öðrum né klæða mig í einhvern búning og þá kom þetta einhvern veginn upp.

Þá svona fór ég að hugsa að þetta væri nú áhugavert fólk sem ég þekki og þetta var einhvern veginn það sem mig langaði að gera,“ segir Almar sem hafði þar með fundið upphafsreitinn þótt framtíðin sé óráðin.

Allir eiga sögu

„Þetta er náttúrlega ekkert endanlegt og þetta er bara ég á þetta, ég má þetta, eins og Hannes Smárason sagði. Þannig að ég get í rauninni farið með þetta hvert sem mig langar en eins og þetta er núna er ég að reyna að fá fólk til þess að segja frá lífinu eins og það kemur af kúnni og ekkert vera að búa eitthvað til með einhverju glimmeri.

Fólk kemur þarna bara og segir mér frá lífshlaupinu og hvað það er að fást við og ég hef helvíti gaman af þessu. Það er bara þannig,“ segir Almar og bætir við að allt snúist þetta um að reyna að fá fólk til þess að opna sig.

„Það eiga allir sögu og þú þarft ekkert að vera Bubbi Morthens til þess að hún verði áhugaverð og mér hefur alltaf gengið vel að tala við fólk og fólk treystir mér,“ segir Almar og nefnir fyrsta gestinn í Bönkernum sem dæmi.

> **ÞAÐ EIGA ALLIR SÖGU OG ÞÚ ÞARFT EKKERT AÐ VERA BUBBI MORTHENS TIL ÞESS AÐ HÚN VERÐI ÁHUGAVERÐ.**

Sá heitir Kraig Casebier og er bandarískur þriðju kynslóðar rakari sem endaði í Prag eftir miklar andlegar hremmingar og rekur þar rakarastofuna American Barber in Prague þar sem Almar lætur einmitt snyrta hár sitt og voldugt skegg.

Rakaraspjall

„Ég fékk þennan rakara minn, sem ég kynntist fyrir nokkrum árum, til þess að koma og vissi að það var eitthvað í honum og hann sagði bara í þessu samtali okkar að hann hefði verið með geðhvarfasýki. Það hefði sett líf hans alveg á hvolf í Bandaríkjunum og endapunkturinn var einhvern veginn að hann flutti til Prag og verður eitthvert íkon. Hann er bara á forsíðum tímarita og hangir með fyrrverandi forseta að fá sér bjór og eitthvað svona. Þetta eru þvílík kaflaskipti í lífi þessa manns frá því að vera bara lyfjaður í tvö ár og muna ekki einu sinni eftir því hvar hann var,“ segir Almar um ameríska rakarann sem varð stjarna í Tékklandi og bætir við að ýmsir áhugaverðir og kynlegir kvistir séu væntanlegir til hans í spjall á næstunni.

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*



SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti mætir aftur á skjáinn með glænýjan lífsstílsþátt. Í þáttunum heimsækir hann falleg og vel hönnuð íslensk heimili og sýnir áhorfendum fyrir og eftir breytingar. Hann kynnir sér íslenska veitingahúsamenningu, skoðar uppbyggingu nýrra hverfa þar sem nútíma arkitektúr er í fyrirrúmi og fjallar einnig um ýmis lífsstílstengd málefni.

Sir Arnar Gauti er á dagskrá Hringbrautar alla fimmtudaga kl. 21:30.

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

HÚSASMIÐJAN

Öryggismiðstöðin og Húsasmiðjan
bjóða landsmönnum upp á Sir Arnar Gauta

HRINGBRAUT

BOSTON CITY

stillanlegt heilsurúm

Dýna, botn, fætur og gafl

Boston City fást í þremur stærðum; 160x200 og 180x200 og 200x 200 cm. Botn, dýna og gafl eru klædd sama dökk- eða ljósgráa, slitsterka áklæðinu sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun. Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring þar sem þú getur stillt rúmið í þá stöðu sem þér hentar hverju sinni.



AFMÆLIS 15% AFSLÁTTUR

DORMA NÝTT Sealy

Boston City stillanleg heilsurúm – dýna, botn, fætur og gafl

160x200 cm	180 x 200 cm	200 x 200 cm
Fullt verð: 479.900 kr.	Fullt verð: 499.900 kr.	Fullt verð: 569.900 kr.

Aðeins **407.915 kr.** **424.915 kr.** **484.415 kr.**



AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR



AVIGNION

hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Grátt áklæði

Fullt verð : 109.900 kr.

Aðeins **87.920 kr.**



AFMÆLIS 15% AFSLÁTTUR

LICATA

hornsófi

Hornsófi River 66 Graphite áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm

Fullt verð: 249.990 kr.

Aðeins **212.415 kr.**



AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR

Nature's Bedding

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Nature's REST LUXURY

heilsurúm með Classic botni

Stærð í cm	Fullt verð m/Classic botni og löppum	**Afmælisverð með botni og löppum**
Rest Luxury 80x200	65.900 kr.	**52.720 kr.**
Rest Luxury 90x200	69.900 kr.	**55.920 kr.**
Rest Luxury 90x210	72.900 kr.	**58.320 kr.**
Rest Luxury 100x200	73.900 kr.	**59.120 kr.**
Rest Luxury 120x200	79.900 kr.	**63.920 kr.**
Rest Luxury 140x200	89.900 kr.	**71.920 kr.**
Rest Luxury 160x200	99.900 kr.	**79.920 kr.**
Rest Luxury 180x200	109.900 kr.	**87.920 kr.**

- Svæðaskipt poka-gormakerfi (20 cm hár)
- 5 misjöfn lög af svampi
- Sterkur botn
- 320 gormar á m^2
- Góðar kantstyrkingar

Charlotte Julien
Dream your world™



AFMÆLIS 15% AFSLÁTTUR*

C&J SILVER

stillanlegt rúm

* ef **C&J Silver** stillanlegur botn er keyptur með **Nature' Rest Luxury** heilsudýnu er **15% afsláttur** af botni og **20% afsláttur** af dýnunni.

- C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótor.
- Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi.
- Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa.
- Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

VERÐDÆMI A: 90 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm með Nature's Rest Luxury heilsudýnu: **Fullt verð: 168.900 kr.**

Aðeins **141.570 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í bæklingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda til 31. október 2020 eða á meðan birgðir endast.

Við mætum þér!

Sendum frítt
um allt land!

Verslaðu á **dorma.is**



FIELDING
svefnsófi

Einstaklega góður og glæsilegur svefnsófi. Bakinu hvolft fram á einfaldan hátt, og þá kemur fram tvíbreið og góð dýna. Fáanlegur í ljós- og dökkgráu slitsterku áklæði.

Fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **159.992 kr.**



Þú finnur afmælisbæklinginn á www.dorma.is



RANA
sjónvarpssófi

2ja og3ja sæta rafdrifnir sjónvarpssófar úr dökkgráu Barry áklæði.
Bæði endasætin eru með innbyggðu skammeli og hægt að halla aftur.

2ja sæta: 160 x 96 H: 102 cm

Fullt verð: 179.900 kr.

Aðeins **107.940 kr.**

3ja sæta: 215 x 96 x H: 102 cm

Fullt verð: 199.900 kr.

119.940 kr.

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Verslun í Kringlunni

JOE BOXER

joeboxer.is

BAKÞANKAR



Kolbeins Marteinssonar

Núna

Ungur drengur gekk ég þungarokkinu á hönd og varð mikill öfgamaður í metal og hafnaði allri annarri tónlist. Með tímanum náðu þó örfáar sakbitnar sælur að snerta stálhjartað. Væri ég í einrúmi gerðist það meira að segja að ég hækkaði í útvarpinu þegar ég heyrði ákveðna smelli með Depeche Mode eða The Cure svo dæmi séu tekin. Síðar lét ég af þessu barnslega óöryggi og opnaði hjarta mitt fyrir allri tónlist kinnroðalaust.

Nú þegar geisladiskarnir eru komnir í geymslu og ég fer í gegnum Spotify staldra ég stundum við áðurnefndar sakbitnar sælur, enda staðreynd að engin tónlist á sama stað í hjarta okkar og sú sem við tókum inn fyrir tvítugt. Það er líka magnað hvernig sum tónlist getur hreiðrað um sig í undirmeðvitundinni og kallað fram sterkar tilfinningar í hvert sinn sem maður heyrir ákveðið lag.

Lagið Cut Here með hljómsveitinni The Cure er eitt þessara laga. Það hverfist um fund söngvarans Robert Smith og gamals vinar, sem svipti sig lífi skömmu síðar. Það fjallar um augnablikið sem skóp síðustu samvistir þeirra og það að Smith hafði ekki tíma til að setjast niður vegna anna sem engu máli skiptu. Síðasta faðmlagið þegar vinurinn tók óvenjufast utan um Smith og svo óendanlegan söknuð og eftirsjá.

Við erum öll upptekin og eigum flest svona augnablik sem eru full af trega og söknuði. Þegar við hefðum getað hringt til baka eða gefið okkur smá tíma í sams konar aðstæðum sem aldrei geta komið aftur. Höfum þetta í huga og gefum okkur tíma næst þegar við hittum einhvern sem okkur þykir raunverulega vænt um. Ef það er ekki tími fyrir kaffibolla þá allavega fast faðmlag. Og lagið heitir Cut Here og er á Spotify.

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk ON THE GO | ORKAN



Kvikk ON THE GO | ORKAN

BYKO

Ljósadagar

25% afsláttur af inniljósum

25% afsláttur af útiljósum

25% afsláttur af LED borðum

25% afsláttur af Curly ljósa-hringjum

Nýtt blað á byko.is



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is